

**SKOÐUN** Guðrún Ögmundsdóttir býður landsmönnum að taka þátt í byltingu. 18



**MENNING** Tækifæri til þess að koma og sjá eitthvað nýtt í dansi. 30



**LÍFIÐ** Matreiðslubókin Heilsuréttir fjölskyldunnar er komin út í Þýskalandi. 46



**SPORT** Heimavöllurinn hefur sjaldan verið eins mikilvægur og einmitt í vetur. 42




Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

með Android

PHILIPS

Heimilistæki ht.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
12. febrúar 2015
36. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



**Mansal í vændi á Íslandi** Mikil tengsl eru á milli vændis og mansals hér á landi. Þetta er niðurstaða Heiðu Bjarkar Vignisdóttur sem rannsakaði tengsl vændis við skipulagða glæpastarfsemi. 12

**Strætó hækkar verð** Strætómiðinn mun kosta 400 krónur fyrir einstakling ef stjórn samþykkir breytta gjaldskrá fyrirtækisins. 6

**Átök fram undan** Ráðherrar hafa 42 daga til að leggja fram frumvörp. 10




18

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -9° | | SA | 4 |
| Akureyri | -8° | | SSV | 2 |
| Egilsstaðir | -7° | | V | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | -7° | | NA | 5 |
| Reykjavík | -6° | | A | 8 |

**Bjartviðri** og fremur hægur vindur fram eftir degi en þykknar upp sunnanlands eftir hádegi með vaxandi vindi í kvöld og snjókomu syðst. Talvert frost. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Hugbúnaður og hugbúnaðargerð | Fólk




# Búa sig undir íbúasprengju vegna sólarkísilverksmiðju

Öll sveitarfélögin innan áhrifasvæðis Grundartanga vinna að stofnun þróunarfélags vegna fyrirhugaðrar iðnaðaruppbyggingar. Framkvæmdir við 450 manna sólarkísilverksmiðju Silicor Materials hefjast líklega í vor.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Þetta er gríðarstórt mál fyrir öll sveitarfélögin í kringum Grundartanga, enda um 450 ný störf að ræða,“ segir Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs á Akranesi.

Sveitarfélögin á atvinnusvæði Grundartanga eru á lokastigum við stofnun þróunarfélags vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á iðnaðarsvæðinu, en þar er ný sólarkísilverksmiðja Silicor Materials og áhrif hennar í forgrunni.

Akranesbær, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Reykjavíkurborg eiga sæti við borðið auk Skorradals- og Kjósarhrepps og Faxaflóahafna.

Undirbúningur þróunarfélagsins er að sögn Ólafs til að skapa samræðuvettvang, enda ljóst að gefa þarf innviðum sveitarfélaganna á svæðinu sérstakan gaum – ef af uppbyggingunni verður.

Ólafur tekur framboð af íbúðarhúsnæði á Akranesi sem dæmi.

„Við verðum að vera í takt með uppbygginguna til að sveitarfélögin verði tilbúin að taka við þessu fólki sem þarna vinnur og fjölskyldum þess – sem gætu orðið tólf til sextán hundruð manns. Þá eru ótalin afleidd störf sem gætu orðið fjölmörg einnig,“ segir Ólafur og bætir við að bæjaryfirvöld á Akranesi hafi skólamálin þegar til sérstakrar skoðunar vegna uppbyggingaráformanna.

Davíð Stefánsson, talsmaður Silicor á Íslandi, segir að fjármögnun sólarkísilverksmiðju fyrirtækisins á Grundartanga ætti að vera lokið í mars eða byrjun apríl. Framkvæmdir geti hafist á vormánuðum og að unnt verði að ná fullum afköstum árið 2018.

Ólafur segir að ekki megi gefa sér að verksmiðjan rísi, þótt það sé líklegra en hitt. Hann telur að „þegar menn sjá að framkvæmdir á Grundartanga eru hafnar komi holskefla yfir samfélagið í uppbyggingu.“

- shá / sjá síðu 8



**HUNDRAÐ ÁRA** Lárus Sigfússon, fyrrverandi ráðherrabílstjóri, segir rafmagnsskutluna ekki jafnast á við bílinn, en hann hætti að keyra í nóvember, rétt fyrir hundrað ára afmælið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fagnar hundrað ára afmæli:

## Drap á bílnum og keypti skutlu

**FÓLK** Fyrrverandi ráðherrabílstjórinn Lárus Sigfússon fagnaði 100 ára afmæli sínu fyrir viku. Lárus starfaði sem ráðherrabílstjóri í alls tuttugu og eitt ár, lengst af fyrir Steingrím Hermannsson.

„Þetta var mjög skemmtilegt starf og allt indælismenn, hver öðrum betri að vinna með,“ segir Lárus.

Akstri Lárusar fyrir ráðuneytin lauk þegar hann var 73 ára. Síðustu árin vann hann skrifstofustarf í stjórnaráðinu. Aftur á móti lagði Lárus ekki sínum eigin bíl fyrr en í nóvember síðastliðnum, rétt fyrir hundrað ára afmælið. Í staðinn fékk hann sér rafmagnsskutlu.

Fyrsta bílinn eignaðist Lárus 1933. Hann hefur átt í hátt í tvö hundruð bíla. Lárus segir ráðherrabílana hafa verið af marga og mismunandi.

„Sumir voru á jeppum og aðrir á fólksbílum en ég hef alltaf verið hrifinn af Chevrolet,“ segir hann hlæjandi.

- asi / sjá síðu 46





SMÁRALIND


Viðskiptaráð hvetur til sölu opinberra eigna til að grynnka á skuldum:

## Gætum selt fyrir 800 milljarða

**FJÁRMÁL** „Við sjáum fátt því til fyrirstöðu að fara að selja eignarhlut í Landsbankanum og að hefja undirbúning á að minnsta kosti hluta á eignarhlut í Landsvirkjun,“ segir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Samanlagt verðmæti þeirra eigna ríkisins og sveitarfélaga sem Viðskiptaráð telur grundvöll til að selja nemur nærri 800 milljörðum króna. Það samsvarar rúmlega 40 prósentum af landsframleiðslu.

Í nýrri skýrslu Viðskiptaráðs segir að grynnka mætti á opinberum skuldum um nær helming með því að selja þessi opinberu fyrirtæki.

Frosti Ólafsson segir að þá séu nokkrir þættir þar sem sala væri háð endurskoðun á regluverki og lagaumgjörð. „Það eru þá sérstaklega þeir þættir sem segja má að búi við náttúrlega einokun eins og veitustarfsemin,“ segir hann.

Að sögn Frosta eru Íslandspóstur og Sorpa dæmi um fyrirtæki sem hefði átt að vera búið að einkavæða.

„Við teljum engin haldbær rök fyrir því að hið opinbera sinni þessum hlutverkum yfirhöfuð og þar af leiðandi ættu menn bara að fara sem fyrst í það að selja þessar eignir,“ segir hann.

- jhh / sjá síðu 16.



**„Við erum að borga, sem hlutfall af landsframleiðslu, næstum því tvisvar sinnum meira en Grikkland og þar telja menn ástandið nú ansi svart.**

*Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.*




OPIÐ TIL 21

NÝJAR VÖRUR

SMÁRALIND

## SPURNING DAGSINS



Guðni, ertu þá hættur á spenanum?

**„Já, enda fullur af orku af rjóma, smjöri og skyri.“**

Guðni Ágústsson lætur af störfum sem framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) í næstu viku.

Að minnsta kosti fjórir bátar hafa lent í erfiðleikum á Miðjarðarhafinu undanfarna daga:

# Yfir þrjú hundruð flóttamenn hafa farist

**ÍTALÍA** Undanfarna daga hafa að minnsta kosti þrjú hundruð manns farist á Miðjarðarhafinu á leiðinni frá Norður-Afríku yfir til Evrópu. Fólkið var á opnum gúmbjörgunarbátum, hlöðnum fólki í erfiðu veðri og miklum kulda.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna skýrði fyrst frá því að 29 manns hið minnsta hefðu farist á einum slíkum báti, en alls höfðu 105 manns reynt að komast með þeim báti yfir til Evrópu.

Í gær fékkst svo staðfesting frá ítölsku strandgæslunni og flóttafólki, sem komst lifandi til ítölsku eyjunnar Lampedusa, á því að ekki færri en 300 manns væri saknað af tveimur öðrum sams konar bátum sem fundust á mánudaginn. Loks fréttist af því að fjórði báturinn hefði verið á sömu leið en væri nú saknað.

„Þetta er gríðarmikill harmleikur og minnir okkur á að fleiri líf geta tapast ef fólk sem leitar eftir öryggi er upp á náð og miskunn hafsins komið,“ segir Vincent Cochetel, yfirmaður Evrópuskrifstofu Flóttamannastofnunarinnar. „Evrópa hefur ekki efni á því að gera of lítið of seint.“ - gb



**KOMNIR TIL LAMPEDUSA** Ítalska strandgæslan flutti fólk, sem tókst að bjarga, til hafnar á eyjunni Lampedusa. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**HÁTÍÐARDAGUR** Á hverju ári koma spjátrungarnir saman á dánardægri helsta átrúnaðargoðs síns. NORDICPHOTOS/AFP

Árlegur viðburður í kirkjugarði í Kinshasa vekur athygli:

## Spjátrungar dansa á gröfunum

**KONGÓ Á þriðjudaginn kom hópur skrautbúinna manna saman í Kinshasa, höfuðborg Austur-Kongó. Hópurinn gekk um götur bæjarins alla leið að Gombe-kirkjugarðinum þar sem hann dansaði á gröf helsta átrúnaðargoðs síns.**

**Félagsskapurinn nefnist á frönsku Société des Ambianceurs et des Personnes Élégantes, sem útleggjast mætti Samtök fjörkálfa og glæsifólks.**

**Stofnandi samtakanna hét Stervos Niarcos Ngashie. Hann lést 10. febrúar árið 1995 í fangelsi í Frakklandi þar sem hann afplánaði dóm fyrir fíkniefnabrot. Hann er grafinn í Kinshasa og ár hvert koma félagsmenn þar saman á dánardegi hans og dansa á gröfunum.** - gb

Varúfakis í Brussel:

## Kynnti áform stjórnar sinnar

**BELGÍA** Janis Varúfakis, fjármálaráðherra grísku stjórnarinnar, hélt í gær á fund með evrópskum starfsbræðrum sínum í Brussel til að útlista fyrir þeim hvað Grikkir hyggjast fyrir.

Gríska stjórnin, sem er nýtekin við völdum, segir ekki koma til greina að skera áfram niður ríkisútgjöld til að greiða niður skuldir ríkisins. Ráðamenn evruríkjanna, Evrópska seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa tekið dræmt í þessi áform. Varúfakis heldur hins vegar fast við það að Grikkir muni ekki yfirgefa evrusvæðið. - gb

Kröfur Flóafélaganna:

## Lágmarkslaun 240 þúsund

**LAUNAMÁL** „Það er réttlætismál á hverjum tíma að því sem er til skiptanna í samfélaginu á hverjum tíma sé deilt upp með réttmætum hætti,“ segir í kröfugerð Flóafélaganna.

Meðal krafna eru kjarasamningar til eins árs, að lágmarkshækkun í launatöflu verði 35 þúsund krónur og að tveir neðstu launaflokkarnir verði felldir niður, þó þannig að lægsta upphafstalan verði 240.000 krónur.

Kröfugerðin er sögð byggjast á kröfu um leiðréttingu launa og jafnræði félagsmanna stéttarfélaga á vinnumarkaði. - ie

# Slökkviliðsstjóri sakar yfirmenn um einelti

Kvörtun hefir borist frá slökkviliðsstjóra um einelti þriggja yfirstjórnenda Akureyrarbæjar. Tveir þeirra sitja í eineltisteymi bæjarins. Slökkvilið Akureyrar hefur í áraraðir glímt við eineltismál innan sinna raða. Akureyringar finna fyrir óöryggi.

**AKUREYRI** Þorvaldur Helgi Auðunsson, slökkviliðsstjóri á Akureyri, hefur lagt inn kvörtun til Vinnueftirlitsins vegna meints eineltis sem hann telur sig verða fyrir frá öðrum starfsmönnum Akureyrarbæjar. Meintir gerendur í eineltismálinu eru stjórnendur í Ráðhúsi Akureyrarbæjar; bæjartæknifræðingur, starfsmannastjóri bæjarins og bæjarlögmaður.

„Ég get lítið tjáð mig um málið annað en að slökkviliðsstjóri hefur sent inn kvörtun til Vinnueftirlitsins vegna meints eineltis. Ég hef samt sem áður ekki fengið formlega kvörtun í hendurnar,“ segir Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri. „Nú mun þetta mál fara í sama farveg og sambærileg mál sem berast til sveitarfélagsins.“

Málið er litið alvarlegum augum innan bæjarkerfisins og mun nú fara af stað ferli til þess að leysa úr því. Stutt er síðan núverandi slökkviliðsstjóri tók við störfum þar sem fyrrverandi slökkviliðsstjóra var vikið úr starfi vegna eineltismála. Líklegast verður farin önnur leið að því að leysa mál Þorvaldar Helga, þar sem bæði bæjarlögmaður og starfsmannastjóri bæjarins sitja í eineltisteymi Akureyrarkaupstaðar, sem á að taka á málum sem þessum og vinna úr þeim.

Sóley Björk Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi VG á Akureyri, segir þá stöðu sem upp er komin ekki boðlega og alvarlegt að sumir íbúar finni fyrir óöryggi vegna síendurtekinna eineltismála í slökkviliðinu.

„Nú þarf að grípa til aðgerða sem ekki hafa verið notaðar áður. Það er ekki í lagi að eineltismál komi upp í slökkviliðinu svona ítrekað. Ég tel það vera skyldu mína sem bæjarfulltrúa að ganga úr skugga um það að slökkvilið bæjarins sé starfhæft og að íbúar finni ekki fyrir óöryggi. Íbúar verða að sjá að eitthvað verði gert í þessu máli,“ segir Sóley.

Logi Már Einarsson er oddviti Samfylkingar í meirihluta Akureyrarbæjar. Logi segir að fundað verði um málið í dag. „Mér þykir ekki ólíklegt að bæjarstjóri kynni málið fyrir okkur. Ég þekki ekki efnislega til málsins og get ekki tjáð mig um það í sjálfu sér,“ segir Logi. „Hins vegar er ljóst að það eru viðvarandi vandamál á sama vinnustaðnum í ár og áratugi og árekstrar milli starfsmanna, þá hljóta menn að þurfa að skoða starfsemina frá grunni.“

sveinn@frettabladid.is



**AKUREYRI** Slökkviliðið á Akureyri sér bæði um brunaútköll og sjúkraflutninga í lofti. Eineltismál hafa ítrekað komið upp innan liðsins en nú beinist eineltiskvörtunin að stjórnendum í Ráðhúsi bæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**„Það er ekki í lagi að eineltismál komi upp í slökkviliðinu svona ítrekað.**

*Sóley Björk Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi VG.*



**„Nú mun þetta mál fara í sama farveg og sambærileg mál sem berast til sveitarfélagsins.**

*Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri.*




Leiðtogar Rússlands, Úkraínu, Frakklands og Þýskalands hittust í Minsk:

# Lýsa stuðningi við fullveldi

**HVÍTA-RÚSSLAND** Vladimír Pútín Rússlandsforseti og Petró Porosjenkó Úkraínuforseti tókust stuttlega í hendur síðdegis í gær við upphaf leiðtogafundar í Minsk, sem Angela Merkel Þýskalandskanslari og François Hollande Frakklandsforseti tóku einnig þátt í.

Að sögn Reuters-fréttastofunnar var reiknað með að þeir myndu að loknum fundi senda frá sér yfirlýsingu þar sem lýst væri yfir stuðningi við fullveldi Úkraínu. Þá var einnig reiknað með yfirlýsingu frá samstarfshópi Rússlands, Úkraínu og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, þar sem ítrekaður væri stuðningur við friðarsamkomulag frá í september.

Þrátt fyrir það friðarsamkomulag hafa harðir bardagar geisað í Úkraínu síðustu vikur og mánuði, og hafa átökin harðnað verulega nú síðustu dagana fyrir fundinn í Minsk.

Takmarkaðar vonir voru bundnar við leiðtogafundinn fyrirfram, og ekki var að sjá annað en að andaði heldur köldu á milli Pútíns og Porosjenkós þegar þeir mættu til fundarins. - gb



**LEIÐTOGARNIR FJÓRIR** Vladimír Pútín, Angela Merkel, François Hollande og Petró Porosjenkó. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


Takk fyrir ánægjulega einkunn!
Við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir toppeinkunn í Íslensku ánægjuvoginni. Viðskiptavinir Nova eru ánægðustu viðskiptavinirnir í farsímaþjónustu sjötta árið í röð. Takk!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

## SVONA ERUM VIÐ



**1.355** bækur komu út á pappír hér á landi árið 2012.

Umhverfisráðherra vill fyrstu landsáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum:

# Vill landsáætlun um vernd náttúrunnar

**UMHVERFISMÁL** Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur lagt fram frumvarp um landsáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum. Frumvarpið er sett fram til að takast á skipulegan hátt við vaxandi ferðamennsku og álag hennar á náttúruna.

Frumvarpið felur í sér að móta stefnu, samræma og forgangsraða tillögum um uppbyggingu og viðhald ferðamannasvæða, ferðamannastaða og ferðamannaleiða á Íslandi með náttúruvernd og sjálfbærni að leiðarljósi.

Gert er ráð fyrir að áætlunin verði lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu á þriggja ára fresti. Samhliða landáætluninni verða unnar þriggja ára verkefnaáætlanir sem kveða nánar á um forgangsverkefni hverju sinni.

Frumvarpið markar tímamót að því leyti að landsáætlunin verður sú fyrsta sinnar tegundar sem ætlað er að marka stefnu um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum til verndar náttúru til lengri tíma. Frumvarpið hefur verið unnið í samráði við opinberar stofnanir og hagsmunaaðila. - shá



**VIÐ GULLFOSS** Þriðja hvert ár skal dregin upp verkefnaáætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**KEILISVÖLLUR** Of stuttur fyrir Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hafnfirðingar lengja golfvöll:

## Stefna á hástig íþróttarinnar

**ÍÞRÓTTIR** „Nú er svo komið að Keilisvöllur hentar ekki til keppnishalds á evrópskan mælikvarða þar sem hann stenst ekki lengdarkröfur. Því þarf að kippa í liðinn sem fyrst," segir í bréfi Golfklúbbs Keilis sem vill viðræður við Hafnarfjarðarbæ um uppbyggingu vallarins svo hann standist lágmarkskröfur. „Teljum við óumdeilanlegt að umgjörð af því tagi auki líkurnar á og flýti fyrir því að við Hafnfirðingar eignumst keppendur á efsta stigi íþróttarinnar." - gar

Biður þingið um heimildir:

## Obama hyggst auka hernaðinn

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti fór í gær fram á formlegar heimildir Bandaríkjaþings til hernaðar gegn vígasveitum Íslamska ríkisins. Obama óskaði ekki eftir heimildum til hernaðar á landi en vill geta brugðist við hvar í heiminum sem er. Í ávarpi til þjóðarinnar í gær hvatti hann þingmenn til þess að sýna heiminum að Bandaríkjamenn stæðu saman gegn þessari hættu. - gb

### ÁRÉTTING

Bankastjóri Landsbankans var rangnefndur í Markaðnum í gær. Hann heitir Steinþór Pálsson. Fréttablaðið biðst velvirðingar á mistökunum.

# Fasteignagjöld hækka meðan útsvar er mestanpart óbreytt

Reykjanesbær hefur hækkað hjá sér útsvar um 0,53 prósentustig umfram hámarksútsvar vegna bágrar fjárhagsstöðu. Könnun ASÍ leiðir í ljós að breytt fasteignamat leiðir víðast hvar til hækkunar fasteignagjalda.

**EFNAHAGSMÁL** Fasteignagjöld hækka víðast hvar á þessu ári að því er fram kemur í könnun Verðlagseftirlits Alþýðusambandsins (ASÍ) á þróuninni hjá fimmtán fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Ástæða hækkunarinnar er fremur sögð vegna breytinga á fasteignamati en aukinnar álagningar sveitarfélaganna.

Fram kemur í greiningu Verðlagseftirlitsins að Reykjanesbær sé eina sveitarfélagið sem hækkað hefur hjá sér útsvar og hækkar einnig hjá sér fasteignaskatt um 67 prósent. Þar fer útsvarið úr hámarkinu, sem er 14,52 prósent, í 15,05 prósent, en vegna slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins er lagt á 3,62 prósenta aukaálag.

„Aðeins Kópavogur, Garðabær, Seltjarnarnes og Vestmannaeyjabær innheimta útsvar undir hámarkinu en lægsta útsvarið er 13,7 prósent í Garðabæ og á Seltjarnarnesi," segir í samantekt Verðlagseftirlits ASÍ.

Fram kemur að öll gjöld hafi hækkað í Reykjavík vegna töluverðrar hækkunar á fasteignamati. Þá megi sjá lækkun hjá Ísafjarðarbæ, vegna lækkunar á fasteignamati sem leiði til raunlækkunar á fasteignaskatti, lóðaleigu, vatnsgjaldi og holræsagjaldi.

Álagningarprósenta fasteignaskatts er óbreytt hjá níu sveitarfélögum af fimmtán. Þrjú hækka skattinn, Reykjanesbær um 67 prósent, Árborg um níu prósent og Fjarðabyggð um sjö prósent. „Þau sveitarfélög sem lækka álagninguna eru Garðabær um átta prósent, Seltjarnarnes fimm prósent og Kópavogur tvö prósent."

Þá kemur fram í könnun ASÍ að allnokkrar breytingar eru á sorphirðu- og sorptengdum gjöldum sem ólíkt öðrum þáttum fasteignagjaldsins eru innheimt sem föst upphæð á hverja íbúð eða fjölda tunna við hús.

Hjá fjórum sveitarfélögum, Reykjanesbæ, Akraneskaupstað, Ísafjarðarbæ og Sveitarfélaginu Skagafirði, eru sorphirðugjöld óbreytt á milli ára. Öll hin hækka hjá sér gjaldskrána (eins og sjá má í töflunni hér til hliðar).

„Hæstu gjöldin eru greidd í Vestmannaeyjum 51.323 krónur á árinu 2015 en lægstu gjöldin eru greidd í Garðabæ 21.400 krónur og er það 140 prósenta verðmunur eða 29.923 krónur," segir í umfjöllun Verðlagseftirlits ASÍ.

olikr@frettabladid.is



**SORPHIRÐA Í REYKJAVÍK** Gjöld sem innheimt eru fyrir sorphirðu sveitarfélaganna hækka langmest á Akureyri milli 2014 og 2015, um 33,3 prósent. Í Reykjavík nam hækkunin 5,7 prósentum. Gjaldið er nú svipað á báðum stöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Þróun sorphirðugjalds 2014 til 2015*

| Sveitarfélag | 2014 | 2015 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Vestmannaeyjabær | 48.397 kr. | 51.323 kr. | 6,0% |
| Ísafjarðarbær | 39.300 kr. | 39.300 kr. | 0,0% |
| Reykjanesbær | 37.435 kr. | 37.435 kr. | 0,0% |
| Akureyrarkaupstaður | 27.900 kr. | 37.200 kr. | 33,3% |
| Sveitarfélagið Árborg | 35.280 kr. | 36.480 kr. | 3,4% |
| Reykavíkurborg** | 33.350 kr. | 35.250 kr. | 5,7% |
| Fjarðabyggð | 32.000 kr. | 33.990 kr. | 6,2% |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 32.000 kr. | 32.000 kr. | 0,0% |
| Akraneskaupstaður | 29.820 kr. | 29.820 kr. | 0,0% |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 25.800 kr. | 28.298 kr. | 9,7% |
| Kópavogsbær | 22.000 kr. | 24.500 kr. | 11,4% |
| Fljótsdalshérað | 23.000 kr. | 24.253 kr. | 5,4% |
| Mosfellsbær | 23.280 kr. | 24.000 kr. | 3,1% |
| Seltjarnarneskaupstaður | 19.900 kr. | 21.800 kr. | 9,5% |
| Garðabær | 20.700 kr. | 21.400 kr. | 3,4% |

*Miðað er við 240 lítra tunnu í einbýli. **Miðað við að pappírstunna sé tæmd á 20 daga fresti og sorptunna á 10 daga fresti og ekkert skrefagjald. Heimild: ASÍ

## ÚTSVARSHLUTFALLIÐ

| Sveitarfélag | Hlutfall |
|---|---|
| Reykjanesbær* | 15,05% |
| Reykjavíkurborg | 14,52% |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 14,52% |
| Akureyrarkaupstaður | 14,52% |
| Mosfellsbær | 14,52% |
| Sveitarfélagið Árborg | 14,52% |
| Akraneskaupstaður | 14,52% |
| Fjarðabyggð | 14,52% |
| Fljótsdalshérað | 14,52% |
| Ísafjarðarbær | 14,52% |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 14,52% |
| Kópavogsbær | 14,48% |
| Vestmannaeyjabær | 13,98% |
| Garðabær | 13,70% |
| Seltjarnarneskaupstaður | 13,70% |

*Reykjanesbær er eina sveitarfélagið sem hækkar útsvarið milli ára með heimild til 3,62 prósenta álags ofan á 14,52 prósenta hámarksútsvar.*

*Heimild: **ASÍ***

## GJÖLDIN Í HNOTSKURN

Skatturinn sem sveitarfélög heimta af íbúum nefnist **útsvar**. Það leggst ofan á almennan tekjuskatt sem einstaklingar greiða og er reiknað út frá sama skattstofni. Einstaklingar greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir höfðu lögheimili í lok árs.

- **Fasteignagjöld** samanstanda svo af fasteignasköttum, fráveitugjaldi, vatnsgjaldi, lóðaleigu og sorphirðugjöldum. Gjöldin eru í flestum tilfellum hlutfall af fasteigna- eða lóðamati.
- **Sorphirðugjöld** eru þó ávallt innheimt sem fast gjald eða eftir fjölda tunna á húsnæði.





Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 13° | Friedrichshafen | 8° | New York | 3° |
| Aþena | 7° | Gautaborg | 3° | Orlando | 21° |
| Basel | 7° | Kaupmannahöfn | 3° | Ósló | -2° |
| Berlín | 7° | Las Palmas | 19° | París | 9° |
| Billund | 5° | London | 6° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 5° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | 3° |




**Á MORGUN** Stormur með SA-ströndinni, annars strekkingur eða hvasst.




**LAUGARDAGUR** Vaxandi vindur, hvasst eða stormur undir kvöld.

**FROST** verður á landinu í dag og á morgun en svo hlánar. Snjókoma verður austan til á morgun sem breytist í slyddu suðaustanlands annað kvöld. Á sunnudag má búast við rigningu eða slyddu sunnan og vestan til og einnig austanlands á sunnudagskvöld.



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# GULLIÐ TÆKIFÆRI

## AURIS MEÐ AUKAHLUTAPAKKA

**Aukahlutapakki að verðmæti 354.000 kr. með öllum gerðum af Auris í takmarkaðan tíma.***

Flugmiði til Evrópu með Icelandair fylgir einnig með öllum gerðum af nýjum Auris í tilefni af 50 árum Toyota á Íslandi.










Auris er eins og skapaður utan um þig og nú hefur þú gullið tækifæri til að eignast þennan hugvitsamlega hannaða, örugga og sparneytna bíl, með aukahlutapakka að verðmæti 354.000 kr. í takmarkaðan tíma, ásamt flugmiða til Evrópu með Icelandair í tilefni af 50 ára afmæli Toyota á Íslandi.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota og finndu Auris sem er eins og skapaður fyrir þig.

**Verð frá: 3.310.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur**
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í febrúar**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða fisktegund hegðar sér undarlega nú við Íslandsstrendur?
**2.** Hversu stórt hlutfall Íslendinga er á móti aðild að ESB?
**3.** Hvað heitir skattrannsóknarstjóri?

**SVÖR**
**1.** Loðna **2.** Tæpur helmingur **3.** Bryndís Kristjánsdóttir

Skattrannsóknarstjóri hyggst ganga til viðræðna um kaup á gögnum um fjármál Íslendinga erlendis:

# Sum skattaskjólsmálanna gætu verið fyrnd

**STJÓRNSÝSLA** Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir viðbúið að einhver mál í skattaskjólsgögnunum, sem standa íslenska ríkinu til boða, séu fyrnd en elstu málin eru fimmtán ára gömul.

Bryndís tilkynnti í gær að gengið yrði til samninga við seljanda gagna um Íslendinga í skattaskjólum á grundvelli yfirlýsingar Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra frá því í fyrradag. Hún segir engu hægt að lofa um árangur af skattheimtu að svo stöddu.

Í yfirlýsingunni frá ráðherra sagði að skylda til mats á upplýsingunum sem í boði eru, að hversu miklu gagni þær geta komið við rannsókn á skattundanskotum og ákvörðun um kaup á þeim, lægi hjá embætti skattarannsóknarstjóra. Fjármála- og efnahagsráðuneytið væri tilbúið að greiða fyrir kaupunum, yrði það niðurstaða embættisins.

Gögnin tengjast eignum Íslendinga í skattaskjólum en um er að ræða 416 mál. Íslenskum stjórnvöldum hefur verið boðið að kaupa þessi gögn á 150 milljónir króna. „Hluti af þessum gögnum er nokkuð nýlegur en önnur eldri. Þannig að ég ætla það, svona fyrirfram, að hluti af þessu verði fyrndur en annað ekki,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

**- hks, þká, jhh**



**SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI** Bryndís segir að elstu málin séu fimmtán ára gömul.



**MÚGUR OG MARGMENNI** Mikill fjöldi var í Háskólanum í Reykjavík í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjögur þúsund manns mættu á Framadaga háskólanna:

# Kynntu sér framtíðarmöguleika

**HÁSKÓLAR Um fjögur þúsund manns mættu þegar nokkur af helstu fyrirtækjum landsins kynntu starfsemi sína á hinum árlegu Framadögum háskólanna í Háskólanum í Reykjavík í gær. Stúdentasamtökin AIESEC skipuleggja viðburðinn.**

**Markmið Framadaga er að háskólanemar geti kynnt sér fyrirtæki og aukið þannig möguleika á starfi. Eins geti fyrirtæki kynnst mögulegum starfsmönnum.**

**Matthías Ólafsson, framkvæmdastjóri Framadaga, var að vonum ánægður með hina miklu aðsókn og sagði allt hafa gengið eins og best yrði á kosið.**

**- ie**



**STRÆTÓ** Engin umræða um gjaldskrárhækkanir hefur farið fram innan sveitarfélaganna. Minnihlutamenn vissu ekki af væntanlegum gjaldskrárhækkunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Strætó hækkar verð

Strætómiðinn mun kosta 400 krónur fyrir einstakling þann 1. mars ef stjórn samþykkir breytta gjaldskrá fyrirtækisins. Oddviti Sjálfstæðisflokks í borginni undrast þetta og segir augljósan lýðræðishalla hvað varðar ákvarðanatöku í fyrirtækinu.

**SAMGÖNGUR** Stjórn Strætó bs. mun taka ákvörðun á stjórnarfundi á morgun um að hækka gjald í strætó um nærri 15 prósent. Gert er ráð fyrir að hækka gjald fyrir fullorðinn úr 350 krónum í 400 krónur og hefur verið unnið að því innan fyrirtækisins í nokkurn tíma. „Endanleg ákvörðun mun liggja fyrir á næsta stjórnarfundi,“ segir Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó.



**JÓHANNES RÚNARSSON**

Lítið hefur verið fjallað um gjaldskrárhækkanirnar innan stjórnar fyrirtækisins, ef marka má fundargerðir. Síðast var fundað um gjaldskrármál innan stjórnar þann 5. nóvember og tekin sú ákvörðun að tillögu að nýrri gjaldskrá yrði vísað til stjórnenda fyrirtækisins til útfærslu.

Jóhannes segir að verðið sé að skoða gjaldskrána í heild sinni. „Það er hugmyndin að hækka fargjaldið upp í 400 krónur en á móti munum við bjóða upp á ný ungmennakort og veita þeim afslátt þannig. Stefnt er að því að ný gjaldskrá taki gildi þann 1. mars næstkomandi.“

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í borginni er ósáttur við þann lýðræðishalla sem birtist í gjörðum byggðasamlagsins Strætó bs.

„Ég fæ þessar fréttir frá þér. Hef séð hvað er bókað 31. október og 5. nóvember en hef ekki frekari upplýsingar. Fundargerðirnar eru lagðar fram í borgarráði en ekkert bókað undir þeim liðum. Það er hugsanlegt að sagt hafi verið frá þessu í borgarráði en mig rekur alls ekki minni til þess. Þetta undirstrikar það sem ég hef áður sagt að það er ákveðinn lýðræðishalli varðandi byggðasamlögin. Borgarfulltrúar eru frekar langt frá þeim, ekki síst minnihlutinn því enginn minnihlutafulltrúi á sæti í stjórnum byggðasamlaga,“ segir Halldór.

Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi Samfylkingar í Hafnarfirði, undrast þessa tilhögun Strætó bs. „Þessi ákvörðun kemur mér mjög á óvart, enda hefur engin umræða farið fram um málið í sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að Strætó bs. Ég skil ekki þessa ákvörðun og tel hana vanhugsaða,“ segir Gunnar Axel.

Bryndís Haraldsdóttir, formaður stjórnar Strætó, vildi ekki tjá sig um fyrirhugaðar gjaldskrárhækkanir þegar eftir því var leitað. Taldi hún óráðlegt að ræða við blaðamann um málið áður en stjórn hefði tekið afstöðu til gjaldskrárhækkana.

**sveinn@frettabladid.is**



> **Þetta undirstrikar það sem ég hef áður sagt að það er ákveðinn lýðræðishalli varðandi byggðasamlögin.**
>
> *Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn.*



> **Ég skil ekki þessa ákvörðun og tel hana vanhugsaða.**
>
> *Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi Samfylkingar í Hafnarfirði.*






Ólíkt síðustu vertíð hefur mikið magn loðnu borist til vinnslu á Seyðisfirði:

# Seyðfirðingar fagna loðnunni

**SJÁVARÚTVEGUR** Mikið af loðnu hefur borist til hafnar á Seyðisfirði á þessari vertíð eða um 15.000 tonn. Engri loðnu var landað þar í fyrra.

Gunnar Sverrisson, rekstrarstjóri fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar og verksmiðjustjóri á Seyðisfirði, segir í viðtali á heimasíðu Síldarvinnslunnar að loðnuvinnslan hafi ekki verið samfelld frá því að hún hófst. Tvisvar hefur þurft að stoppa í stuttan tíma vegna hráefnisskorts. Helsta áhyggjuefnið hefur verið heldur stopul veiði, fyrst og fremst vegna veðurs. „Svo er líka hegðun loðnunnar sérkennileg. Miðað við reynslu fyrri ára ætti hún nú að vera að veiðast út fyrir suðausturog suðurströndinni. Annars erum við Seyðfirðingar bjartsýnir. Sól hækkar á lofti og hún fer að skína á okkur á Seyðisfirði 18. febrúar.“

Í Neskaupstað hefur loðnuvinnsla í fiskimjölsverksmiðjunni haldist nánast samfelld að undanförnu þökk sé þremur norskum bátum sem komu þangað með afla um liðna helgi.

**- shá**



**Á NESKAUPSTAÐ** Samfelld vinnsla hefur verið í Neskaupstað og flesta daga á Seyðisfirði. MYND/KRISTÍNHÁVARÐSDÓTTIR

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 12.-16. FEBRÚAR
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

FYRSTA TÖLUBLAÐ
**REYKJAVÍK MAKEUP JOURNAL**
ÁRIÐ 2015 ER KOMIÐ ÚT!

KÍKTU VIÐ Í NÆSTU
HAGKAUPSVERSLUN OG
NÆLDU ÞÉR Í **FRÍTT** EINTAK!




ÞITT EINTAK

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.


HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**FRANCESCO SCHETTINO** Réttarhöldum lauk með sakfellingu. NORDICPHOTOS/AFP

### Skipstjórinn sakfelldur:

## Hlaut sextán ára fangelsi

**ÍTALÍA** Francesco Schettino, skipstjóri skemmtiferðaskipsins Costa Concordia, var í gær sakfelldur fyrir manndráp og dæmdur í sextán ára fangelsi. Hann sigldi skipi sínu í strand árið 2012 og kostaði það 32 manns lífið.

Schettino brast í grát við réttarhöldin í gær og sagðist ekki bera einn alla ábyrgðina á strandinu. Hann viðurkennir að hafa siglt of nálægt eyjunni Giglio til þess að gleðja yfirþjóninn á skipinu, sem er frá þessari eyju. - gb

### Loka sendiráðum:

## Yfirgefa Jemen

**JEMEN** Bandaríkin og Bretland hafa lokað sendiráðum sínum í Jemen og hvatt borgara sína til að yfirgefa landið í kjölfar valdatöku Húti-uppreisnarmanna. Hútar, sem berjast fyrir auknum réttindum sjía-múslima, hafa farið með stjórn í höfuðborginni Sanaa frá því í september og neyddu Abd Rabbuh Mansur Hadi forseta til að segja af sér í lok janúar. Ríkisstjórn Hadis hafði hjálpað til í aðgerðum gegn al-Kaída. - ie

# Búa sig undir uppbyggingu

Þróunarfélag sveitarfélaga og Faxaflóahafna verður stofnað vegna uppbyggingar á Grundartanga. Huga verður að húsnæðismálum og skólamálum. Framkvæmdir við 450 manna sólarkísilverksmiðju gætu hafist í vor.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sveitarfélögin á atvinnusvæði Grundartanga eru á lokastigum við stofnun þróunarfélags í tengslum við uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu.

Silicor Materials telur að ekkert standi í veginum fyrir því að framkvæmdir við 19.000 tonna sólarkísilverksmiðju fyrirtækisins hefjist í vor, kom fram á kynningarfundi fyrirtækisins með sveitarstjórnarmönnum, þingmönnum kjördæmisins og öðrum hagsmunaaðilum í bæjarþingsalnum á Akranesi á föstudag.

„Þetta er gríðarstórt mál fyrir öll sveitarfélögin í kringum Grundartanga, enda um 450 ný störf að ræða,“ segir Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs á Akranesi. Undirbúningur þróunarfélags sveitarfélaganna og Faxaflóahafna er að hans sögn til að skapa samræðuvettvang, enda ljóst að gefa þarf innviðum sveitarfélaganna á svæðinu gaum – ef af uppbyggingunni verður.

Ólafur tekur framboð af íbúðarhúsnæði sem dæmi. „Við verðum að vera í takt með uppbygginguna til að sveitarfélögin verði tilbúin að taka við þessu fólki sem þarna vinnur og fjölskyldum þess – sem gætu orðið tólf til sextán hundruð manns. Þá eru ótalin afleidd störf sem gætu orðið fjölmörg einnig,“ segir Ólafur og bætir við að á Akranesi sé verið að skoða hvaða áhrif þetta gæti haft á skólasamfélagið og hvort þjónustan uppfylli þarfir nýrra íbúa sem óska þess að búa á Akranesi.

„Það kæmi mér ekki á óvart að það þyrfti að stíga stór skref í fjárfestingum í skólamálunum. Ef við fáum 500 til 600 manns hingað á Akranes þá er ljóst að grunnskólarnir eru báðir fullsetnir, að kalla. Fjölbrautaskólinn getur hins vegar tekið við nýjum nemum. Leiguhúsnæði er af skornum skammti en mikið er til af skipulögðum lóðum fyrir einbýli, raðbýli og fjölbýlishús.

„Hins vegar vitum við ekki hvort verkefnið muni raungerast, og því mikilvægt að stíga varlega til jarðar. En við verðum tilbúin ef af þessu verkefni verður. Ég gæti trúað því hins vegar að þegar menn sjá að framkvæmdir á Grundartanga eru hafnar komi holskefla yfir samfélagið í uppbyggingu. Það er mikilvægt að stýra því og það verður best gert með því að ákvarðanir í skipulagsmálum séu teknar af yfirvegun,“ segir Ólafur. svavar@frettabladid.is



**AKRANES** Íbúar bæjarins eru um 6.700 svo mjög munar um fjölgun sem fylgir atvinnuuppbyggingu á Grundartanga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### HILLIR UNDIR FRAMKVÆMDIR

Davíð Stefánsson, talsmaður Silicor á Íslandi, segir að fjármögnun sólarkísilverksmiðju á Grundartanga eigi að vera lokið í mars eða byrjun apríl. Framkvæmdir geti hafist á vormánuðum og að unnt verði að ná fullum afköstum árið 2018.

Áætluð ársframleiðsla verksmiðjunnar á Grundartanga er um 19.000 tonn af sólarkísli. Beitt verður nýrri aðferð sem byggist á því að bræða kísilmálm í fljótandi áli.

Verksmiðjan er stór á íslenskan mælikvarða, og áætlað að um 450 manns muni starfa í verksmiðjunni fullbyggðri. Orkuþörf verksmiðjunnar er áætluð um 85 MW.





**VW Tiguan R-Line** kemur drekkhlaðinn af þægindum með vetrardekk, dráttarkrók, Webasto bílahitara, fjarlægðarskynjara með bílastæðaaðstoð, bakkmyndavél, leiðsögukerfi o.fl. Taktu skrefið til fulls með Tiguan R-Line.

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

markhönnun ehf

# nettó

Kræsingar & kostakjör

10% afsláttur

10% afsláttur

VIÐ MINNUM Á

# VALENTÍNUSAR helgartilboðin

BÆKLINGUR FULLUR AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM BEINT FRÁ HJARTANU

ENGIFERÖL 250 ML
229
~~269~~
KR/STK

KONUDAGS OSTAKAKA
1.298
KR/STK

MÓSARTKÚLUR BOX - 300G
498
~~598~~
KR/BOXIÐ

KJÚKLINGABRINGUR NETTÓ
1.798
~~1.998~~
KR/KG

VERÐ SPRENGJA

DAIM 200G
389
~~414~~
KR/PK

JARÐARBER 250 G
299
~~598~~
KR/ASKJAN

50% afsláttur

Eldaðu handa elskunni

**Tilboðin gilda 12.-15 febrúar**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

STAÐA MÁLA Á ALÞINGI

# Fjölmörg átakamál fram undan

Fiskveiðistjórnun, ESB-umsókn, náttúruvernd og orkunýting eru á meðal mála sem Alþingi á að afgreiða fyrir sumarið. Sem og afnám gjaldeyrishafta. Undir sléttu yfirborðinu ólgar ósætti á milli stjórnarflokkanna. Ráðherrar hafa 42 daga til að leggja fram frumvörp.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Það stefnir í átakatíma á Alþingi, verði öll boðuð frumvörp ríkisstjórnarinnar lögð fram. Þegar bíða 45 frumvörp ráðherra afgreiðslu, á ýmsum stigum, og miðað við umfang þeirra mála sem ætlunin er að afgreiða fyrir vorið er ljóst að halda verður vel á málum ef þeir 37 fundardagar sem eftir eru á dagskrá Alþingis eiga að duga til að þau verði öll að lögum.

Heimildarmönnum Fréttablaðsins ber saman um að störf þingsins muni fyrst og fremst ráðast af tveimur tillögum sem boðaðar hafa verið; annars vegar þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um að draga umsókn um aðild að Evrópusambandinu til baka og hins vegar frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Ráðherrar Framsóknarflokksins bera þessi mál bæði uppi.

Þrátt fyrir að oddvitar ríkisstjórnarflokkanna gefi lítið fyrir ósætti á milli flokkanna, er töluverð ólga innan flokkanna beggja.

### Steinakast í geitungabú

Heimildarmenn Fréttablaðsins eru sammála um það að enginn efnislegur ágreiningur sé á milli stjórnarflokkanna um að slíta formlega viðræðum við ESB. Sjálfstæðisflokkurinn lofaði þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðnanna, en innan flokksins virðist sú skoðun njóta meirihlutafylgis að mikilvægara sé að halda samstarfsflokknum góðum. Því verði tillagan studd, með hangandi hendi þó.

Sú skoðun er þó ríkjandi innan flokksins að tillagan sé óþörf. Hún muni engu breyta um stöðuna, engar viðræður séu í gangi við ESB og formleg breyting á stöðu Íslands sem umsóknarlands skipti litlu. Tillagan muni hins vegar vekja litla hrifningu stjórnarandstöðunnar, sérstaklega Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar og það muni setja sinn svip á þingstörfin. Framlagning tillögunnar sé því eins og að kasta steinum í geitungabú.

Á móti kemur að í baklandi Framsóknarflokksins eru fjölmargir sem vilja slíta öll tengsl við Evrópusambandsumsókn fyrri ríkisstjórnar. Ráðherrar flokksins verði varir við þrýsting í þá átt.

### Allt eða ekkert

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sjávarútvegsmála, hefur kallað eftir víðtækri sátt um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar. Á stundum hefur virst sem hann muni ekki leggja fram frumvarp um breytingar á fiskveiðistjórnun nema sú sátt liggi fyrir. Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, orðar það sem margir stjórnarandstöðuþingmenn hugsa.

„Það gengur náttúrulega ekki með svona stór mál eins og fiskveiðistjórnun að verið sé að byggja á einhverjum sögusögnum og einhverju sem mönnum hefur verið sýnt á lokuðum fundum.

Þetta er mál af þeirri stærðargráðu að menn eiga bara að koma með það til þingsins og ræða það þar.“ Innan Sjálfstæðisflokksins er hins vegar andstaða við breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Kerfið virki í grundvallaratriðum, sé jafnvel öfundarefni í öðrum löndum, og því sé engin ástæða til að breyta því.

Það virðist því vera allt eða ekkert í þessum málum, enn sem komið er allavega; annaðhvort algjör sátt eða engin breyting.

### Haftaumræða í höftum

Undarlega hljótt hefur verið um stærsta málið sem boðað hefur verið á yfirstandandi þingi; afnám gjaldeyrishafta. Það er mál af þeirri stærðargráðu að það hefur gríðarleg áhrif á efnahag þjóðarbúsins.

Heimildarmenn Fréttablaðsins innan stjórnarflokkanna voru sammála um að Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson héldu þeim málum þétt að sér. Ljóst er þó að ágreiningur er á milli þeirra um hvaða leiðir eigi að fara.

### Af nógu að taka

Það verður því nóg að gera hjá þingmönnum fram á sumar. Það skýrist á næstu vikum hvaða mál koma til þingsins, en frestur til að leggja fram ný frumvörp rennur út 26. mars. Ráðherrar hafa því aðeins 42 daga til að ganga frá þeim frumvörpum sem ætlunin er að fá samþykkt fyrir vorið.



**HORFÐU TIL HIMINS** Oddvita ríkisstjórnarflokkanna bíður ærinn starfi. Þeir þurfa að sætta eigin flokksmenn í þeim málum sem fram undan eru og fá þau síðan samþykkt á Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Stjórnarfrumvörp

- **Samþykkt:** 33
- **Bíða 1. umræðu:** 8
- **Í nefnd:** 29
- **Bíða 2. umræðu:** 1
- **Í nefnd eftir 2. umræðu:** 1
- **Bíða 3. umræðu:** 6
- **Heildarfjöldi:** 78

## Stjórnarandstaðan telur ESB verða tímafrekt mál en stjórnarflokkarnir nefna málið ekki

### ➜ Opinber fjármál



„Stærð mála er skilgreiningaratriði og oft eru þau mál sem verða kannski pólitískt stór frekar lítilfjörleg,“ segir **Guðlaugur Þór Þórðarson**, varaformaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

„Ég vona hins vegar að við náum að klára ný lög um opinber fjármál. Fjármálaráðherra lagði þau fram í vor og síðan aftur í haust og fjárlaganefnd vann í því máli í sumar og vinnur enn. Lögin hafa það markmið að auka festu og ábyrgð í opinberum fjármálum og taka upp þá siði sem hafa reynst hvað bestir hjá nágrannalöndum okkar. Ég vona að það verði stóra málið, en ýmis önnur álitamál verða auðvitað rædd. Þegar minnst er á stór mál, þá eru gjaldeyrishöftin auðvitað annað gríðarlega stórt mál.“

### ➜ ESB og kvótinn



„Stóra óvissan er hvort þeir komi annars vegar með ESB-tillögu og hins vegar varðandi kvótann. Að öðru leyti eru afnám gjaldeyrishafta og mál tengd uppgjörum slitabúanna, sem boðuð hafa verið með vorinu, stærstu málin,“ segir **Helgi Hjörvar**, formaður þingflokks Samfylkingarinnar.

Hann segir einnig einboðið að umræða tengd yfirvofandi kjarasamningum setji svip sinn á þingstörf.

„Þar gæti til dæmis liðkað fyrir gerð kjarasamninga ef menn tækju á húsnæðismálum eins og verkalýðshreyfingin hefur kallað eftir og ráðherrann boðað. Þá má nefna virkjanafrumvarp Jóns Gunnarssonar, Seðlabankann, Fiskistofumálið og langan lista deilumála.“

### ➜ Átök um ESB



**Helgi Hrafn Gunnarsson**, formaður þingflokks Pírata, segist hafa búist við að stærstu mál vorþingsins yrðu almannavarnafrumvarp eða frumvarp um fiskveiðistjórnun. „En það er búið að draga í land með þau bæði. Eftir stendur að þeir eru aftur farnir að hóta með ESB. Maður fer eiginlega að halda að þeim leiðist, en það sofnar allavega enginn yfir þeirri umræðu. Það má búast við átökum um það ef það verður lagt fram.

Ef ríkisstjórnin heldur áfram þeirri góðu venju að hætta við það sem hún er að pæla verður kannski meiri tími í þingmannamál.“

Sjálfur segist Helgi Hrafn helst hafa viljað að umræðan snErist um grunngildi eins og lýðræði, tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífsins.

### ➜ ESB stórmál



„Auðvitað verður ESB-málið mjög fyrirferðarmikið, ef það pólitíska skemmdarverk verður lagt fram. Það má búast við því að sjávarútvegsmálin verði mikið rædd ef þau komast á dagskrá,“ segir **Róbert Marshall**, formaður þingflokks Bjartrar framtíðar. Þá nefnir hann náttúruverndarlög og rammaáætlun.

„Ég hef hvorki séð fiskveiðistjórnina né formúleringuna á ESB-tillögunni. Ef það er tillaga um að fara með málið í þjóðaratkvæðagreiðslu verður auðveldara að leysa það. Það væri líka meira í anda þess sem þeir hafa sagt. Ef draga á ályktanir af því hvernig þessi ríkisstjórn hefur hagað sér hingað til virðist hún alltaf velja slaginn frekar en að ná pólitískri lendingu.“

### ➜ ESB tekur tíma



**Svandís Svavarsdóttir**, formaður þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, segir ljóst að umræða um fiskveiðistjórnunarmál taki tíma. Hún kallar eftir því að ráðherra leggi málið strax fyrir þingið. „Fjármálaráðherra sagði fyrir um tveimur vikum að ríkisstjórnin væri að fara að koma með tillögu um slit á aðildarviðræðum um ESB. Það mun taka einhvern tíma á þinginu. Síðan er ýmislegt sem þingið á eftir að fjalla um, eins og breytingar til stjórnarráðslaga, sem forsætisráðherra hefur mælt fyrir, en þau gefa ráðherrum heimildir til að færa ríkisstofnanir fram og til baka. Þá hefur menntamálaráðherra boðað heildarendurskoðun á lögum um LÍN, en ekki bólar á samáði um það.“

### ➜ Raflínur



**Þórunn Egilsdóttir**, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, segir viðbúið að miklar umræður séu fram undan á Alþingi, enda liggi mörg stór mál fyrir og von sé á fleirum. Hún vonast til þess að umræðurnar verði góðar, enda sé ekki vanþörf á að ræða þessi mál vel. „Það eru komin mörg stór mál inn og mikilvæg, til dæmis varðandi raflínur, sem verið er að klára inni í nefnd núna. Það er mjög mikilvægt mál. Svo er náttúrupassinn náttúrulega kominn inn í nefnd og það mál leysist vonandi farsællega.

Ýmis stór mál eru á leiðinni, sjávarútvegsmál og sitthvað fleira. Þá má nefna rammaáætlun, en það er náttúrulega mál sem mikilvægt er að gaumgæfa vel.“

ÓÐALSOSTUR
TIGNARLEGUR
Óðalsostur hefur verið á borðum landsmanna frá árinu 1972 þegar Mjólkursamlag KEA hóf framleiðslu hans á Akureyri. Fyrirmynd hans er Jarlsberg, frægasti ostur Norðmanna. Óðalsostur er mildur með örlítinn möndlukeim og skarpa, sæta, grösuga tóna. Frábær á morgunverðarborðið, hádegishlaðborð eða bara einn og sér.

ÓÐALS OSTUR
ÚR FÓRUM MEISTARANS
www.odalsostar.is


DEBENHAMS
Ertu í réttri stærð?
KOMDU Í FRÍA MÁTUN
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM UNDIRFÖTUM & NÁTTFÖTUM
FYRIR DÖMUR & HERRA
Mundu eftir
VALENTÍNUSARDEGI
14. FEBRÚAR
Gerðu lífið skemmtilegra
Opið 11 - 21 í dag
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR
Tilboðin gilda út sunnudag
Finndu okkur á facebook

EINSTÖK TILBOÐ!
GERÐU FRÁBÆR KAUP
WWW.BÍLALAND.IS



RANGE ROVER SPORT HSE V8
Nýskr. 09/08, ekinn 91 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 7.980.000
TILBOÐSVERÐ!
6.490 þús.



HYUNDAI i40 WAGON PREMIUM
Nýskr. 05/12, ekinn 79 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.690.000
TILBOÐ kr. 3.690 þús.



CHEVROLET CRUZE METAN
Nýskr. 07/11, ekinn 27 þús km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.990.000
TILBOÐ kr. 1.550 þús.



NISSAN MURANO 3.5
Nýskr. 09/09, ekinn 62 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.570.000
TILBOÐ kr. 2.970 þús.



PEUGEOT 308 ACTIVE HDI
Nýskr. 10/11, ekinn 26 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.980.000
TILBOÐ kr. 2.580 þús.



NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 09/13, ekinn 23 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.570.000
TILBOÐ kr. 2.080 þús.



LAND ROVER FREELANDER 2S
Nýskr. 05/13, ekinn 18 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 6.590.000
TILBOÐ kr. 5.990 þús.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

## FLEST FÓRNARLÖMBIN KONUR

**62%** fórnarlamba mansals eru seld í kynlífsþrælkun og eru **96%** þeirra konur og stúlkubörn.

**75%** Stúlkubörn eru fórnarlömb mansals í **75%** tilvika

**60%** Konur eru fórnarlömb mansals í **55-60%** tilfella.

## SENDAR HEIMSHORNA Á MILLI TIL AÐ LEGGJA STUND Á VÆNDI

Við rannsókn sína á skipulagðri brotastarfsemi tengdri vændi og mansali aflaði Heiða Björk Vignisdóttir sér upplýsinga víða. Hún tók viðtöl við sérfræðinga á sviði mansals, studdist við sett lög, greinargerðir, dómaframkvæmdir og skrif sérfræðinga.
Úr ritgerð Heiðu: „Vændi er ein birtingarmynd mansals og mansal er ein birtingarmynd skipulagðrar glæpastarfsemi. Þær stúlkur sem seldar eru mansali eru sendar heimshorna á milli í þeim tilgangi að leggja stund á vændi. Þær eru fluttar og hýstar, oftast gegn eigin vilja, og fá lítið eða ekkert af ágóða vændisins. Gjarnan hefst brotið gegn þeim með loforði um bætt líf og lífskjör, til dæmis með boði um atvinnu í nýju landi. Vegna bágrar stöðu þeirra, fátæktar, örbirgðar og vonleysis taka þær þessum gylliboðum fegins hendi. Félagsleg vandamál geta gert fólk að auðveldara skotmarki manseljenda og því er það eitt af stefnumálum ríkja að vinna í þeim þætti að sporna við mansali. Dæmi eru um að fórnarlömb mansals viti vel hvað bíður þeirra, en kjósi það frekar en þær bágu aðstæður sem þau komu úr, sem sýnir vel hve auðvelt er að misnota neyð bágstaddra einstaklinga. Mansal krefst ekki hlekkja, fórnarlambið getur verið líkamlega frjálst, en undir hælnum á kúgara sínum vegna hótana, ofbeldis eða annarra ógnana."



**LOFORÐ UM BETRA LÍF** Konur og karlar eru ginnt í vændi með loforðum um betra líf. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Mansal í vændi á Íslandi er algengt

Mikil tengsl eru á milli vændis og mansals hér á landi. Þetta er niðurstaða Heiðu Bjarkar Vignisdóttur sem rannsakaði tengsl vændis við skipulagða glæpastarfsemi.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is
**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is



Vændi tengt mansali er algengt hérlendis. Þetta segir Heiða Björk Vignisdóttir sem skrifaði meistararitgerð í lögfræði um tengsl vændis og mansals við skipulagða glæpastarfsemi hérlendis. Í ritgerðinni komst hún að því að vændi væri umtalsvert á Íslandi og það vændi sem hér væri stundað tengdist í mörgum tilfellum mansali. Bæði er um að ræða konur af erlendum uppruna sem komi hingað til að stunda vændi en einnig séu dæmi um að íslenskar konur séu fórnarlömb mansals. Þeir sem standa fyrir mansalinu eru bæði íslenskir og erlendir aðilar og oft eru tengsl við skipulögð glæpasamtök.

„Það er miklu meira vændi hér en meðaljóninn gerir sér grein fyrir. Erlendar konur eru sendar hingað í þeim eina tilgangi að stunda vændi. Það er líka meiri eftirspurn eftir vændi heldur en framboð," segir Heiða. Hún segir augu almennings hafa opnast fyrir því á undanförnum árum að mansal sé til staðar hérlendis líkt og annars staðar. Bendir hún í því tilliti á nektardansstaðina sem starfræktir voru hér um árabil. Flestir voru staðirnir þrettán og í kringum aldamótin komu um þúsund erlendar konur hingað til lands til þess að dansa á þessum stöðum. „Það er engin tilviljun að flestum þessum stöðum var lokað þegar einkadansinn var bannaður," segir Heiða.

### Sönnunarstaðan erfið

Sakfellingartíðni er afar lág í þessum málum, hérlendis sem og erlendis. Um er að ræða flókin og margþætt mál.

„Sönnunarstaðan er erfið í þessum málum og vissulega ekkert hægt að hnika frá þeim kröfum sem gerðar eru til sönnunar í þessum málum frekar en öðrum. Fórnarlömbin taka yfirleitt ekki virkan þátt í því að upplýsa um málin af ýmsum ástæðum," segir Heiða. Í mörgum tilfellum hefur þeim verið hótað, þeim talin trú um að þau hafi einnig framið brot í landinu eða koma jafnvel frá löndum þar sem erfitt er að treysta lögreglunni.

„Það þarf mikið til þess að þessi mál fari alla leið á borð dómara. Hvað þá þegar fórnarlambið vill ekki viðurkenna að það sé fórnarlamb eða upplifir sig ekki þannig. Vill ekki segja frá og óttast um líf sitt, þá er lítið sem lögreglan getur gert.

Líkt og Fréttablaðið hefur fjallað um eru dæmi um það að mansalsfórnarlömb hafi verið dæmd og setið í fangelsi hérlendis vegna skjalafals. „Þau játa þá frekar á sig skjalafals, vegna falsaðra skilríkja, en vilja ekki segja frá öðru vegna ótta."

Heiða telur að það ætti að gefa þessu málefni meiri gaum og er afar ánægð með aukna áherslu í þessum málum hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Aukið fjármagn til handa lögreglu er auk þess nauðsynlegt svo hægt sé að taka á þessum vanda af aukinni hörku. Úrræði handa hugsanlegum mansalsfórnarlömbum virðist líka algjörlega vanta og aukna þekkingu á þessu sviði hjá þeim sem þurfa í starfi sínu að meta hvort um mansalsfórnarlömb er að ræða."

### Mun færri fórnarlömb

Líkt og komið hefur fram í umfjöllun Fréttablaðsins var Kristínarhúsi, sem var búsetuúrræði fyrir konur á leið úr vændi og mansalsfórnarlömb, lokað í enda árs 2013. Heiða segir að eftir að því var lokað séu í raun lítil sem engin úrræði fyrir fórnarlömb mansals.

Á þeim tveimur árum sem Kristínarhús var opið dvöldu þar 15 erlendar konur sem grunur lék á að væru fórnarlömb mansals. Eftir að húsinu var lokað tekur Kvennaathvarfið við kvenkyns fórnarlömbum mansals. Kvennaathvarfið er hins vegar neyðarathvarf meðan Kristínarhús var langtímaúrræði.



> **Erlendar konur eru sendar hingað í þeim eina tilgangi að stunda vændi. Það er líka miklu meiri eftirspurn eftir vændi heldur en framboð.**
>
> *Heiða Björk Vignisdóttir*

Frá því að úrræðinu var lokað hafa dvalið í Kvennaathvarfinu 3-4 konur sem komu vegna gruns um að þær væru þolendur mansals sem er talsvert minna en árin tvö á undan.

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir að líklega sé ástæðan ekki sú að fórnarlömbin séu færri, þau hins vegar skili sér ekki til þeirra.

„Mann grunar að það hafi ekki með að gera að fjöldi þessara kvenna hafi minnkað heldur að maður sjái þær síður. Í fæstum tilvikum voru þetta konur sem leituðu sjálfar til okkar heldur frekar að lögregla rækist á þær og kannski eru bara þeir sem rekast á möguleg fórnarlömb mansals meðvitaðir um að það sé enginn staður til. Kannski liggur þessi munur þar. Við erum skammtímaúrræði meðan Kristínarhús var langtímaúrræði," segir hún.

Ef hugsanlegt fórnarlamb mansals kemur í Kvennaathvarfið er skipað sérstakt teymi í kringum fórnarlambið. „Það er gengið frá því þegar hún kemur í athvarfið að finna langtímaúrræði." Stundum sé um að ræða eigin íbúð eða þá að fórnarlambið dvelji áfram í athvarfinu. Það sé hins vegar ekki heppilegt því eins og áður segir er um neyðarúrræði að ræða. Fórnarlömbin þurfi meiri hjálp þar sem þau komi úr afar flóknum og erfiðum aðstæðum.

# ESTĒE LAUDER

## kaupaukinn þinn í Hagkaup

Glæsilegur kaupauki* fyrir þig ef þú kaupir vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 kr. eða meira í snyrtivöruverslunum Hagkaups dagana 12.- 18. febrúar.

*meðan birgðir endast




**Kaupaukinn inniheldur:**

**Take it Away Makeup Remover** – farðahreinsi, 30ml
**Advanced Night Repair** – kraftaverkadropana, 7ml
**Revitalizing Supreme Creme** – dagkrem fyrir allar húðgerðir, 15ml
**Modern Muse** – ilmvatn
**Pure Color Eyeshadow Palette** – 4 augnskuggar í boxi
**Pure Color Lipstick** – varalitur í fullri stærð, litur blushing
**Pure Color Gloss** – varagloss, litur, rock candy
**Fallega snyrtibuddu**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




**Tilboðin gilda 12. feb. -15. feb. 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



WYMAN'S 1,36KG
BERJABLANDA/BLÁBER
-15%
EARTH'S PRIDE
BER/BROKKOLÍ 1,36KG - 1,81KG
-15%
BLUE DIAMOND
MÖNDLUMJÓLK 946ML
-30%
275
ÁÐUR 393 KR/STK
Hráefni í ljúffengan
chia graut!
CHIA FRÆ LÍFRÆN
907G
NÝTT
2.399
JARÐARBER
250G ASKJA
-50%
299
ÁÐUR 598 KR/KG
Saltkjöt frá 199kr/kg
Frábær verð!
SALTKJÖT SÍÐUBITAR
KJÖTSEL
-50%
199
ÁÐUR 398 KR/KG
NETTÓ KJÖTFARS
NÝTT 500GR
291
ÁÐUR 383 KR/PK
VALIÐ SALTKJÖT
KJÖTSEL
-40%
1.559
ÁÐUR 2.598 KR/KG
NETTÓ KJÖTFARS
SALTAÐ 500G
290
ÁÐUR 362 KR/PK
SALTKJÖT BLANDAÐ
KJÖTSEL
-40%
870
ÁÐUR 1.450 KR/KG
SALTMINNA SALTKJÖT
GOÐI - BLANDAÐ
1.492
ÁÐUR 1.798 KR/KG
SALTKJÖT ÓDÝRT
KJÖTSEL
-40%
479
ÁÐUR 828 KR/KG
PRINGLES SNAKK
3 TEG.
269
ÁÐUR 299 KR/PK
SÚKKULAÐIBITAR
200G CAPRI
-35%
129
ÁÐUR 199 KR/PK
M&M 100G
OCOLATE TREAT BAG
149
-40%
UR 249 KR/STK



**NÝR FORSTJÓRI** Carlos Cruz er frá Spáni og nýfluttur til Íslands. AÐSEND MYND

Forstjórinn sóttur til Spánar:

## Nýr maður til liðs við Vífilfell

Árni Stefánsson lætur á næstunni af starfi forstjóra Vífilfells og mun í framhaldi taka sæti í stjórn fyrirtækisins.

„Það eru störf sem tengjast Vífilfelli og störf fyrir eigendur sem ekki tengjast Vífilfelli,“ segir Árni aðspurður um hvað taki við hjá honum eftir að hann lætur af starfi. Við starfi forstjóra tekur Carlos Cruz. - jhh

Meta lánshæfið í fyrsta sinn:

## Segir einkunn Fitch hvetjandi

Lánshæfisfyrirtækið Fitch Ratings hefur gefið Orkuveitunni einkunnina BB- með stöðugum horfum. Grunneinkunn Orkuveitunnar í matinu er tveimur þrepum hærri en hún fékk frá lánshæfisfyrirtækinu Moody's í desember síðastliðnum. Þetta er í fyrsta sinn að lánshæfi Orkuveitunnar er metið af Fitch.

Bjarni Bjarnason forstjóri segir nýju einkunnina hvetjandi - jhh

# Hægt yrði að greiða um helming af skuldunum

Viðskiptaráð telur að ríki og sveitarfélög gætu selt eignir fyrir 800 milljarða til þess að greiða niður skuldir. Í nýrri skýrslu er bent á að vaxtakostnaður hins opinbera komi illa niður á lífskjörum og opinberri þjónustu.

**EFNAHAGSMÁL** Samanlagt verðmæti þeirra eigna sem hið opinbera á og Viðskiptaráð telur grundvöll til að selja nemur tæplega 800 milljörðum króna. Það samsvarar rúmlega 40 prósentum af landsframleiðslu. Það á við um eignir ríkisins og sveitarfélaga.

Í nýrri skýrslu Viðskiptaráðs, sem gefin er út í tengslum við Viðskiptaþing í dag, segir að grynnka mætti á opinberum skuldum um nær helming með því að selja þessi opinberu fyrirtæki.

„Við sjáum fátt því til fyrirstöðu að fara að selja eignarhlut í Landsbankanum og að hefja undirbúning á að minnsta kosti hluta á eignarhlut í Landsvirkjun. Við höfum nefnt lífeyrissjóðina í því samhengi,“ segir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í samtali við Fréttablaðið. Þá séu nokkrir þættir þar sem sala væri háð endurskoðun á regluverki og lagaumgjörð. „Það eru sérstaklega þeir þættir sem segja má að búi við náttúrlega einokun eins og veitustarfsemin,“ segir Frosti.

Þá segir Frosti að Íslandspóstur og Sorpa séu dæmi um fyrirtæki sem hefði átt að vera búið að einkavæða. „Við teljum engin haldbær rök fyrir því að hið opinbera sinni þessum hlutverkum yfirhöfuð og þar af leiðandi ættu menn bara að fara sem fyrst í það að selja þessar eignir,“ segir Frosti. Hann bætir því við að þessi fyrirtæki starfi á markaði þar sem samkeppni ríkir nú þegar á meðal einkaaðila og því engin ástæða fyrir hið opinbera að vera starfandi á þeim. „Og hvað þá að stefna að vexti eins og til að mynda í tilfelli Íslandspósts,“ segir Frosti.



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, hefur undirbúið Viðskiptaþing 2015 undanfarna daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Frosti segir þó að það væri verulega bjartsýnt að ætla að ríkið myndi selja allar eignirnar. „En þó það væri ekki nema helmingurinn í verðmætum þá væri engu að síður um 400 milljarða að ræða sem myndi lækka skuldir ríkissjóðs um fjórðung,“ segir Frosti. Hann bendir jafnframt á að það séu einungis þrjár leiðir til að lækka skuldir ríkissjóðs hlutfallslega. Það sé sala eigna eða afgangur af ríkisfjárlögum og svo í þriðja lagi að hagkerfið vaxi þannig að skuldirnar minnki í hlutfalli við hagkerfið.

„Og því miður að okkar mati þá hefur eingöngu verið fókusað á þennan þriðja þátt. Það er mikilvægt en við teljum að það eigi að nýta samhliða hinar tvær leiðirnar til þess að grynnka á skuldum,“ segir Frosti. Enda sé vaxtakostnaður ansi stór herkostnaður fyrir lífskjör og opinbera þjónustu. „Við erum að borga, sem hlutfall af landsframleiðslu, næstum því tvisvar sinnum meira en Grikkland og þar telja menn ástandið nú ansi svart,“ segir Frosti.

Hann segir klárt mál að það sé grundvöllur fyrir aukinni hagkvæmni í ríkisrekstri og endurskilgreiningu á verkefnum og umfangi hins opinbera.

jonhakon@frettabladid.is

### VÍ TELUR UNNT AÐ SELJA ÞESSAR EIGNIR

| | Fyrirtæki | Áætlað söluvirði |
|---|---|---|
| **Fjármál** | | |
| | Landsbankinn | 236* |
| | Arion banki | 18 |
| | Íslandsbanki | 8 |
| | Sparisjóðir | 1 |
| **Orka** | | |
| | Landsvirkjun | 176 |
| | Orkuveita Reykjavíkur | 101 |
| | Orkusalan | 28 |
| | Orkubú Vestfjarða | 3 |
| **Veitur** | | |
| | Landsnet | 67 |
| | HS Veitur | 13 |
| | Rarik | 13 |
| | Farice | 59 |
| **Atvinna** | | |
| | Isavia | 31 |
| | ÁTVR | 19 |
| | Íslandspóstur | 5 |
| | Sorpa | 4 |

*milljarðar króna






Stærstu málin að einfalda skatta og losa höftin:

## Skattar draga úr hvata

„Það er ekki hægt að skapa hvata til verðmætasköpunar ef ríkið ætlar að hirða bróðurpartinn af ábatanum með sköttum,“ sagði Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, á aðalfundi Félags atvinnurekenda í Nauthóli í gær.

Bjarni sagði að stærstu verkefni ráðuneytisins væru af tvennum toga. Annars vegar vinna við afnám fjármagnshafta og hins vegar vinna við að einfalda skattkerfið. Hann sagðist sjálfur funda nánast á hverjum degi um afnám haftanna. „Síðast í dag, allur föstudagurinn fer í það,“ sagði Bjarni og ítrekaði að ráðuneytið hefði aldrei haft jafn marga við að vinna að þessum málum.



**RÁÐHERRA** Bjarni Benediktsson fundar nánast daglega um losun hafta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann sagði að það væri tómt mál að tala um eflingu frumkvöðlastarfs og atvinnulífs, eflingu nýsköpunar eða mikilvægi þess að ná fram hagvexti ef ekki tækist að leysa þessi mál. - jhh



**Í EYJUM** Heimilt er að veiða 580 þúsund tonn á fiskveiðiárinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Í 20 ár hafa að meðaltali veiðst 635 þúsund tonn:

## Kvóti undir meðaltali

Heildarkvótinn sem gefinn hefur verið út í loðnu fyrir fiskveiðiárið 2014-2015 er 55 þúsund tonnum minni en meðaltal heildarkvóta síðustu 20 árin. Þetta má lesa úr gögnum sem Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa tekið saman.

Meðaltal 20 ára er rúm 635 þúsund tonn en leyfileg veiði þetta fiskveiðiár er 580 þúsund tonn. Meðaltal síðustu tíu ára er öllu lægra eða tæp 311 þúsund tonn. „Það þarf að ganga mjög vel til að við náum að veiða okkar hlut. En ef við náum að veiða allan okkar hlut sem er 405 þúsund tonn þá eru áætluð veiðigjöld 1,6 milljarðar af þeim tonnum. En það þarf einmitt allt að ganga vel, veðrið og loðnan þarf að vinna með okkur svo við náum að veiða allt,“ segir Hallveig Ólafsdóttir, hagfræðingur hjá SFS. - jhh




# PÚÐASPRENGJA

## 40% AFSLÁTTUR AF PÚÐUM




## 3 *fyrir* 2 AF KERTUM • 3 *fyrir* 2 AF SNYRTIVÖRUM




Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 Erum á Facebook • www.pier.is

Aumt er að ráða ekki við að rannsaka auðlindina:

# Staða sem ekki er forsvaranleg

Loðnutonn í sjó eru sýnd veiði en ekki gefin eins og útgerðarmenn landsins reyna nú á eigin skinni. Undir eru miklir hagsmunir. Loðnukvótinn var aukinn undir janúarlok eftir mælingar, en nú er sú staða uppi að aðeins hefur veiðst um fimmtungur heildarkvótans og líklegt að söluverðmæti þess sem eftir er að veiða sé einhvers staðar nálægt 30 milljörðum króna. Það munar um minna.



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Bræla og óhefðbundin hegðun loðnunnar setur strik í reikninginn og útgerðarmenn óttast að ná ekki veiðinni á land. Þannig kom fram í Fréttablaðinu í vikunni að aflamark HB Granda í loðnu væri um 72.000 tonn, sem að stærstum hluta væru óveidd. „Þau tonn eru enn í sjó en ekki á bankabók,“ var haft eftir Vilhjálmi Vilhjálmssyni forstjóra HB Granda sem er ein fimm útgerða sem eiga þrjá fjórðu aflahlutdeildarinnar.

Staðreyndin er að sérfræðingar standa á gati yfir framferði loðnustofnsins sem um þessar mundir ætti að vera á hraðferð austur og suður fyrir landið á hrygningarslóðir en virðist í staðinn hafa stoppað fyrir norðan land. Miðað við reynslu fyrri ára ætti loðnan að vera að veiðast úti fyrir suðaustur- og suðurströnd landsins.

„Þetta er svo óvenjulegt að það er óforsvaranlegt að vera ekki á svæðinu við rannsóknir, og til að fylgjast náið með þessu,“ segir Sveinn Sveinbjörnsson, sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar, í viðtali um málið í Fréttablaðinu í gær. Ekki sé vitað hvað sé raunverulega í gangi. „Þetta er allt öðruvísi en við erum vanir að sjá og gerbreytt, virðist vera, þetta göngumynstur á loðnunni.“

Þá er haft eftir Jóhanni Sigurjónssyni, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, að vissulega væri full ástæða til að halda úti hafrannsóknaskipi til rannsókna fyrir norðan vegna þessarar breyttu hegðunar loðnunnar. „En þetta er víst sá stakkur sem okkur er sniðinn til hafrannsókna og þess utan margt annað sem við vildum rannsaka,“ segir hann í blaðinu um leið og Sveinn Sveinbjörnsson bætir við að „alveg hrikalegt“ sé að geta ekkert fylgst með þróun mála.

Nú má vera að sá floti, sem att hefur verið norður fyrir land í viðleitni til að ná aflanum á land áður en það verður of seint, hafi að einhverju marki erindi sem erfiði og ástæða er til að vona að svo verði. En að fiskveiðiþjóð sem gumar af því á tyllidögum að standa í fremstu röð í heiminum þegar kemur að rannsóknum í sjávarútvegi og fiskveiðistjórnun skuli þurfa að reiða sig alfarið á guð og lukkuna þegar upp kemur óþekkt ástand er náttúrlega út í hött.

Auðvitað er algjörlega galið að þjóð sem reiðir sig á sjávarútveg í jafnmiklum mæli og hér er gert skuli ekki standa sómasamlega að rannsóknum á auðlindinni. Að skattrannsóknum ólöstuðum hefði maður talið að full ástæða væri til að beina fjármagni til þeirra stofnana sem hafa eiga puttann á púlsinum þegar kemur að auðlindum hafsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki sjálfum sér líkur

Bjarni Benediktsson þótti ekki sjálfum sér líkur þegar hann stóð í gustinum á tröppum Stjórnarráðshússins og jós skömmum yfir skattrannsóknarstjóra ríkisins. Bjarni var reiðari, sótti fastar að annarri manneskju en hann á venju til. Vissulega á Bjarni til að vera harðorður í þinginu, í pólitískum átökum, þar sem þingmenn geta svarað fyrir sig. Nú bar nýrra við. Bjarni hefur sjálfur sagt um þessa uppákomu að hann hafi verið fullóþolinmóður. Mörgum þótti Bjarni hafa tekið upp sið annarra stjórnmálamanna, eða kannski sýnt bara á sér nýtt andlit. Það má spyrja hvort skattamálið sé honum svo erfitt.



### Gefst ekki upp

Þó fullur vilji virðist vera fyrir kaupum á skattagögnunum dugar það ekki öllum. Össur Skarphéðinsson fer mikinn í málinu og skrifar: „Davíð Oddsson notaði opinberar yfirlýsingar til að boxa niður opinbera starfsmenn og skapa terror í stjórnkerfinu. Það virkaði vel. – Sigmundur Davíð og Bjarni hafa tekið þetta háttalag upp. Báðir hlupu í vörn fyrir fyrrverandi innanríkisráðherra með mjög óviðeigandi yfirlýsingum gagnvart umboðsmanni sem bersýnilega þjónuðu þeim tilgangi að hræða hann. Allir vita hvernig það fór.“ „Bjarni Benediktsson húðskammar skattrannsóknarstjóra opinberlega, greinilega í þeim tilgangi að setja hana „på plads“.“ Þannig skrifar hinn margreyndi Össur Skarphéðinsson.



### Að segja rétt frá

„Nú hefur Bjarni hrakist í málinu, neyðst fyrir atbeina aðhalds frá almenningi, fjölmiðlum og stjórnarandstöðu til að veita allar heimildir sem þarf. En það breytir ekki hinu, að þó hann hafi á síðustu stigum málsins lýst yfir að það sé sjálfstæð ákvörðun skattrannsóknarstjóra hvað hún geri, þá skilyrti hann á fyrri stigum málsins fjárveitingar til verksins með þeim hætti, að það var stopp,“ skrifar Össur Skarphéðinsson enn um Bjarna og bætir við að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins taki gagnakaupamálið til rækilegrar skoðunar. „Hún var beinlínis stofnuð til að skoða embættisfærslu af þessu tagi,“ segir Össur Skarphéðinsson.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Upprætum ofbeldi gegn konum

MANNRÉTTINDI



**Guðrún Ögmundsdóttir**
formaður Landsnefndar UN Women á Íslandi

Við getum öll verið sammála um að við viljum búa í heimi þar sem konur lifa ekki í ótta við ofbeldi, að vera áreittar, nauðgað, brenndar og limlestar fyrir það eitt að vera konur! Þetta er ekki róttæk krafa. Þetta eru grundvallarmannréttindi.

Á morgun er landsmönnum boðið að taka þátt í byltingu. Byltingu sem fer fram um heim allan. Á morgun mun milljarður koma saman til að dansa fyrir réttlæti, dansa fyrir heim þar sem konur og stúlkur þurfa ekki að óttast ofbeldi, fyrir heim þar sem þær njóta sömu tækifæra og karlmenn og strákar.

Milljarður rís er alþjóðlegur viðburður sem nú er haldinn í þriðja sinn. Á síðasta ári komu saman milljónir manna í 207 löndum og dansaði gegn kynbundnu ofbeldi. Íslendingar létu ekki sitt eftir liggja og 3.000 manns fylktu liði á dansgólf víðs vegar um landið. Í ár ætlum við að gera enn betur!

Ein af hverjum þremur konum verður fyrir ofbeldi á lífsleiðinni. Í ár ætlum við að dansa af krafti fyrir allar þær konur og stúlkur sem upplifað hafa ofbeldi og sýna í verki að okkur stendur ekki á sama.

Ofbeldi gegn konum er ein helsta fyrirstaða þess að árangur náist í jafnréttismálum og efnahagslegri þróun. Landsnefnd UN Women á Íslandi hefur verið dyggur stuðningsaðili Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum. Styrktarsjóðurinn er eini sjóðurinn í heiminum sem vinnur eingöngu að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum og er hann rekinn undir hatti UN Women. Ofbeldi gegn konum er útbreiddasta mannréttindabrot í heiminum í dag en fleiri konur látast eða tapa heilsu vegna ofbeldis heldur en malaríu, umferðarslysa, HIV og krabbameins ár hvert.

Á síðustu árum hafa fjölmargir landsmenn lagt málefninu lið með þátttöku í Systralagi UN Women. Með þátttöku í Systralaginu leggja styrktaraðilar starfi samtakanna lið við að uppræta ofbeldi, fátækt og óréttlæti sem konur og stúlkur í fátækustu löndum heims upplifa dag hvern.

Landsnefnd UN Women skorar á fyrirtæki, stofnanir og skóla að fjölmenna og sýna samstöðu í verki. Byltingin hefst klukkan 12, föstudaginn 13. febrúar, í Hörpu í Reykjavík, í Hofi á Akureyri, í félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði, íþróttahúsinu í Neskaupstað, Hljómahöllinni í Reykjanesbæ og í Menntaskólanum á Ísafirði. Mætum, dönsum og krefjumst þess að mannréttindi kvenna og stúlkna séu virt.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kreppa? Hvaða kreppa?

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Er kreppa í heiminum eða ekki? Á því máli eru a.m.k. tvær hliðar. Athugum málið.

**Minni munur en margir halda**

Lítum fyrst á heiminn í heild. Íbúafjöldinn er nú um sjö milljarðar. Kaupmáttur samanlagðrar framleiðslu allra landa heims í ár verður 113.000 milljarðar Bandaríkjadala skv. upplýsingum alþjóðastofnana (AGS og Alþjóðabankinn). Það gerir um 16.000 dali á hvert mannsbarn yfir árið í heiminum að jafnaði. Það er ríflega þriðjungur af kaupmætti landsframleiðslu á mann á Íslandi. Þetta heimsmeðaltal, 16.000 dalir á mann á ári, jafngildir 177.000 krónum á mann á mánuði hér heima. Til samanburðar samsvarar kaupmáttur landsframleiðslu á mann á Íslandi 2015 (45.000 dalir) næstum hálfri milljón króna á mánuði á hvert mannsbarn í landinu. Það gerir tvær milljónir króna á mánuði á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Hér er um heildartekjur að ræða, ekki launatekjur. Af þessum tölum má ráða, að launatekjur eru mun lægra hlutfall heildartekna þjóðarbúsins en margir hefðu haldið og hafa raunar lækkað verulega sem hlutfall af heildartekjum m.a. vegna aukinnar hlutdeildar fjármagnstekna í heildinni og meiri misskiptingar.

Kaupmáttarmunurinn milli landa er einnig miklu minni en margir munu hafa átt von á. Skýringin liggur í miklum hagvexti í þróunarlöndum undangengna áratugi í krafti betra búskaparlags, ekki sízt í Kína. Kaupmáttur tekna á mann í Noregi, einu ríkasta landi heims, er ekki nema rösklega fjórfaldur á við heimsmeðaltalið. Norska talan er helmingi (þ.e. 50%) hærri en íslenzka talan, en það er að vísu villandi að því leyti, að Norðmenn vinna mun færri stundir á ári en Íslendingar (Norðmenn vinna styttri vinnuviku og fara fyrr á eftirlaun). Kaupmáttur á hverja vinnustund er því miklu meira en helmingi drýgri í Noregi en hér heima.

**Mikill vöxtur, já, en mismikill**

Fyrir einum mannsaldri, 1980, skömmu eftir að Kínverjar hófu vegferð sína frá miðstjórn til markaðsbúskapar, nam hlutdeild Bandaríkjanna í heimsframleiðslunni röskum fimmtungi (22%) á móti fimmtugasta parti í Kína (2%). Í fyrra sigldi Kína fram úr Bandaríkjunum. Í ár mun landsframleiðsla Kínverja nema 17% af heimsframleiðslunni á móti 16% hlutdeild Bandaríkjamanna. Á sama tíma hefur hlutdeild ESB í heimsframleiðslunni minnkað úr 30% 1980 í 17% 2015 eins og í Kína. Bandaríkin, ESB og Kína standa því samtals á bak við réttan helming heimsframleiðslunnar. Tekjur á mann í Kína eru þó mun lægri en í Bandaríkjunum og ESB.

Efnahagur heimsins heldur áfram að batna á heildina litið. Landsframleiðsla heimsins í heild er talin munu vaxa um 4% í ár, segir AGS, landsframleiðsla Afríkulanda sunnan Sahara um 6% og Asíulanda um 7%. Engin kreppa þar. Landsframleiðsla ESB-landanna vex um 2% í ár á móti 3% heima. Hér þarf að gá að því, að fólksfjölgun á ESB-svæðinu í ár er 0,2% á móti 1,2% hér heima. Vöxtur landsframleiðslu á mann er því hinn sami hér og þar, eða 1,8% á báðum stöðum. Atvinnuleysi er þó miklu minna hér en úti í Evrópu. Heimurinn á ekki við kreppu eða eftirstöðvar kreppu að stríða, heldur einungis fáein lönd, t.d. Grikkland og Ísland.

**Hvað er þá að?**

Hvers vegna halda sumir áfram að tala um kreppu? Er hún ekki liðin hjá?

Skellurinn 2007-2008 átti upptök sín í Bandaríkjunum og birtist fyrst í falli banka og síðan í risavöxnum fjárútlátum alríkisstjórnarinnar til að forða öðrum bönkum og fyrirtækjum frá falli, jafnvel General Motors, sem löngum var talið vera hryggjarstykkið í bandarísku efnahagslífi. Vandinn barst til Evrópu, þar sem bankar höfðu ausið lánsfé t.d. í grísku ríkisstjórnina og íslenzka banka. Einnig í Evrópu þurfti að verja miklu skattfé til að bjarga bönkum frá falli. Í ljós hefur komið, að bandarískir bankar brutu lög í stórum stíl. Eigi að síður tókst bankamönnum þar vestra að skjóta sér undan afleiðingum gerða sinna, ekki bara með því að sleppa við refsingu, heldur einnig með því að draga tennurnar úr tilraunum Bandaríkjastjórnar til að hemja bankana til að girða fyrir hættuna á nýrri fjármálakreppu. Bankarnir hafa fimm erindreka í Washington til höfuðs hverjum þingmanni. Nokkrir bandarískir bankar eru enn „of stórir til að falla“ – þ.e. of stórir. Þeir hafa því enn sama hvatann og áður til að spenna bogann hátt og setja efnahagslífið aftur á annan endann, enda hefur ríkisstjórn Obama forseta ekki tekizt nema til hálfs og varla það að koma böndum á bankana. Sumir búast því við, að sagan muni endurtaka sig. Í þeim hópi er Simon Johnson, prófessor á MIT og fv. aðalhagfræðingur AGS, eins og hann lýsir í bók sinni 13 Bankers (2011).

> Landsframleiðsla heimsins í heild er talin munu vaxa um 4% í ár, segir AGS, landsframleiðsla Afríkulanda sunnan Sahara um 6% og Asíulanda um 7%. Engin kreppa þar.




Ligguðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.




## Subaru Forester 2.0 PREMIUM

**Nýr lánamöguleiki: 10% útborgun eða 549.000 kr.**
Verð: 5.490.000 kr.
Ný LINEARTRONIC stiglaus sjálfskipting
með þrepastillingum í stýri.

**6,5 l / 100 km**
í blönduðum akstri

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

NÚ VÆRI GOTT AÐ VERA Á SUBARU!

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# Segi „pass“ við náttúrupassanum

FERÐA-
PJÓNUSTA



Kristín Thoroddsen
ferðamálafræðingur

Flestir þeirra ferðamanna sem hingað koma, segjast koma vegna náttúru landsins. Það eitt segir okkur að aðgerða er þörf til að viðhalda þeim ferðamannastöðum sem hafa látið á sjá vegna átroðnings. Ferðaþjónustan veltir meiri tekjum en nokkur önnur grein hér á landi í dag. Það segir mér að hún skapar töluverðar skatttekjur og að mínu mati á að nota þær til uppbyggingar í þeirri grein. Nákvæmlega eins og þegar skattur er lagður á íbúa bæjarfélags og þeir fjármunir nýttir til uppbyggingar, viðhalds og þjónustu fyrir þá sem þar búa. Hvað með þær fréttir að hér á landi séu ferðaþjónustufyrirtæki, sem eru með öllu eða að hluta til undanskilin virðisaukaskatti? Meira að segja fyrirtæki sem hefur auðveldan aðgang að ferðamönnum og þeim tekjum sem þeir skilja eftir sig!

„Þeir greiða sem njóta“, þessari setningu hefur verið fleygt fram sem rökum með náttúrupassanum. Hvernig réttlæta þá ráðamenn þjóðarinnar það að hér á landi séu rekin fyrirtæki í ferðaþjónustunni sem njóta góðs af ferðamönnum en þurfa ekki að greiða neitt til samfélagsins? Eins og hér sé ríki í ríkinu. Ákveðin ferðaþjónustufyrirtæki eru undanþegin skatti og það virðist vera að ekki sitji allir við sama borð þegar kemur að skattlagningu.

Aðgerða er strax þörf eins og okkar ágæti iðnaðar- og viðskiptaráðherra bendir á. Það eru orð að sönnu og engum dylst að úrbóta er þörf hið fyrsta. Því legg ég til að við nýtum þá leið sem við höfum hér sem kallast skattur og hefur verið til svo lengi sem elstu menn muna. Kerfi sem kallar ekki á aukið starfsmannahald eða flækjustig og er nú þegar til staðar.

**Hver verður svo hlutur náttúrunnar?**
Hvernig sjáum við fyrir okkur að þeir fjármunir muni dreifast sem þarna er aflað, það er, þegar búið er að greiða launakostnað forritarans, landvarðarins, nokkurra starfsmanna ferðamálastofu eða tengdrar stofnunar, bílakostnað, kynningarkostnað, umsýslugjald þeirra sem gefa út passana, þeirra sem skrá þá, þeirra sem þá prenta, svo ekki sé talað um þann kostnað sem fer í að elta uppi þá sem ekki ætla sér að greiða fyrir aðgang og verða uppvísir að landspjöllum til að komast fram hjá „kerfinu“? Ég gæti talið upp fleiri atriði en spyr mig þá: Hver verður upphæðin sem eftir verður til uppbyggingar á ferðamannastöðunum? Eða er það ekki annars það sem þetta snýst um?

Orðræðan snýst um framkvæmd. Hún snýst um það hvernig hanna á náttúrupassann að mati ráðherra og allt þetta er tilkomið vegna þess hversu vel hefur gengið að markaðssetja ágæti landsins, fólkið sem hér byggir landið og þá fallegu og viðkvæmu náttúru sem við höfum. Veiða á alla fiskana í sjónum, eða í þessu tilfelli, ná til eins margra ferðamanna og mögulegt er.

Hvernig var það á þeim tíma sem fiskveiðar öfluðu okkur mestu gjaldeyristeknanna, þurfti þá ekki í framhaldi að takmarka veiðar vegna ofveiði og hræðslu við það að verið væri að „hreinsa“ hafið? Ferðaþjónustan er ekkert ólík fiskveiði. Hún skapar tekjur og er auðlind okkar allra. En kannski erum við að fiska þar of hratt? Þar ráðast skoðanir þeirra sem byggja hag sinn og afkomu á ferðaþjónustunni, skiljanlega.

**Hafa þarf landsmenn með í ráðum**
Það sem ferðaþjónustan þarf er velvild íbúa í garð ferðamanna því það hlýtur að vera hluti af stóru myndinni, ekki síður en þær tekjur sem af þeim skapast. Hér þarf að að ríkja gestrisni sem með afspurn gerir Ísland að áhugaverðum stað til að heimsækja. Ljóst er að náttúrupassinn mun ekki verða vinsæll. En ástæða þess að verið er að ræða þessi mál er jú mikil fjölgun ferðamanna. Viljum við í alvöru fara á þennan stað, stað sem ýtir undir það sem kallast og notað er oft í fræðum ferðaþjónustunnar „þolmörk“? Þolmörk eru helsta ógn ferðaþjónustu alls staðar í heiminum og Ísland er engin undantekning þar á. En þegar þolmörkum er náð þá fara íbúar svæðisins að snúast gegn ferðamönnunum og kemur upp ákveðin andúð í garð þeirra. Á hvaða stað verðum við komin þá? Öll eggin komin í sömu körfuna og heilu bæjarfélögin farin að afla tekna af komu ferðamannanna. Horfa verður því á þessa aðgerð, sem innleiðing náttúrpassans er, til mun lengri tíma. Horfa á til ferðaþjónustunnar með langtímamarkmið í huga, langhlaup þar sem ryðja á hindrunum úr vegi eins og hægt er svo allir hafi áhuga á og getu til að taka þátt í langhlaupi og uppgangi ferðaþjónustunnar á landinu.

**➜ Getur verið að okkar ágætu ráðamenn séu fastir inni í kassa náttúrupassans og sjái ekki annað en hvernig útfæra eigi passann, í stað þess að stíga út úr kassanum og horfa í kringum sig?**

Pössum landið en munum að til þess þarf ekki endilega „náttúru“-passa. Þetta mál hefur fengið að velkjast um í kerfinu í þrjú ár og búið er að verja ómældum tíma í að útfæra þessa hugmynd og enn virðast ráðamenn ekki vera vissir um hvað sé best. Getur verið að okkar ágætu ráðamenn séu fastir inni í kassa náttúrupassans og sjái ekki annað en hvernig útfæra eigi passann, í stað þess að stíga út úr kassanum og horfa í kringum sig? Að þeir brjóti odd af oflæti sínu og hlusti á raddir þegna sinna og stuðli að jákvæðri uppbyggingu ferðaþjónustunnar á Íslandi með okkur, þegna landsins, með í ferðinni. Það er að mínu mati eina leiðin til að ná settu markmiði í þessu langhlaupi ferðaþjónustunnar, bæði með hag náttúrunnar og okkar sem byggjum þetta land að leiðarljósi.

Umferðar- og samgönguþing verða haldin fimmtudaginn 19. febrúar í Hörpu í Reykjavík. Þingin eru skipulögð af innanríkisráðuneytinu, samgönguráði og Samgöngustofu. Umferðarþingið verður haldið milli klukkan 8 og 12 en samgönguþingið stendur frá klukkan 13 til 17.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra mun ávarpa samgönguþingið í upphafi og síðan flytja sérfræðingar erindi á báðum þingunum og gefinn verður góður tími til umræðna og fyrirspurna.

Skráning er til og með 17. febrúar klukkan 16.
Aðgang að skráningu, nánari upplýsingum og dagskrá þingsins má finna á samgongustofa.is/umferdarthing

Samgöngustofa
Innanríkisráðuneytið
isavia
Vegagerðin

UMFERÐARÞING
2015
HARPA / 19. febrúar
8.00 – 12.00

Meðal efnis á umferðarþingi má nefna erindi Guðbjargar Kristínar Ludvígsdóttur læknis þar sem m.a. er svarað spurningunni hvort fatlaðir vegfarendur búi við sama öryggi í umferðinni og aðrir. Kristín Sigurðardóttir læknir og Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri umferðarslysa hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa, fjalla m.a. um umferðarslys, áhrif og hvernig orsakir og eðli þeirra hafa breyst. Kynntar verða niðurstöður rannsóknarskýrslu um slys á hjólandi vegfarendum og umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga.

SAMGÖNGUÞING
2015
HARPA / 19. febrúar
13.00 – 17.00

Á samgönguþingi verða kynnt drög að samgönguáætlun 2015-2026. Ólöf Nordal innanríkisráðherra kynnir stefnuna og meginmarkmið hennar og Birna Lárusdóttir, formaður samgönguráðs, fjallar um aðdraganda og samráðsferlið. Farið verður yfir árangur fyrri stefnu, áherslur og stærstu verkefni samgönguáætlunar 2015-2026 og umhverfismat áætlunarinnar. Góðir gestafyrirlesarar, þau Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA, Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor í samgönguverkfræði við HÍ, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir skipulagsstjóri, Árni Freyr Stefánsson hjá Mannviti og Friðrik Pálsson hótelhaldari fjalla um áhugaverð viðfangsefni við mótun stefnunnar svo sem framtíðarsýn, fjármögnun og ferðaþjónustu. Í lokin verða pallborðsumræður með þátttöku fulltrúa samgönguráðs, umræðum og fyrirspurnum.

# ÞVOTTADAGAR

## FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

*Afsláttur af öllum **AEG** þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum.*




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
Lavamat 60260FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 87.920,-**
Verð áður kr. 109.900,-




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
Lavamat 60460FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 95.920,-**
Verð áður kr. 119.900,-




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
Lavamat 75470FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 119.920,-**
Verð áður kr. 149.900,-




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
Lavamat 75670FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 127.920,-**
Verð áður kr. 159.900



**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**
T61270AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**Nú kr. 95.920.-**
Verð áður kr. 119.900,-



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**
FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 103.920,-**
Verð áður kr. 129.900,-

STÁL **Nú kr. 111.920,-**
Verð áður kr. 139.900



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**
F66692MOP
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 43db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 119.920,-**
Verð áður kr. 149.900,-

STÁL **Nú kr. 127.920,-**
Verð áður kr. 159.900



**ZANUSSI**

**ÞVOTTAVÉL**
ZWGB6120K
Tekur 6 kg af þvotti, 1200 snúninga vinda og sjálfvirk vatnsskömmtun.

**Nú kr. 69.900,-**

**0%**
**VEXTIR**
Vaxtalausar raðgreiðslur í 12 mánuði.
3,5% lántökugjald.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is**

**OPIÐ**
**VIRKA DAGA**
**KL. 10-18 ·**
**LAUGARDAGA**
**KL. 11-15**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# Vandi háskólanna er undirfjármögnun

MENNTAMÁL



**Helgi Þór Thorarensen**
prófessor við Háskólann á Hólum

Menntamálaráðherra hefur nýverið viðrað hugmyndir um sameiningu háskóla á Vestur- og Norðurlandi. Tillögurnar eru viðbrögð við umræðu um að háskólar á Íslandi séu of margir og þess vegna sé nauðsynlegt að sameina skóla, m.a. til þess að leysa rekstrarvanda þeirra. Tillögurnar leysa hins vegar ekki þann vanda sem íslenska háskólakerfið stendur frammi fyrir, sem hvorki snýst um fjölda háskóla, rekstur eða rekstrarform einstakra skóla, heldur þá einföldu staðreynd að háskólakerfið í heild er svelt fjárhagslega.

Til þess að byggja upp þjóðfélag, sem staðið getur undir góðum lífskjörum er nauðsynlegt að hafa góða háskóla. Ekki verður annað sagt en að íslenskir háskólar hafi í gegnum árin staðið sig býsna vel í samanburði við erlenda háskóla þrátt fyrir smæð og takmörkuð fjárráð. Með Bologna-ferlinu hafa íslenskir háskólar undirgengist að bjóða sambærilega menntun og völ er á í nágrannalöndunum og reglulega eru gerðar úttektir á skólunum til þess að ganga úr skugga um að þeir standist þessar kröfur.

### Niðurskurður takmarkar ýmislegt

Núverandi fjárframlög duga hins vegar engan veginn til þess að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru, og á að gera, til íslenskra háskóla. Framlög á hvern nemanda í íslenskum háskólum eru vel undir meðaltali OECD-ríkjanna og meira en helmingi lægri en gengur og gerist í öðrum löndum Norður-Evrópu. Þetta er meginvandamálið sem háskólarnir standa frammi fyrir og skýrir rekstrarvanda þeirra. Til að mæta þessu hafa útgjöld sumra skóla verið skorin svo mikið niður að þeir eru reknir hallalaust. Sá árangur er hins vegar tálsýn, því endurnýjun á fasteignum og búnaði hefur setið á hakanum. Niðurskurðurinn hefur enn fremur dregið úr möguleikum háskólanna á því að efla og viðhalda mannauði. Vísindastarfsemi er alþjóðleg í eðli sínu og þess vegna er nauðsynlegt að íslenskir vísindamenn hafi tækifæri til þess að tengjast þeim rannsóknahópum sem standa fremst á sínu sviði. Því miður hefur niðurskurður undanfarinna ára takmarkað möguleika íslenskra vísindamanna til þess að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi.

Bent hefur verið á, að sameining háskóla gæti bætt rekstrarstöðu þeirra. Það er hins vegar vafasamt að fækkun um fáeinar stöður í yfirstjórn og skrifstofuhaldi breyti miklu um rekstur þeirra. Samstarfsnet ríkisháskólanna fjögurra, sem komið var á árið 2010, hefur þegar skilað stórum hluta af þeim rekstrarlega ávinningi sem ná má með sameiningu. Eina leiðin til þess að spara frekar í rekstri er að leggja niður skóla eða starfsstöðvar, en varla eru menn tilbúnir til þess.

Áður en farið er í að sameina háskóla er mikilvægt að líta á stóru myndina og velta því fyrir sér hvers konar háskólakerfi við viljum hafa á Íslandi og á hvern hátt megi bæta það. Skilvirkasta leiðin til þess að bæta íslenska háskóla felst í því að auka fjárframlög til skólanna. Rekstrarvandi háskólanna snýst ekki um rekstrarform þeirra, hvort þeir eru sjálfseignarstofnanir eða ríkisreknir, heldur það að fjármögnun er ekki í samræmi við þær gæðakröfur sem við viljum að þeir standist.

**➜ Vísindastarfsemi er alþjóðleg í eðli sínu og þess vegna er nauðsynlegt að íslenskir vísindamenn hafi tækifæri til þess að tengjast þeim rannsóknahópum sem standa fremst á sínu sviði. Því miður hefur niðurskurður undanfarinna ára takmarkað möguleika íslenskra vísindamanna til þess að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi.**

# Sovét Sjálfstæðisflokksins

SJÁVARÚTVEGSMÁL



**Lýður Árnason**
læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

Hið íslenska fiskveiðistjórnunarkerfi, sem flestir þekkja sem kvótakerfið, var fest í sessi 1991 og fagnar brátt aldarfjórðungsafmæli. Upphaflega var kvótakerfinu komið á til að varna ofveiði. En veiðitakmörkun fækkaði hins vegar ekki bátum og því var kvótaframsalið lögfest 1991 sem heimilaði mönnum að kaupa veiðiheimildir hver annars. Þetta var gert í hagræðingarskyni.

Svona hljómaði og hljómar enn fyrsta grein laga um stjórn fiskveiða:

Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

Og þetta stendur í fjórðu grein: Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.

Þetta er vart hægt að túlka öðruvísi en svo að hugmynd löggjafans með úthlutun veiðiheimilda hafi ekki verið sú að gefa frá sér eignarréttinn og enn fremur að honum skyldi einungis úthlutað til eins árs í senn. Í framhaldi af þessu er fróðlegt að rýna í ummæli fyrrverandi sjávarútvegsráðherra frá þessum tíma: Halldór Ásgrímsson, í þingræðu 1991: „Útvegsmenn sem fá framselda til sín aflahlutdeild af öðrum fiskiskipum vita að þeir eru ekki að fjárfesta í varanlegum réttindum.

Það verð sem þeir eru tilbúnir að greiða fyrir slíkar heimildir hlýtur því að taka mið af þeim raunveruleika að Alþingi getur hvenær sem er breytt lögunum um stjórn fiskveiða, komist Alþingi að þeirri niðurstöðu að annað fyrirkomulag tryggi betur lífskjör í landinu.“

### Gersamlega út úr korti

Af þessu má sjá að verðlagning veiðiheimilda í gegnum tíðina hefur ekki verið í neinu samræmi við þann lagaramma sem settur var, heldur miðuð við ævarandi eign og því gersamlega út úr korti. Og hverjir bjuggu til þennan glórulausa verðramma? Jú, útgerðin og bankarnir. Og hverjir ættu því að grípa boltann? Jú, auðvitað sömu aðilar, útgerðin og bankarnir.

Í öll þessi ár hefur enginn ráðandi stjórnmálaflokkur megnað að bjóða þessu tvíeyki birginn og þeir fremur gengið á mannréttindi almennra borgara. Því fagna ég vitundarvakningu sjávarútvegsráðherra sem vill í nýju sjávarútvegsfrumvarpi geirnegla eignarrétt þjóðarinnar á veiðiheimildum. Að sama skapi er fróðlegt að heyra í þingmönnum svokallaðs Sjálfstæðisflokks lofa hagræðingu kvótakerfisins og líkja þjóðareign auðlinda við sovét. Er Noregur þá sovét?

Vandinn er sá að svokallaðir sjálfstæðismenn hafa engan áhuga á frjálsri samkeppni í sjávarútvegi sem samkvæmt þeirra kokkabókum er þó það form sem best tryggir afkomu almennt. Og hvers vegna skyldi það vera? Það hlýtur að vera af sömu ástæðu og yfirleitt í mannkynssögunni, þ.e. þegar hagsmunir skarast of mikið er réttu máli hallað.

Vona að framsóknarmenn og allt þingið standi í lappirnar í þessu máli og láti svokallaðan Sjálfstæðisflokk aldrei ná framgangi með sovésku andfrelsi sínu.

**➜ Af þessu má sjá að verðlagning veiðiheimilda í gegnum tíðina hefur ekki verið í neinu samræmi við þann lagaramma sem settur var, heldur miðuð við ævarandi eign og því gersamlega út úr korti. Og hverjir bjuggu til þennan glórulausa verðramma? Jú, útgerðin og bankarnir. Og hverjir ættu því að grípa boltann? Jú, auðvitað sömu aðilar, útgerðin og bankarnir.**


Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu

Norðurland




**KVH**
Strandgata 1
530 Hvammstangi
Sími 455 2300

**Vélav. Hjartar Eiríkssonar**
Búlandi 1 · 530 Hvammstangi
Sími 451 2514

**Bifreiðaverkstæði Blönduós**
Efstubraut 2 · 540 Blönduós
Sími 452 2600

**N1 Píparinn**
Efstubraut 2 · 540 Blönduós
Sími 868 6066

**Pardus**
Suðurbraut · 565 Hofsós
Sími 453 7380

**Bás**
Ránargata 14 · 580 Siglufjörður
Sími 467 1860

**Bílatorgið Akureyri**
Dalsbraut 1 · 600 Akureyri
Sími 464 2121

**Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins**
Fjölnisgötu 2a · 603 Akureyri
Sími 462 2499

**Kraftbílar**
Draupnisgata 6 · 603 Akureyri
Sími 464 0000

**Múlatindur**
Múlavegur 13 · 625 Ólafsfjörður
Sími 466 2194

**Bílaleiga Húsavíkur**
Garðarsbraut 66 · 640 Húsavík
Sími 464 1888

**Bílaþjónustan**
Garðarsbraut 52 · 640 Húsavík
Sími 464 1122

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is


# Skoðanir barna og ungmenna skipta máli

SAMFÉLAG



**Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir**
þingmaður Vinstri grænna

Ég hef fengið það hlutverk að vera einn af talsmönnum barna á Alþingi ásamt þingmönnum úr öllum flokkum er sæti eiga á Alþingi. Hlutverk okkar er fyrst og fremst að huga að áhrifum allra mála sem þingið fjallar um á börn og ungmenni. Hópurinn var formlega stofnaður fyrir tilstuðlan UNICEF, Barnaheilla og Umboðsmanns barna, á 25 ára afmælishátíð Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Laugalækjarskóla þann 20. nóvember í fyrra.

Fyrsta verk hópsins var að sitja námskeið um Barnasáttmálann og í framhaldi af því var lögð fram þingsályktunartillaga um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna. Hún er nú til umfjöllunar í allsherjar- og menntamálanefnd og fæst vonandi samþykkt í vor.

Nýlega héldu átta ungmenni á aldrinum 14–18 ára úr ungmennaráðum ásamt fulltrúum Unicef, Barnaheillum og umboðsmanni barna fund með fulltrúum velferðarnefndar Alþingis. Meðal þess sem þau lögðu áherslu á var þátttaka og réttindi barna og þar ræddu þau meðal annars um 12. grein barnasáttmálans og mikilvægi þess að fullorðnir hlusti á börn og ungmenni. Þau ræddu líka skólakerfið og menntun í víðari skilningi en þar lögðu þau m.a. áherslu á að öll börn fengju skólamáltíðir óháð fjárhag foreldra, og velferðarmál þar sem þau lögðu áherslu á geðheilbrigðismál.

Loks ræddu þau birtingarmyndir ofbeldis gegn börnum og mikilvægi forvarna tengdra því og einnig hvaða áhrif fátækt hefur á börn, m.a. möguleika þeirra til náms og tómstunda. Fundurinn, sem sendur var út í beinni útsendingu og finna má á heimasíðu Alþingis, var í alla staði frábær og ljóst að ekki þarf að kvíða framtíðinni með svo sköruleg ungmenni.

Segja má að allflest mál varði börn og ungmenni með einhverjum hætti og því mikilvægt að hafa þau með í ráðum enda búa þau yfir verðmætum upplýsingum og reynslu. Það er líka hlutverk okkar fullorðnu að hvetja þau og efla gagnrýna hugsun.

Því vil ég hvetja sveitarstjórnir og alþingismenn til að leita álits hjá ungmennaráðum um sem flest mál og víkka þar með sjóndeildarhring okkar fullorðnu.

# Til hamingju

með íslensku lýsingarverðlaunin 2014

# Akratorg



## Í áliti dómnefndar um verkið Akratorg segir meðal annars:

*„Samspil umhverfismótunar og lýsingar er einkar vel heppnað. Almenn lýsing þjónar vel hlutverki sínu auk þess sem hluti hennar auðgar umhverfið með gagnvirkri, nýstárlegri lýsingarlausn. Þannig er „stemning“ breytileg eftir því sem við á, hvort sem um er að ræða árstíðir eða athafnir. Heildarútkoman er sannfærandi, lýsingin er þar mikilvæg og eigendur eru stoltir af verkinu. Útfærslan er tæknilega góð og skapar gott yfirlit yfir svæðið, dregur fram sérkenni verksins og styrkir staðarandann. Lýsingin er þriðja víddin í þessu verkefni og eykur upplifun og fjölbreytileika.“*

LANDMÓTUN

Akraneskaupstaður

VERKÍS

JOHAN RÖNNING

LJÓSTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS

## AKRATORG

Staðsetning: **Akranes**
Verkkaupi: **Akraneskaupstaður**
Landslagsarkitektar: **Landmótun sf.**
Lýsingarhönnun: **Lýsingarteymi Verkís**
Rafverktakar: **Rafþjónusta Sigurdórs**
Söluaðili: **Johan Rönning hf.**
Verklok: **16. október 2014**



Hjartkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GUÐRÚN J. VIGFÚSDÓTTIR**
**vefnaðarkennari og veflistakona,**
**áður til heimilis að Vogatungu 29,**
**Kópavogi og Ísafirði,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 9. febrúar. Útför hennar verður gerð frá Digraneskirkju mánudaginn 23. febrúar kl. 13.00.

**Eyrún Ísfold Gísladóttir** · **Sturla Rafn Guðmundsson**
**Gísli Örn Sturluson** · **Marie Persson**
**Snorri Björn Sturluson**
**Guðrún Jóhanna Sturludóttir**
**Eyrún Linnea, Hanna Ísabella og Lisa Marie Gísladætur**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**INDRIÐI INDRIÐASON**
**fv. skógarvörður, Tumastöðum,**

lést 7. febrúar á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 19. febrúar kl. 13.00.

**Guðrún Indriðadóttir** · **Jón Ágúst Sigurjónsson**
**Sólveig Indriðadóttir** · **Stefán K. Guðnason**
**Indriði Ingi, Bjarki Rafn, Heiður, Vala Sif, Arnþór,**
**Sindri Freyr, Vera Björk og barnabarnabörn.**



Ástkær maðurinn minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**OTTÓ RAFN GUÐLAUGSSON**
**prentari,**

andaðist á líknardeild Landspítalans 31. janúar. Útförin fór fram í kyrrþey þann 6. febrúar að ósk hins látna. Þökkum sýndan samhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Málfríður Gunnarsdóttir**
**Gunnar Kristinn Ottósson** · **Inga Þórey Jóhannsdóttir**
**Sigurbjörn Rafn Ottósson** · **Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir**
**Ragnar Már Ottósson**
**Gunnlaug Ottósdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Okkar ástkæri

**JÓN JÓHANNSSON**
**frá Hólmavík,**
**búsettur á Hömrum, Mosfellsbæ,**

lést sunnudaginn 8. febrúar sl. Hann verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 18. febrúar kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Halldóra G. Scales**
**Jóhann Jónsson**
**Snædís Jónsdóttir**
**Fjóla Loftsdóttir**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVERRIR GÍSLASON**
**frá Heydal við Djúp,**
**síðar Hábæ 2a, Þykkvabæ,**
**Rangárvallasýslu,**

lést sunnudaginn 8. febrúar síðastliðinn. á Borgarspítalanum. Jarðarförin auglýst síðar.

**Jóna Elísabet Sverrisdóttir** · **Pálmar H. Guðbrandsson**
**Bjarni Rúnar Sverrisson**
**Elín Þóra Sverrisdóttir** · **Einar S. Bjarnason**
**Sverrir Þór Sverrisson** · **Brynja K. Sverrisdóttir**
**Sigríður Helga Sverrisdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**BIRNA GUÐFINNA**
**ÞORSTEINSDÓTTIR**
**Sólheimum, Breiðdalsvík,**

lést 8. febrúar á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Magnús Sigurðsson** · **Sigurrós Rut Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**HÖNNUÐURINN** Védís á morgungöngu með Lappa á Viale della Domus Aurea við Colosseo í Róm í gær í 14 stiga hita og sól. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Byrjaði á öfugum enda

Védís Jónsdóttir hönnuður fæddist á Skaganum og er alin upp á Melabökkum með útsýni yfir Faxaflóann og Snæfellsjökul. Nú býr hún í Róm og ætlar að halda upp á fimmtugsafmælið í dag á Sorrento-skaganum með útsýni yfir Napólíflóa og Vesúvíus.

Védís Jónsdóttir hönnuður er fimmtug í dag. Prjónafólk á Íslandi þekkir nafn hennar því hún var aðalhönnuður nýrra prjónauppskrifta fyrir Ístex um árabil en síðustu ár hefur hún búið erlendis, þar sem eiginmaðurinn starfar við utanríkisþjónustuna. Þau hjón fluttu í sumarlok til Rómar frá New York og Védís líkir því við að fara aftur í tímann. „Veðrið hér í Róm er einstakt og birtan engu lík,“ segir hún. „Maturinn, gæðin og menningin kringum hann er líka mjög að mínu skapi. Ég fer reglulega á Esquilino-markaðinn en hann er afar litskrúðugur bæði hvað varðar mat og mannlíf. Það eru mikil lífsgæði að geta keypt nýupptekið grænmeti og geta séð hversu ferskur fiskurinn er með því að horfa í augun á honum!“

Hún segir það eins og að gera upp á milli barnanna sinna að bera saman borgirnar New York og Róm. „Mér finnst þær báðar dásamlegar hvor á sinn hátt. Róm er svo falleg þó að hún sé illa hirt og svolítið spillt. Litirnir, byggingarnar, sagan, menningin og hvað fólkið er elskulegt gerir hana einstaka. New York er hins vegar svo mikill töffari, hröð með hágæða listviðburðum og mannlífskokteil. Ég bjó á Manhattan og fannst gott að vera í hlíðum þessa ljósum prýdda manngerða fjallgarðs með sínum djúpu gljúfrum, sem er ekki allra.“

Veturinn í Róm er afar þægilegur, að mati Védísar. „Auðvitað getur orðið kalt og rakinn gerir það að verkum að hér verður napurt en það varir aldrei lengi. Rómverjar segja að það rigni meira nú en áður fyrr og vissulega getur komið úrhelli eða vatnssprengjur eins og þeir segja, en fyrir Íslending er það ekkert til að hafa orð á.“

Védís kveðst koma heim á sumrin til þess að njóta besta tímans hér. En umgengst hún einhverja landa í Róm? „Já, það eru nokkrir Íslendingar sem búa hér og hægt að ná saman í einn saumaklúbb af góðum íslenskum konum. Ef ég ætti að nefna einhvern þá er það Hrefna Tynes sem hefur búið lengi í Róm og verið minn verndari hér.“

Nú vil ég vita hvernig hún Védís ætlar að halda upp á stórafmælið í dag. „Þar sem ég er fædd á Skaganum ætla ég að skreppa niður á Sorrentóskagann. Fá mér góðan fisk og gista á litríkum litlum stað sem hangir utan í klettunum með útsýni yfir Napólíflóa og Vesúvíus enda er ég alin uppi á Melabökkum með útsýni á Faxaflóann og Snæfellsjökul.“

En manstu eftir einhverju afmæli frá bernskuárunum í Melasveit? „Ekki sérstaklega. Í minningunni var yfirleitt leiðindaveður og þegar ég fæddist var stórhríð, ég er viss um að ég fæ betra veður núna!

Ég fæddist víst í sitjandi stöðu og við mamma vorum hafðar fyrstu dagana á ellideildinni því það var ekki pláss á fæðingardeildinni, það má því segja að ég hafi byrjað lífið á öfugum enda!“

gun@frettabladid.is

## Helstu verkefni Védísar núna

Eins og vænta má er Védís með verkefni á hönnunar- og hannyrðasviði hvar sem hún er.

„Ég er svo heppin að vera að byrja að spá í nýja liti fyrir splunkunýtt prjónaband sem ekki er enn komið á markað. Síðan hef ég verið að vinna að útfærslum og endurbótum á gömlum uppskriftum í eigu Ístex sem mér fannst eiga rétt á endurnýjun lífdaga. Þær munu koma út í bók á þessu ári. En það sem ég get ekki beðið eftir er að halda áfram að vinna í prjónaskúlptúrunum mínum og öðrum verkum sem ég byrjaði á í New York. Ég hef verið að prjóna úr óhefðbundnu efni eins og rafmagnsvír sem er hreint ekki auðveldur í höndum. Mér finnst líka skemmtilegt að vinna með fíngerðan frjálsan útsaum, gjarnan pínulítil verk. Svo hef ég líka verið að prófa að teikna fríhendis með saumavél. Ég hef notað tímann erlendis til að reyna að þroskast sem listamaður en virðist laðast að tímafrekum verkefnum þannig að það gengur hægt!“



**AFTUR TIL FORTÍÐAR**
Tíska áttunda áratugarins virtist eiga upp á pallborðið hjá mörgum stjörnum á Bafta-verðlaunahátíðinni. Julianne Moore klæddist kjól frá Tom Ford sem hefði sómt sér vel á skemmtistaðnum Studio 54.

# ÞRIF Á STÓLUM TIL FYRIRTÆKJA

**HREINSANDI KYNNIR** *Hreinsandi býður fyrirtækjum og stofnunum upp á þrif á húsgögnum. Hægt er að fá húsgögnin sótt á staðinn og keyrð aftur heim. Hreinsandi lánar húsgögn á meðan hreinsun stendur yfir.*

Þetta er tiltölulega ný þjónusta hjá okkur en við hreinsum húsgögn fyrir stofnanir og fyrirtæki," útskýrir Daníel Einarsson, framkvæmdastjóri Hreinsanda ehf.

„Við hreinsum sófasett og stóla úr biðstofum, setustofum og fyrirlestrasölum, skrifstofustóla og fleira. Hægt er að fá lánaða stóla hjá okkur á meðan verið er að hreinsa húsgögnin en öll hreinsun fer fram í húsnæði okkar að Eldshöfða 1. Þar búum við yfir fullkomnum tækjum og efnum til djúphreinsunar og einnig þurrkklefa en við þurrkum húsgögnin eftir hreinsun. Við náum í húsgögnin í viðkomandi fyrirtæki og skilum þeim aftur, hreinum og þurrum. Við höfum tekið allt upp í sjö hundruð stóla í einu."

Hreinsandi þjónustar fyrirtæki um allt land. Starfsmaður fer þá á staðinn með búnað til hreinsunar. „Þar er eini munurinn á að við þurrkum ekki húsgögnin þar sem aðstaðan til þess er hér í Reykjavík."

**HREINSUN FYRIR HEIMILIÐ**

Hreinsandi annast einnig hreinsun húsgagna fyrir einstaklinga og fer sú hreinsun fram að Eldshöfða. Hægt er að fá húsgögnin sótt heim og skilað aftur sé þess óskað.

„Hjá okkur fara húsgögnin í gegnum ákveðið ferli, fyrst í ryksugun og þar á eftir í gegnum djúphreinsun og síðast þurrkun. Ef óhreinindin koma í gegnum áklæðið að þessu loknu, fer húsgagnið aftur í gegnum djúphreinsunina og svo þurrkun. Þetta getur tekið 3-5 daga og þá fær viðskiptavinurinn sófann hreinan og þurran heim."

Daníel segir Hreinsanda ná nánast hvaða óhreinindum sem er úr áklæði og leðri og beiti við það aðferðum sem byggja á áratugareynslu. Fyrirtækið hefur annast hreinsun búslóða og heimila eftir brunatjón í þrjátíu ár og býr yfir tækni sem eyðir allri lykt og drepur niður sveppagró svo eitthvað sé nefnt.



**HREINSUN FYRIR STOFNANIR** Hreinsandi annast þrif á sófasettum og stólum fyrir stofnanir og fyrirtæki. Húsgögnin eru sótt á staðinn og keyrð aftur heim að hreinsun og þurrkun lokinni.

**HREINSUN Á MYGLUSVEPP**

„Við erum einnig að hreinsa myglusvepp úr húsgögnum og innan úr híbýlum fólks en starfsmenn okkar hafa farið á námskeið í hreinsun myglusveppa. Við mætum á staðinn, metum hvað er á ferðinni og til hvaða aðgerða þarf að grípa. Við köllum einnig fagmann til að meta aðstæður ef þess þarf. Íbúar geta þurft að flytja út í nokkra daga meðan á hreinsun stendur," segir Daníel.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Hreinsanda: www.hreinsandi.is og í síma 577 5000.



**ÁRATUGA REYNSLA** Daníel Rúnarsson hjá Hreinsanda segist ná nánast hvaða óhreinindum sem er úr áklæði og leðri. MYND/GVA


TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk Kristall
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Situr þú í skítnum?
Hreinsandi
fyrir alla muni
Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

Einfalt náttúrulegt fitustríð


Þrjú áhrifaríkustu fitubrennslefni í einni vöru:
Green Coffee Bean
Raspberry Keatones
Ursolic Acid
LABRADA NUTRITION
www.leanbody.is

Ný sending af glæsilegum hvíldarsófum og stólum frá JASON
Jason Milano
Vandaður fjölstillanlegur sófi á verði sem kemur á óvart

Lúxus hornsófi með þykku gæðaleðri.
Tvö rafstillanleg sæti, hlið við hlið ásamt stillanlegum höfuðpúðum.
Hægri eða vinstri tunga.
Litir: Ljóst leður, kaffibrúnt leður, svart leður - Stærð: Breidd 289 cm dýpt 220 cm
Fimm stjörnu verslun
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum
KORTER.IS

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

Ekki þjást
Mígreni.is
fyrirbyggjandi fæðubótarefni


Nánari upplýsingar www.migreni.is
Dregur úr tíðni og styrkleika höfuðverkja
Fæst án lyfseðils í apótekum og heilsubúðum

Melatónín - Seratónín
Tvöföld virkni - Vellíðan dag og nótt
Náttúrulegt Triptófan úr graskersfræjum


Umboð: vitex ehf
Betri og dýpri svefn
Engin eftirköst
eða ávanabinding
100% náttúruleg, lífræn fæða án aukaefna
Vísindaleg sönnun á virkni
ZenBev er einstök blanda innihaldsefna, hrein graskersfræ hafa ekki sömu áhrif
ZenBev fyrir streitulausa daga og friðsælar nætur
Fæst í apótekum og heilsubúðum

Buxur frá
2-Biz

kr. 12.900.-
Str. 36-46/48
Háar í mittið
Litir:
svart,grátt,
brúnt,galla
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is


SAFT



**TÍSKA** Scarlett Johansson er komin með mikla tískuklippingu. Þá er hárið rakað í hliðunum og að aftan en sítt að ofan. Arnar segir að þessi klipping bjóði upp á margar útfærslur.



**AÐ AFTAN** Þannig lítur klippingin út að aftan. Skemmtileg klipping sem fer flestum vel, að sögn fagmannsins.

# KREPPUHÁRIÐ ÞARF AÐ FJÚKA

**BREYTING** *Síða hárið sem hefur einkennt flestar konur undanfarin ár og kallað hefur verið kreppuhár, þarf að víkja. Stjörnurnar í Hollywood mæta nú á fagnaði stuttklipptar og þær hafa áhrif á konur um allan heim.*

Eftir hrun fækkaði ferðum kvenna á hárgreiðslustofur og þær létu hárið vaxa. Arnar Tómasson hárskeri kallaði síða hárið kreppuhár og fagnar því að klippingar séu að komast aftur í tísku. „Við höfum fundið mikið fyrir því upp á síðkastið að síðhærðar konur koma og vilja klippingu. Það má vel vera að tíðarfarið undanfarið örvi konur til að gera eitthvað nýtt og spennandi. Síðan eru sterk áhrif frá stjörnunum en myndir af þeim með hárið stutt hafa verið að birtast í fjölmiðlum,“ segir Arnar.



**VEIT HVAÐ HANN SYNGUR** Arnar Tómasson fylgist vel með nýjum stefnum og straumum í hártískunni.

Svokallaðar Bobby-klippingar eru vinsælar. Þá er hárið oftast klippt þversum rétt ofan við axlir. Arnar segir að mikið sé um jafnsíðan topp en það þurfi þó að vega og meta hvort fari andlitsfalli betur, að hafa síðan eða stuttan topp. „Bobby getur verið með mismunandi útfærslu. Það er til dæmis vinsælt að raka hárið að aftan og í hliðum en hafa það sítt að ofan. Mörgum finnst það þægileg klipping og hún fer flestum mjög vel. Hægt er að útfæra þessa klippingu á margan hátt. Ef konur eru með þykkt hár getur verið nauðsynlegt að þynna það og raksturinn er góð lausn. Það er mikill léttir fyrir margar konur að losna við allt þetta síða og mikla hár. Þær léttast heilmikið við klippinguna,“ segir Arnar og hlær. „Maður frískast upp við að fá fallega klippingu,“ bætir hann við.

Arnar segir að nauðsynlegt sé að breyta stundum um hárgreiðslu. „Sumar konur eru að vísu mjög hræddar við breytingar en eru ánægðar eftir á,“ segir hann.

„Ég myndi segja að síða hárið sé á algjöru undanhaldi. Sömuleiðis þessi snúður uppi á hausnum. Hann er rosalega púkó. Með vorinu verða hárlitir bjartir og fallegir. Það verður mikið um nokkra liti saman þannig að hreyfing myndast í hárinu, sem kemur vel út. Árshátíðir eru fram undan og við þurfum virkilega á upplyftingunni að halda, enda hefur verið mikið að gera hjá okkur,“ segir Arnar, sem nýlega færði stofuna sína, Salon Reykjavík, um set frá Granda og í Listhúsið þar sem hann starfar með hinum kunna hárskera, Dúdda. ■ **Elin@365.is**



**NÝ KLIPPING** Nicole Kidman er með hárið allt jafnsítt niður að öxlum. Þessi klipping er afar vinsæl um þessar mundir.



**BEIN KLIPPING** Anne Hathaway með Bobby-klippinguna.



**FYLGIR TÍSKUNNI** Kim Kardashian birtist á Grammy-verðlaunahátíðina með nýja klippingu, ekki ósviapaða og Nocole Kidman var með.

# VÖRN GEGN VÍRUSUM

Sambucol er unnið úr einstöku ylliberjaþykkni, black elderberry, sem styrkir ónæmiskerfið og vinnur gegn flensu og kvefi. Fæst í Lyfju og í Apótekinu.

# BESTA FLENSUVÖRN SEM ÉG HEF PRÓFAÐ

**RARITET KYNNIR** *Sambucol er öflug fyrirbyggjandi lausn gegn kvefi og flensu fyrir alla fjölskylduna. Sambucol er náttúrulegt fæðubótarefni sem hefur um árabil verið ein vinsælasta lausnin gegn kvefi og flensu.*

Þórarinn Þórhallsson, eigandi Raritet, hefur varla fengið flensu eða kvef undanfarin ár eða síðan hann kynntist Sambucol. „Ég prófaði Sambucol þegar ég fékk heiftarlega flensu fyrir nokkrum árum og það virkaði strax. Einkennin urðu mildari og það var mun auðveldara að takast á við veikindin. Ég var kominn aftur á ról eftir tvo til þrjá daga. Eftir það hef ég notað Sambucol markvisst allt árið um kring og hef hvorki fengið kvef né flensu síðan sem neinu nemur, 7 - 9 - 13,“ segir Þórarinn. „Yfir veturinn og þegar ég er undir álagi eða á ferðalagi eyk ég skammtinn til að minnka líkurnar á því að kvef- eða flensuvírusinn nái að fjölga sér. Ég hef nokkrum sinnum fengið kvef á byrjunarstigi síðan ég kynntist Sambucol og alltaf náð að kæfa það í fæðingu með því að auka skammtinn af Sambucol þannig að ég gæt hæglega mælt með þessari vöru sem vörn gegn kvefi og flensu.“



**GÓÐ VÖRN** Þórarinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri Raritet,

### NÁTTÚRULEG VÍRUSVÖRN

Sambucol-fæðubótarefni er unnið úr Black elderberry, eða ylliberjum, sem í aldaraðir hafa verið notuð sem náttúrulyf. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á einstaka hæfni ylliberja til að koma í veg fyrir flensu og kvef og stytta veikindatímann. Sambucol hefur um árabil verið ein vinsælasta lausnin við kvefi og flensu í Bretlandi en rannsóknir hafa sýnt að Sambucol veitir vörn gegn vírusum.

### ANDOXUNARBOMBA FYRIR ALLAR FRUMUR LÍKAMANS

„Ég býð eingöngu upp á hágæðavörur sem ég hef hundrað prósent trú á sjálfur,“ segir Þórarinn en hann hefur starfað í heilsubransanum í 15 ár og þekkir heim fæðubótarefna út og inn. „Sambucol hefur reynst mér og fjölskyldu minni vel og þess vegna langar mig til þess að fleiri kynnist þessari vöru,“ segir Þórarinn „Hreyfing og hollt mataræði skipta einnig máli og ég stunda líkamsrækt og vel hollan og góðan mat fyrir mig og fjölskylduna. En með því að taka Sambucol inn að staðaldri allt árið um kring má minnka líkurnar á smiti.“

### SAMBUCOL ER FÁANLEGT Í ÞREMUR MISMUNANDI PAKKNINGUM:

- Sambucol for Kids er bragðgott náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og C-vítamín. Hentar börnum á aldrinum 3-12 ára. Þykknið er einstaklega bragðgott.
- Sambucol Immune Forte er sykurlaust, náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og Antivirin sem kemur í veg fyrir að vírusar nái til frumnanna og fjölgi sér. Inniheldur auk þess C-vítamín og sink sem styrkja ónæmiskerfið.
- Sambucol Immune Forte - hylki:

  Fyrir þá sem ekki vilja mixtúru er hægt að fá Sambucol forte með C-vítamíni og sinki í hylkjum. En forðahylki eru góður kostur þar sem innihaldsefnin eru í duftformi og eru þannig auðmeltanleg.

## HVERNIG GETUR SAMBUCOL HJÁLPAÐ?

- **Með því að taka Sambucol allan ársins hring er hægt að koma í veg fyrir kvefsmit og flensu. Mælt er með því að taka stærri skammt af Sambucol yfir vetrartímann.**
- **Sambucol getur hjálpað til við að forðast flensusmit á ferðalögum, á fjölförnum stöðum og í almenningsfarartækjum.**
- **Sambucol hefur fyrirbyggjandi áhrif, svo gott er að taka það inn þegar mikið stendur**

### GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FORÐAST SMIT

- Hreinlæti – Þvoið hendur oft og forðist að óhreinindi berist í munn og öndunarfæri.
- Borðið mikið af engifer og hvítlauk og takið meltingargerla reglulega til að styrkja ónæmiskerfið.
- Takið inn Sambucol alla daga til að minnka líkur á smiti af kvefi og flensu. Ef þið fáið kvef eða flensu má stytta veikindatímann um allt að helming með því að taka inn Sambucol.
- Best er að halda sig heima ef flensan bankar upp á og koma þannig í veg fyrir að aðrir smitist.




**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótekið og Lyfja um allt land


# NÝ SENDING




COSMO
Kringlunni



Stærðir 38-54
My Style tískuhús
my style
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464



Flottir jakkar



Peysujakki á 11.900 kr. Stærð S - XXL

Jakki á 10.900 kr. Stærð S - XXL

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-16

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook



FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN? KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer **800 1177** eða á **dreifing@postdreifing.is**

Póst dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ




**BOSSINN SÝNDUR** Einhverjir náðu ekki upp í nef sér þegar hin 56 ára gamla Madonna lét taka af sér myndir með allt upp um sig á dögunum.



**UMTALAÐUR KOSS** Það var um lítið annað rætt eftir MTV-hátíðina árið 2003 en koss þeirra Madonnu og Britney Spears. GETTY/NORDIC PHOTO

# REYNIR AÐ GANGA FRAM AF FÓLKI

**HNEYKSLANDI FRAMKOMA** *Söngkonan Madonna kallar ekki allt ömmu sína þótt hún gæti verið ein slík sjálf. Á nýliðinni Grammy-verðlaunahátíð hneykslaði hún fólk enn á ný, nú með því að hálfbera á sér bossann.*

Söngkonan Madonna verður 57 ára á árinu en hún er greinilega ekki vaxin upp úr því að reyna að hneyksla. Á Grammy-verðlaunahátíðinni síðastliðinn sunnudag klæddist hún á ögrandi máta, í korseletti og mínípilsi í stíl. Á meðan hún þrammaði eftir rauða dreglinum var hún dugleg við að lyfta pilsinu og sýna þannig hálfberan bossann enda aðeins klædd í g-streng og gegnsæjar blúndusokkabuxur undir pilsinu.

Þetta er alls ekki í fyrsta skipti sem söngkonan gengur fram af fólki, um það eru mörg dæmi. Á tónleikaferð sinni árið 2012 fannst mörgum hún hafa náð nýjum hæðum í hneykslanlegri framkomu en þá klæddist hún nærfatnaði og netsokkabuxum, sat ofan á píanói og glennti sig framan í píanóleikarann. Eftir það fór hún að káfa á sér á klúran máta og henti yfir sig peningaseðlum. Það var þó ekki allt því hún skipti um föt þannig að hún líktist leðurklæddri ofurhetju sem sleikti byssu á ögrandi máta og beindi henni svo að höfði sér. Hún var svo bundin með keðjum áður en hún skipti yfir í nýtt dress, klappstýrubúning. Sonur hennar, Rocco, sem þarna var tólf ára var með henni á sviðinu en virtist ekki kippa sér upp við aðfarir móðurinnar heldur skemmta sér vel.

Árið 2003 hristi hún verulega upp í fólki þegar hún kyssti söngkonuna Britney Spears djúpum kossi þegar þær sungu saman á MTV-tónlistarverðlaunahátíðinni. Hún bætti svo um betur með því að kyssa Christinu Aguilera álíka kossi en hún söng einnig með þeim stöllum.

Á tónleikaferðalagi sínu árið 1990, Blonde Ambition-túrnum, skók það heimsbyggðina þegar Madonna klæddist korseletti með keilulaga brjósthaldara utan yfir sokkabuxur. Hún hefur svo oftar en einu sinni berað á sér brjóstin og átt í vafasömum ástarsamböndum sem hafa valdið almennri hneykslan.



**STUÐANDI FRAMKOMA** Framkoma Madonnu og fylgdarliðs hennar á tónleikaröðinni MDNA árið 2012 þótti frekar klúr og fór hún að margra mati yfir strikið nokkrum sinnum á tónleikunum. GETTY/NORDIC PHOTO



**KEILULAGA BRJÓST** Madonna hefur hneykslað fólk í áratugi en á níunda áratugnum kom hún fyrst fram í þessu fræga korseletti sem Jean Paul Gaultier hannaði.



**VEIFAÐI BYSSU** Madonna gerði sér far um að hneyksla áhorfendur á tónleikum árið 2012 þegar hún sleikti byssu og beindi henni svo að höfði sér og þóttist gráta.

# AUÐVELDAR HREINSUN

**ICEPHARMA KYNNIR** *Margir finna reglulega hjá sér þörf til að hreinsa líkamann. Inner Cleanse er fæðubótarefni sem er hannað til að aðstoða líkamann við hreinsun. Hreinsunin stuðlar að aukinni orku og vellíðan.*

Eiturefni og mengun sem fylgja nútíma lífsstíl gera það að verkum að margir finna hjá sér þörf til að hreinsa líkamann. Sumir næringarfræðingar mæla með einstaka hreinsun til þess að losa líkamann við skaðleg aukaefni og stuðla þannig að aukinni orku og vellíðan.

Inner Cleanse er fæðubótarefni sem er hannað til að aðstoða líkamann við hreinsun en einnig til að útvega honum þau vítamín sem hann þarf nauðsynlega á að halda til þess að geta sinnt daglegum störfum.

Töflurnar innihalda meðal annars C- og D-vítamín sem eru öllum nauðsynleg, sérstaklega yfir vetrartímann. Þær innihalda líka kopar og járn sem hjálpar til við að viðhalda orku, sink og selen sem vernda frumurnar og $B_{12}$ sem dregur úr þreytu. Í Inner Cleanse-töflunum er líka þykkni (e. extract) úr ætiþistli og greipi en ætiþistillinn er mjög næringarríkur og hefur góð áhrif á starfsemi lifrarinnar og greipið er vatnslosandi sem hjálpar til við hreinsun líkamans.




## Inner Cleanse
### 15 daga hreinsunarkúr

- Inner Cleanse hjálpar líkamanum að losa sig við óæskileg aukaefni á náttúrulegan hátt. Þetta eru efni sem eiga það til að safnast upp í líkamanum og geta verið skaðleg.
- Töflurnar hafa góð áhrif á heilsuna og innihalda fæðubótarefni sem eru tilvalin til hreinsunar.
- Töflurnar innihalda C- og D-vítamín, kopar og járn til að viðhalda orku.
- Töflurnar innihalda sink og selen sem vernda frumurnar fyrir streitu.
- Mælt er með því að huga vel að mataræðinu meðan á hreinsun stendur og halda koffínneyslu, áfengisneyslu, sykurneyslu og neyslu á unninni matvöru í lágmarki.
- Nauðsynlegt er að drekka vel af vatni og borða 5-7 skammta af ávöxtum samhliða hreinsun.
- Dagskammtur: 2 töflur á dag með mat.
- Ekki er nauðsynlegt að taka fjölvítamín með.
- Sjá nánar á Vítamín.is / Facebook.
- Fæst í flestum apótekum.

# BETRI EINBEITING OG MEIRI ORKA

**HREINSAR OG NÆRIR** *Herdísi Stefánsdóttur kom ánægjulega á óvart hversu vel Inner Cleanse frá Vitabiotics virkaði á sig. Hún var fljót að gleyma kókinu sem hún annars drakk nokkuð af, magaummálið minnkaði og líðanin varð betri.*

Þegar ég las fyrst um Inner Cleanse frá Vitabiotics vakti það strax athygli mína að hreinsikúrinn er fullur af vítamínum. Þannig að maður er ekki bara að hreinsa kroppinn heldur líka að næra hann. Ég ákvað að prófa þennan kúr strax í byrjun árs og strax á fyrstu viku fann ég hvernig einbeitingin varð allt önnur og ég varð orkumeiri en nokkur tímann fyrr. Mér fannst líka kostur að þetta virkar vel með venjulegum hollum heimilismat svo maður getur borðað það sama og fjölskyldan. Mælt er með að hafa í huga sykurneyslu svo ég ætlaði að halda kókdrykkjunni í lágmarki en merkilegt nokk þá var ég fljót að gleyma kókinu og langar ekkert lengur í kók. Mér leið líka svo vel á meðan ég tók töflurnar svo ég var ánægð að heyra að maður mætti taka kúrinn í 28 daga en ekki bara 15 daga, svo ég ákvað að halda áfram enda leið mér stórkostlega og magaummálið fór minnkandi. Nú er bara að halda áfram að taka inn vítamín frá Vitabiotics. Ég er sannfærð um að þau séu jafngóð og hreinsikúrinn þó ég sé strax farin að spá í hvenær ég megi taka næsta hreinsikúr.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR UM INNER CLEANSE FRÁ VITABIOTICS MÁ FINNA Á VITAMIN.IS OG FACEBOOK.**



**ÁNÆGÐ** Herdís fór á Inner Cleanse-hreinsikúrinn í 28 daga, tekur nú vítamín frá Vitabiotics en getur ekki beðið eftir að prófa annan hreinsikúr bráðlega.



**STRAX ORKUMEIRI** Björg fann mikinn mun á húðinni og fannst hún verða mun frísklegri. Hún losnaði jafnframt við bólgur og varð ekki þrútin eftir mat. MYND/GVA

# SYKURLÖNGUNIN HVARF STRAX

***Björg Gilsdóttir** hefur góða reynslu af fæðubótarefninu Inner Cleanse. Hún varð strax orkumeiri, losnaði við allar bólgur í líkamanum og sykurlöngunin hvarf. Sykurlöngunin gerði ekkert vart við sig um hátíðarnar á síðasta ári.*

Björg Gilsdóttir, starfsmaður hjá Aðalskoðun, prófaði Inner Cleanse-hreinsikúr í lok nóvember og sér ekki eftir því.

„Ég fann mikinn mun um leið og ég hóf inntöku á Inner Cleanse. Ég varð strax orkumeiri, sykurlöngunin hvarf nánast frá fyrsta degi sem gerði þetta allt mun auðveldara,“ segir Björg, sem er fimm kílóum léttari í dag.

Björg fann líka mikinn mun á húðinni. „Hún varð rosalega góð og mér fannst ég mun frísklegri. Mér fannst ég losna við allar bólgur og varð ekki þrútin eftir neinn mat sem skýrist eflaust líka af því að ég var samhliða kúrnum að borða hreinni mat.“

Björgu finnst sykurlöngunin mun minni nú eftir að hún lauk við að taka töflurnar. „Ég var líka alveg laus við sykurlöngun um jólin. Mér leið það vel að ég hlakka til að taka næsta skammt.“

# REGLAN BROTIN MEÐ STÆL

**GALLAEFNI FRÁ TOPPI TIL TÁAR** *Ein af óskrifuðum reglum tískunnar er að ekki eigi að klæðast gallaskyrtum við gallabuxur nema þá helst að maður búi í Texas og hafi að atvinnu að reka kýr. Gallaefnið hefur hins vegar sótt í sig veðrið undanfarið og tískuhönnuðir sem og stjörnur brjóta regluna reglulega og tekst alls ekki illa upp.*



**RIHANNA** Söngkonan er hér með Jay Z á boxbardaga í Madison Square Garden í janúar á þessu ári.

Þó er mikilvægt að fylgja einhverjum reglum í gallaefnanotkuninni. Fötin þurfa í fyrsta lagi að passa vaxtarlaginu og draga fram fallegar línur. Í öðru lagi má litur gallaefnisins ekki vera sá sami á buxum og skyrtu. Þannig þykir betra að vera með ljósa og fremur hlutlausa skyrtu við dekkri gallabuxur.

Í þriðja lagi skiptir áferð og þykkt efnisins einnig máli.



**ANNE HATHAWAY** Leikkonan tekur sig vel út í bláu gallaefni núna í janúar.



**KOURTNEY KARDASHIAN** Raunveruleikastjarnan spókar sig á götum New York í júní á síðasta ári.



**JESSICA ALBA** Leikkonan kná klæðir galladressið upp með hvítum hælaskóm í New York í september á síðasta ári.



**ALESSANDRA AMBROSIO** Brasilíska módelið er smart í gallaefni frá toppi til táar í Los Angeles í desember 2013.






# SELJA OG SKIPTA HÖNNUNARFLÍKUM







Á Facebook er að finna hinar ýmsu síður þar sem verslað er með muni og föt. Ein þeirra er „Notaðar hönnunarflíkur og skór til sölu/óskast“.

„Ég stofnaði þessa síðu í lok síðasta árs til að anna eftirspurn,“ segir stofnandi síðunnar, Þórdís V. Þórhallsdóttir flugfreyja. Þórdís hafði verið meðlimur annarrar síðu fyrir hönnunarvörur. „Þar vöknuðu spurningar um hvort auglýsa mætti fatnað en stjórnendur voru mótfallnir því. Þegar ég sá að enginn ætlaði að gera neitt í málinu ákvað ég að fara sjálf í málið í lok síðasta árs og stofnaði sérsíðu fyrir hönnunarflíkur,“ lýsir Þórdís en meðlimum síðunnar fjölgaði ört og eru meðlimir hennar yfir 1.700 í dag.

Á síðunni eru sér í lagi auglýstar notaðar íslenskar hönnunarflíkur og virðast margir luma á slíkum. „Oft kaupir fólk sér fallegar íslenskar flíkur, notar í nokkur skipti en langar svo að skipta þeim út. Þá getur það selt flíkina hér á síðunni en svo eru einnig einhverjir sem bjóða upp á skipti fyrir aðrar fallegar flíkur. Þetta er auðvitað dásamlegt í endurnýtingarskilningi,“ segir Þórdís glaðlega.

Eitthvað er um erlendar flíkur, fylgihluti, veski og skó á síðunni. „Upp hefur komið umræða um hvort fjöldaframleidd erlend vara, á borð við Donnu Karan, eigi að teljast til hönnunar en við höfum látið það óátalið enn sem komið er.“

Þórdís segir gaman að sjá þegar fólk selur gamlar íslenskar hönnunarflíkur sem það hefur til að mynda erft frá ömmu sinni eða afa. „Á síðuna hafa til dæmis komið gömul föt frá Andersen og Lauth, og það er mjög skemmtilegt að sjá.“

# HUGBÚNAÐUR &HUGBÚNAÐARGERÐ

Kynningarblað Rue de Net, Skapalón, TM Software og Wise.


# Microsoft Dynamics NAV í skýinu með Rue de Net Reykjavík

Rue de Net býður Microsoft Dynamics NAV í skýinu, öflugt viðskipta- og upplýsingakerfi með alla þá eiginleika sem gera fullkomið viðskiptakerfi. Kerfið hentar stórum sem smáum fyrirtækjum hvort sem er í smásölu, heildsölu eða þjónustu. Með hýsingu í skýinu minnkar þörf fyrir vélbúnað og sparnaður verður í rekstri fyrirtækja.

Rue de Net er ráðgjafarfyrirtæki í upplýsingatækni sem aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við val og innleiðingu á viðskiptalausnum, veitir ráðgjöf varðandi samþættingu upplýsingakerfa og hvernig rekstur þeirra er best tryggður með kerfisöryggi Rue de Net.

## Kerfi sem hentar öllum

Rue de Net býður Microsoft Dynamics NAV í skýinu sem er öflugt viðskipta- og upplýsingakerfi með alla þá eiginleika sem gera fullkomið viðskiptakerfi. „Kerfið hentar stórum sem smáum fyrirtækjum hvort sem er í smásölu, heildsölu eða þjónustu," segir Alfreð B. Þórðarson, framkvæmdastjóri Rue de Net Reykjavík. „Með NAV í skýinu öðlast viðskiptakerfið enn meira rekstraröryggi og skalanleika. Öll vinnsla getur farið fram yfir netið, sjálfvirkar uppfærslur eru innifaldar og geymsla á gögnunum er í Azure, öruggu skýjaumhverfi Microsoft. Aðgengið að viðskiptakerfinu er með notkun helstu vefrápara og spjaldtölva sem eru í boði í dag. Þar að auki fylgir hinn nýi hlutverkastillti Windows-biðlari sem býður upp á að sérhanna notandaviðmót og skýrslur og ekki má gleyma enn betri Office-samþættingu en nokkru sinni fyrr."

## Sérhæfðir ráðgjafar

Rue de Net hefur yfir að ráða samstíga hópi sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri viðskiptakerfa, innleiðingu og samþættingu viðskiptalausna. „Við leggjum mikla áherslu á nána og persónulega ráðgjöf þar sem ráðgjafi kemur að verkferlinu frá byrjun til enda, frá sölu til afhendingar vöru, lausnar og þjónustu. Sérhæfing og reynsla ráðgjafa okkar er í viðskipta- og verslunarlausnum ásamt Windows- og vefforritun þar sem nýjasta tækni er ávallt í forgrunni," útskýrir Alfreð.

## Alhliða verslunar- og afgreiðslukerfi stillt eftir þörfum notenda

Rue de Net býður einnig LS Retail sem er alhliða verslunar- og afgreiðslukerfi sem er byggt ofan á Microsoft Dynamics NAV. „Þetta trausta kerfi er tilbúið til að þjónusta kröfuharða smásala af öllum stærðum og gerðum. Einn af kostum LS Retail er að um eina heildstæða lausn er að ræða svo ekki er þörf á að smíða, stilla og viðhalda mörgum kerfum og dýrum tengingum þeirra á milli," segir Alfreð.

### HELSTU NÝJUNGAR Í MICROSOFT DYNAMICS NAV 2015

- Nýtt og betra sérhannað notandaviðmót.
- Hraðara og einfaldara kerfi sem gerir leitarsíur og afmörkun betri.
- Virkar nú bæði á vefnum og öllum helstu spjaldtölvum.
- Ný samþætting við Office, auðvelt að færa gögn í og úr Excel og Word.
- Miklu meiri möguleikar á nýtingu kerfis með betra aðgengi.
- Betri yfirsýn og greining á gögnum með nýju viðmóti.
- Meiri möguleikar á notkun kerfis með nýrri tækni.



Prófaðu Dynamics NAV í skýinu: http://nav.ruedenet.com

LS Retail er sveigjanlegt verslunar- og afgreiðslukerfi sem auðvelt er að stilla eftir þörfum viðskiptavinar og notenda. Sveigjanleiki þess gerir það að verkum að auðvelt er að setja upp nýja afgreiðslustaði og er það bara gert á einum stað, annað gerist sjálfkrafa. „Kostir þess að afgreiðslukassar, bakvinnsla og aðalskrifstofa séu öll hluti af sömu hugbúnaðarlausninni eru margir og má sem dæmi nefna að mjög auðvelt er að rekja einstaka kassafærslur alla leið upp á aðalskrifstofu."

## Einfalt vefverslunarkerfi sem er bæði öruggt og öflugt í senn

Í dag er netið einn fyrsti staðurinn þarsem fólk leitar að vöru og þjónustu. Viðskiptavinir Rue de Net geta því aukið söluna með öflugri og framúrskarandi vefverslun sem kynnir vörur og vöruframboð þeirra á skýran og áhrifaríkan hátt. „Rue de Net hefur hannað einfalt og viðskiptavænt vefverslunarkerfi sem er öruggt og öflugt í senn. Rue de Net hefur kosið að nota nopCommerce sem grunn að vefverslunarkerfi sínu og fylgir því mikið framboð af útliti sem einfaldar aðlögun þess til muna. Vefverslunarkerfið er beintengt við Microsoft Dynamics NAV viðskiptakerfið og hentar vel bæði stórum og smáum fyrirtækjum með miklar kröfur," lýsir Alfreð.



Alfreð B. Þórðarson, framkvæmdastjóri Rue de Net Reykjavík, segir fyrirtækið hafa yfir að ráða samstíga hópi sérfræðinga með áralanga reynslu. Þeir eru nú að bjóða fólki Microsoft Dynamics NAV til prófunar í skýinu. MYND/GVA

## Aðgengilegri Office-pakki

Rue de Net býður líka fyrirtækjum Microsoft Office 365 í skýinu. Að sögn Alfreðs gerir Office 365 allan Office-pakkann, þar með talin hin vel þekktu forrit Outlook, Word, PowerPoint og Excel, aðgengilegan með notkun velflestra vefrápara, spjaldtölva og síma. „Pakkinn býður líka upp á Lync og Sharepoint sem gerir alla samvinnu milli starfsfólks að leik einum, deiling skjala og upplýsinga verður eins auðveld og hugsast getur. Að lokum býður Rue de Net upp á, í samstarfi við Basis, velflestar aðrar þjónustur og þjóna sem eru í boði í Azure-skýjaumhverfi Microsoft. Með því að hýsa tölvukerfi sín í skýinu geta viðskiptavinir minnkað þörf sína fyrir vélbúnað og sparað mikið í rekstri."

# Skapandi vefstofa með framsækna viðskiptavini

Vefstofan og hönnunarfyrirtækið Skapalón var hlaðið verðlaunum þegar Íslensku vefverðlaunin voru veitt 30. janúar síðastliðinn. Skapalón hefur lagt mikla áherslu á að þróa vefi fyrir stór fyrirtæki með aukinni vefnotkun almennings.

Skapalón leggur mikla áherslu á að mæta þörfum viðskiptavina sinna samkvæmt nýjustu tækni í vefhönnun. Að sögn Jonathans Gerlach hönnunarstjóra er gott teymi starfsfólks sem starfar hjá Skapalóni. „Við erum afar stolt af þeim fernu verðlaunum sem okkur hlotnuðust á hátíðinni. Skapalón hlaut verðlaun í tveimur fyrirtækjaflokkum, ein verðlaun fyrir besta viðmót og verðlaun fyrir aðgengilegasta vefinn,“ segir Jonathan. „Íslensku vefverðlaunin eru uppskeruhátíð í okkar fagi, svona eins konar „Óskar“ og það er mikil lyftistöng fyrir fyrirtækið að fá slíka viðurkenningu.



Gott teymi starfsfólks Skapalóns vinnur vel saman þegar hanna þarf nýjar vefsíður.



Jonathan Gerlach segir að fyrirtækið leggi mikla áherslu á að mæta þörfum viðskiptavina sinna. MYNDIR/VALLI

## Flókið ferli

Hjá Skapalóni koma margir starfsmenn að hverju verkefni; verkefnastjórar, hönnuðir, viðmótsforritarar, bakendaforritarar og kerfisstjórar. Að setja upp vefsíðu getur verið flókið ferli og því mikilvægt að greina vel þarfir viðskiptavina og móta hugmyndina áður en vinna hefst við að hanna útlit og að forrita veflausnina. Mikið er lagt upp úr góðri eftirfylgni að verkefni loknu með því að mæla og greina vel frammistöðu vefsins eftir að hann fer í loftið. Þannig fylgist Skapalón með því hvort vefurinn þjónar hlutverki sínu vel og sýni notkunin fram á annað þá er viðmótið bætt og vefurinn gerður aðgengilegri fyrir notendur.

## Snjallsíminn skiptir máli

Undanfarið hafa fyrirtæki lagt mikið upp úr því að vefsíðan sé þægileg fyrir spjaldtölvu eða snjallsíma. „Fólk er alltaf með símann og netið við höndina,“ segir Alexandra Diljá, verkefnastjóri hjá Skapalóni. „Þessi notkun á eftir að aukast enn frekar á næstu árum. Netskoðun er hluti af daglegu lífi og byrjar um leið og fólk vaknar á morgnana. Íslendingar eru einkar fljótir að tileinka sér nýjungar og eru mjög tæknivæddir,“ bætir hún við.

## Ráðgjöf

Skapalón er vefþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í stafrænni markaðssetningu fyrir stór fyrirtæki og er inntak verkefna fyrirtækisins allt frá vefsíðugerð til alhliða markaðsráðgjafar á netinu. Á síðustu 10-15 árum hefur markaðurinn þróast hratt í átt til netheima. Um síðustu aldamót snerist markaðurinn að mestu um kerfin á bak við vefina, fremur en viðmótið og viðskiptavininn. Nú hefur þetta snúist við og fyrirtækin hafa áttað sig á því að þau þurfa að hafa frambærilegan, flottan og notendavænan vef sem virkar á öllum tækjum.

Meðal viðskiptavina Skapalóns eru fyrirtæki eins Íslandsbanki, Arion banki, Landsvirkjun, Alvogen, Vodafone, Marel og Dominos svo einhverjir séu nefndir. Þessi fyrirtæki gera mikið út á að nota vefinn til að stórauka þjónustu við viðskiptavini og auka aðgengi viðskiptavina að fyrirtækinu.

> **Lögð er áhersla á að vefsíðan sé með þægilegt viðmót fyrir snjallsíma og spjaldtölvu.**

## Greining

„Það er hægt að nota vefmiðil á margan hátt til gagns. Okkar stærri viðskiptavinir kjósa í síauknum mæli að fara í rannsóknarvinnu á vefnum, vilja skoða notkunina og greina hana. Fyrirtæki eins og Landsvirkjun eru til dæmis farin að setja ársskýrslu sína á vefinn. Með því að hafa hana aðgengilega á netinu er hægt að greina heimsóknir á vefinn og hvernig hún nýtist. Áður var hún prentuð og send víða en ómögulegt að mæla hverjir opnuðu skýrsluna og hvað var skoðað. Auk þess er hægt að bæta við hlutum eins og myndböndum, viðtölum og þess háttar. Vefmiðillinn býður upp á óþrjótandi möguleika fyrir fyrirtæki til þess að kynna sig og koma vörum sínum á framfæri,“ segir Jonathan enn fremur.

***Sjá vefsíðuna skapalon.is eða hafið samband í síma 516 9000.***

## *Skapalón og Íslensku vefverðlaunin*




**Aðgengilegasti vefurinn**
**Vefur Háskólans í Reykjavík**




**Besti fyrirtækjavefurinn**
(færri en 50 starfsmenn)
**midi.is**




**Besta hönnun og viðmót**
**dominos.is**




**Besti fyrirtækjavefurinn**
(fleiri en 50 starfsmenn)
**Ársskýrsla Landsvirkjunar 2014**

> **Íslensku vefverðlaunin eru uppskeruhátíð í okkar fagi, svona eins konar „Óskar“ …**

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, s. 512-5429, jonivar@365.is Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

# Heilsuvera.is besti íslenski vefurinn 2014

TM Software er leiðandi hugbúnaðarfyrirtæki sem þróar hugbúnað fyrir mörg öflugustu fyrirtæki og stofnanir landsins. TM Software sérhæfir sig í veflausnum og heilbrigðislausnum en um sjötíu manns starfa hjá fyrirtækinu.

Heilbrigðislausnir TM Software þróar hugbúnaðarlausnir fyrir aðila á heilbrigðissviði. Þessar lausnir eru notaðar af flestum heilbrigðisstarfsmönnum landsins á hverjum degi. Vörur sviðsins eru meðal annars Sjúkraskrárkerfið Saga, Hekla heilbrigðisnet, Medicor og Vera heilsuvefur, heilsuvera.is,“ útskýrir Hákon Sigurhansson, framkvæmdastjóri TM Software.

Veflausnir TM Software hafa á undanförnum árum einnig þróað fjölda vefsvæða fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu svo sem Icelandair, Iceland Travel og Ferðaþjónustu bænda, góðgerðavefsvæði á borð við mottumars.is og hlaupastyrkur.is, ásamt því að smíða þjónustuvefi fyrirtækja á borð við Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku, Orkubú Vestfjarða og Tryggingastofnun ríkisins.



Hákon Sigurhansson og Atli Mar Gunnarsson hjá TM Software. MYND/ERNIR

### Vera heilsuvefur

Nýjasta vara TM Software er Vera heilsuvefur.

Heilsuvera.is sem byggir á Veru var nýlega valinn besti íslenski vefurinn 2014 af Samtökum vefiðnaðarins á íslensku vefverðlaununum.

„Vera er lausn sem er þróuð í samstarfi við Embætti landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins,“ segir Hákon en á vefnum getur almenningur átt í öruggum samskiptum við heilbrigðisþjónustuna.

### Vefurinn gerir notendum meðal annars mögulegt að:

- bóka tíma í heilbrigðisþjónustu til dæmis hjá lækni eða heilsugæslu.
- óska eftir endurnýjun á lyfseðli
- senda fyrirspurn á heimilislækni og eiga í öruggum samskiptum við lækninn
- skoða óútleysta lyfseðla og lyfseðla sem viðkomandi hefur leyst út síðustu þrjú ár
- skoða helstu atriði úr eigin sjúkraskrá

### Bylting í þjónustu

„Fram til þessa hefur fólk í sumum tilfellum sent tölvupóst á heilbrigðisþjónustuna en sú leið er ekki örugg og samskiptin rata sjaldan í sjúkraskrá einstaklingsins,“ segir Hákon.

„Með Veru verður til örugg leið til samskipta við heilbrigðisþjónustuna og öll samskipti verða hluti af sjúkraskrá einstaklingsins. Þetta er bylting og enginn vafi í okkar huga að með Veru geta heilbrigðisstofnanir veitt betri þjónustu, með auknu öryggi og síðast en ekki síst aukið hagræði.“

### Aðgangur með rafrænum skilríkjum

Það geta allir á Íslandi sem eru með rafræn skilríki notað heilsuvera.is. Þar má skoða lyfseðla, bólusetningar og hægt að skrá sig sem líffæragjafa. Einnig hafa foreldrar aðgang að gögnum barna sinna að 15 ára aldri.

Þeir sem sækja þjónustu á heilsugæslustöðvar eða hjá öðrum aðilum sem hafa innleitt heilsuvera.is, geta bókað viðtalstíma, óskað eftir endurnýjun á lyfseðlum og átt í öruggum rafrænum samskiptum.

Heilsuvera.is hefur verið innleidd af fjórum heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu; í Glæsibæ, Mjódd, Grafarvogi og á Seltjarnarnesi. Fleiri heilsugæslustöðvar og stofnanir eru að undirbúa innleiðingu og gert er ráð fyrir að flestar stofnanir landsins innleiði Veru á árinu.

### Örugg rafræn samskipti

„Með heilsuvera.is er kominn grunnur sem verður þróaður áfram til þess að koma til móts við óskir almennings um að geta átt í öruggum rafrænum samskiptum við heilbrigðisþjónustuna, að fá aðgang að eigin gögnum og að geta skráð upplýsingar um eigið heilbrigði,“ segir Hákon.

„Við teljum að allt þetta bæti þjónustu heilbrigðisþjónustunnar og auðveldi almenningi að taka meiri ábyrgð á eigin heilsu.“


# Þjónustuvefir

Við þróum þjónustuvefi sem hjálpa viðskiptavinum að nálgast allar upplýsingar á aðgengilegan máta, afgreiða sig sjálfir á vefnum og hafa yfirlit yfir öll sín mál. Við höfum þróað margar útfærslur af þjónustusvæðum fyrir fjölbreyttan hóp fyrirtækja og stofnana.



TM Software

www.tmsoftware.is | info@tmsoftware.is | 545 3000

# Vel ígrundaðar ákvarðanir

Eitt þeirra fyrirtækja sem hafa verið leiðandi í upplýsingatækni hér á landi er Wise. Lausnir fyrirtækisins eru í notkun hjá mörgum af stærri fyrirtækjum landsins sem starfa í fjölbreyttum atvinnugreinum. Nýlega hóf Wise að bjóða Dynamics Nav og Office 365 í hýsingu og leigu til fyrirtækja inni á www.navaskrift.is.

Wise er leiðandi fyrirtæki í upplýsingatækni á Íslandi. Fyrirtækið leggur sérstaka áherslu á ráðgjöf, hugbúnaðargerð og innleiðingu hugbúnaðar ásamt öflugri og persónulegri þjónustu. Lausnir Wise eru í notkun hjá mörgum af stærri fyrirtækjum landsins í ýmsum atvinnugreinum. Að sögn Jóns Heiðars Pálssonar, sviðsstjóra sölu- og markaðssviðs Wise, byggja lausnir fyrirtækisins á þeirri hugmyndafræði að gera fyrirtækjum kleift að taka góðar og vel ígrundaðar viðskiptaákvarðanir, byggðar á öruggum upplýsingum úr viðskipta- og birgðakerfum fyrirtækisins. „Wise sérhæfir sig í viðskiptahugbúnaði fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Þekktustu vörutegundir okkar eru Wisefish-sjávarútvegslausnirnar og einnig sveitarstjórnarlausnir sem eru í notkun hjá meirihluta íslenskra sveitarfélaga.“

Jón Heiðar segir sérstöðu Wise meðal annars snúa að sterku lausnaframboði fyrir ólíkar gerðir fyrirtækja. „Meðal sérlausna okkar má nefna: Laun, bankakerfi, innheimtukerfi, uppáskriftarkerfi, uppgjörskerfi, Wise Analyzer-stjórnendasýn, rafræna reikninga, flutningakerfi, ferðauppgjör, verslunarkerfi og tengingu við Centara auk verkbókhalds sem eru mestu seldu sérkerfin fyrir Dynamics NAV á markaðinum í dag.“

Ný útgáfa af Microsoft Dynmaics NAV, NAV 2015, býður meðal annars upp á aðgengi að NAV úr hvaða tæki sem er. „Með tilkomu vefbiðlara er hægt að nota snertiskjái, spjaldtölvur á Windows, Android og iPad með 7“ skjám og stærri. Þá eru tengingar við Office 365 öflugri og notuð sama innskráning fyrir NAV og Office. Einnig er hægt að birta gögn á SharePoint til að birta t.d. tölfræðiupplýsingar, hægt að gera skýrslur í Word og hægt er að færa gögn úr Excel í báðar áttir, til og frá NAV svo fátt eitt sé nefnt.“

## Einsdæmi á markaði

Wise býður nú Dynamics Nav og Office 365 í hýsingu og leigu í Azure-skýinu frá Microsoft. „Með því getum við boðið öllum stærðum fyrirtækja aðgang að sama hugbúnaði á verði sem ekki hefur verið í boði áður hérlendis. Þannig er rekstur vélbúnaðar í lágmarki og hægt að vinna í kerfunum hvenær sem er, hvaðan sem er á netinu.“ Uppsetning og rekstur netstjóra auk uppsetningar Office, Outlook og bókhaldsins er í skýinu í stað reksturs hjá fyrirtækjunum. Þannig er stofnkostnaður í lágmarki og rekstur kerfanna þekktur, greiddur mánaðarlega eftir fjölda notenda hverju sinni. „Að geta boðið aðgang að fullkomnu bókhaldi með viðskiptamönnum, lánardrottnum, birgðum, forða- og verkbókhaldi, rafrænum reikningum og VSK-skilum auk **Office 365 (Word, Excel, Outlook, PowerPoint o.fl.) með hýsingu og afritun á 9.900 kr. á mánuði er einsdæmi á markaði og gerir öllum stærðum fyrirtækja kleift að nýta sér nýjustu tækni hverju sinni með einu öflugasta viðskiptakerfinu á markaðnum“.**

Innan Wise starfar öflugur hópur sérfræðinga með áralanga reynslu í Microsoftlausnum. Þar fyrir utan hefur fyrirtækið sjálft hannað mikinn fjölda lausna fyrir íslenskan markað og jafnframt náð ágætis árangri í útflutningi á lausnum sínum og þjónustu.



Þrír af starfsmönnum Wise á Íslandi. Aftari röð frá vinstri: Margrét Erla Eysteinsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og ráðgjafarsviðs og Sigríður Helga Hermannsdóttir, sviðsstjóri hugbúnaðarsviðs. Fyrir framan þær er Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs. MYND/GVA

Wise hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir starfsemi sína, þ. á m. viðurkenningar sem „Framúrskarandi fyrirtæki ársins 2014“ hjá Creditinfo, „Samstarfsaðili ársins 2014“ hjá Microsoft á Íslandi og „Fyrirmyndarfyrirtæki VR“ um nokkurra ára skeið.

Hjá Wise starfa í dag 80 manns, bæði á Íslandi og í Halifax í Kanada. Starfsemi fyrirtækisins er á tveimur stöðum hérlendis, í Borgartúni í Reykjavík og í Hafnarstræti á Akureyri. ***Nánari upplýsingar má finna á www.wise.is.***

wise
- snjallar lausnir

Fullbúin
viðskiptalausn
í áskrift
Microsoft
Dynamics NAV

Wise býður eitt mest selda
bókhaldskerfi landsins
í mánaðarlegri áskrift
- NAV í áskrift.

Lágmarkaðu kostnaðinn
og kynntu þér málið
www.navaskrift.is

Microsoft Dynamics NAV
Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)

dynamics nav í áskrift

Office 365
Aðgangur að Office 365 fylgir með Microsoft Dynamics NAV í áskrift.*

viðskiptalausnir 1

- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- Innkaupakerfi
- Sölu- og birgðakerfi
- Eignakerfi
- Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

Wise sérlausnir:
- Rafræn VSK skil
- Rafræn sending reikninga
- Þjóðskrártenging

Hýsing og afritun í Microsoft Azure
Office 365 fylgir með NAV í áskrift*

kr. 9.900
pr. mán. án vsk

Microsoft Azure
Hýsing og afritun innifalin
Azure skýjaþjónusta Microsoft er eitt öruggasta og öflugasta gagnaver í heimi.

wise | Borgartún 26, 105 Reykjavík & Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri » sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is

* gildir til 30. 06. 2017

# STÓRÚTSALA & LAGERSALA

## Vorum að bæta við fullt af spennandi vörum!

**Kjólar – túnikur – stakir jakkar – buxur**
**blússur – toppar – bolir – yfirhafnir – skór**

**Klassískar og vandaðar vörur á frábæru verði!**




# Nýjar vörur!

Frábært buxnaúrval
í stærðum 34-46

MOS MOSH

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



# LEYNDARMÁLIÐ Í SKIPHOLTINU

**PARÍSARTÍZKAN KYNNIR** *Í 52 ár hefur Parísartízkan selt konum yfir þrítugu vandaðan hátískufatnað. Hjördís Sif Bjarnadóttir klæðskeri ólst upp í versluninni og tók nýverið við búðinni af móður sinni heitinni og hefur nú fært Parísartízkuna enn meir inn í nútímann..*

Parísartízkan er eitt best geymda leyndarmál Íslendinga. Sumir halda að verslunin sé fyrir eldra fólk þar sem hún hefur verið starfrækt í 52 ár og er skrifuð með z. En það gæti ekki verið fjær lagi," segir Hjördís. Fjöldi þekktra merkja er til sölu í Parísartízkunni en þar má nefna Basler, Max Mara, Weekend Max Mara, Persona, Marina Rinaldi, Penny Black og Max Mara Code. „Svo erum við líka með skó, skart, fylgihluti og Max Mara-sokkabuxurnar sem allar stelpur eru að missa sig yfir," lýsir Hjördís.

Ýmsar breytingar hafa orðið á versluninni frá því hún var stofnuð árið 1963. „Í upphafi var starfrækt saumastofa í versluninni og fatnaðurinn hannaður með innblæstri frá borg hátískunnar París. Í dag eru seld föt frá vönduðum tískuframleiðendum þar sem gæði og ending eru í hávegum höfð," segir Hjördís sem nánast ólst upp í Parísartízkunni sem móðir hennar rak í fjölda ára.

„Þar lærði ég margt um tísku og fékk áhuga á saumaskap. Ég menntaði mig sem klæðskeri og kjólaklæðskeri og hef alveg síðan ég man eftir mér haft áhuga á vönduðum fatnað," segir hún, enda endurspeglast góður smekkur Hjördísar í fataúrvalinu í versluninni.

Til að mynda hefur Hjördís bætt við merkjum frá Max Mara sem eru afar vinsæl. „Við leggjum áherslu á fjölbreytileika. Þannig erum við til dæmis með föt frá Persona/Marina Rinaldi sem eru með stærri stærðir og svo erum við með Penny Black og Weekend Max Mara sem eru með minni stærðir." Basler er elsta merki Parísartízkunnar. „Það er þýskur gæðafatnaður í stærðum frá 36 til 48."

Innt eftir því hvað verði í tísku með vorinu svarar Hjördís: „Það sem einkennir vorið eru bjartir litir, sérstaklega pastellitir, og enn er mikið um mynstur. Þá eru frakkar og þunnar dúnúlpur mjög vinsæl," segir Hjördís og bendir á að konur á mjög breiðu aldursbili geti fundið eitthvað við sitt hæfi í versluninni. „Það hefur oft komið fyrir að við fáum þrjá ættliði í búðina og allir geta fundið eitthvað sem höfðar til þeirra," segir hún glaðlega.

Þótt ýmsar breytingar hafi orðið hjá Parísartízkunni á síðustu árum helst eitt óbreytt. „Það er persónuleg þjónusta. Við viljum að viðskiptavinir okkar eigi góða stund með okkur og gangi glaðir út."

*Parísartízkan er til húsa í Skipholti 29b.*
***Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Parísartízkan.***



**EIGANDINN** Hjördís Sif Bjarnadóttir er klæðskeri að mennt og hefur haft áhuga á vönduðum fatnaði frá því hún man eftir sér. MYND/STEFÁN

# ÞRÓUN SKAUTBÚNINGSINS

*Skautbúningur – Íslenskur hátískufatnaður um 19. öld er yfirskrift fyrirlestrar í Hönnunarsafni Íslands sem haldinn verður í kvöld.*

Guðrún Hildur Rosenkjær, klæðskera- og kjólameistari, flytur fyrirlestur um íslenska skautbúninginn í Hönnunarsafni Íslands í kvöld klukkan 20.

Á fyrirlestrinum fjallar Guðrún Hildur um aðdraganda, þróun og vegferð skautbúningsins frá því hann kom fram um miðja 19. öld og fram á okkar daga. Hún veltir upp spurningum eins og hvort búningurinn, sem oft er kenndur við fjallkonuna, hafi verið pólitískt hátískuþjóðernistákn eða aðferð kvenna til listsköpunar. Þá fjallar hún um aðkomu Sigurðar Guðmundssonar málara að hönnun íslenskra kvenbúninga og samfélagslega umræðu um búninga kvenna um aldamótin 1800.



**ÍSLENSKIR BÚNINGAR** Myndin er tekin á þjóðbúningadegi Þjóðminjasafns Íslands. Fyrirlesturinn verður í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ.







MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



# CLARISONIC

**NÚ LOKS Á ÍSLANDI**

SEX SINNUM BETRI HÚÐHREINSUN

Clarisonic tækið hjálpar þér að viðhalda fallegri og heilbrigðri húð.
Sonic-sveiflutæknin tryggir milda og örugga húðhreinsun fyrir allar húðgerðir og hreinsar sex sinnum betur en með höndum eingöngu. Clarisonic fjarlægir fitu og óhreinindi sem eru föst í fínum línum og húðholum. Húðin verður mýkri og móttækilegri fyrir virkum efnum úr húðsnyrtivörum. Húðholur minna sjáanlegar og húðin frískleg og ljómandi.

300

MÍKRÓSVEIFLUR Á SEKÚNDU

FRAMLEITT MEÐ EINKALEYFI

SONIC SVEIFLU-TÆKNI

TITRAR EKKI SNÝST EKKI



clarisonic®

**FÆST Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI OG Á HAGKAUP.IS**

## BÍLAR & FARARTÆKI



**SJÁLFSKIPTUR !**
Hyundai Getz GLS 06/2008 ek 127 þ.km SJÁLFSKIPTUR ek 127 þ.km verð nú 990 þús !!!



**SJÁLFSKIPTUR !**
Suzuki Jimny JLX 08/2005 ek 113 þ.km SJÁLFSKIPTUR 4X4 verð 1250 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

STÓRA BÍLASALAN



FORD TRANSIT 18 manna. Árgerð 2015, Nýr bíll. dísel, 5 gírar. Verð 5.990.000.- án VSK . Verð miðast við hópferðaleyfi. Rnr.156874.



HYUNDAI I20 Árgerð 06/2014, ekinn 28 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000.- Staðgreitt. Er á staðnum Rnr.156961.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**



Toyota Yaris Terra 5/2014 ek 23þkm beinsk, dísel ásett verð er 2890 þús raðnr 210007.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



HONDA Accord s/d Lifestyle 2.0. 7/2013, 35þ.km,bensín,6 gírar. Verð 3.670.000.Skipti ód. Rnr.122856.



HONDA Jazz Elegance. 5/2011, 67þ.km, bensín, sjálfskipt. Verð 1.890.000. Skipti óð. Rnr.122846.



LEXUS IS250. 5/2007, 111þ.km, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga. Verð 2.850.000. Skipti óð. Rnr.260564.



SKODA Octavia Ambiente Combi 4x4. 10/2011, 44þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Skipti óð. Rnr.118512.



TOYOTA Rav4 GX dísel 2.2 . 6/2013, 31þ.km, dísel, sjálfskiptur, krókur. Verð 5.840.000. Skipti óð. Rnr.122844.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX. 6/2013, 48þ.km, dísel, sjálfskiptur, krókurVerð 9.170.000. Skipti óð. Rnr.122834.



TOYOTA Hilux d/c SR 3.0.9/2009, 145þ.km, dísel, sjálfskiptur, pallhús. Verð 3.890.000. Skipti óð. Rnr.122868.



TOYOTA Land Cruiser 120 GX. 11/2007, 213þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.980.000. Skipti óð. Rnr.118016.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



VOLVO V40 2,0 16 ventla station. Árgerð 2003, ekinn 142 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.141407.



MERCEDES-BENZ GLK 250 CDI 4matic. Árgerð 2013, ekinn 48 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.240473.



HONDA Cr-v panorama. Árgerð 2007, ekinn 141 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.240630.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 43 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.790.000. Rnr.990658. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

MB bílar



VW Golf trendline tdi. Árgerð 2013, ekinn 46 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.830.000. Rnr.110398.



SKODA Octavia Ambiente combi 4x4. Árgerð 2010 ekinn 104 Þ. dísel, 6 gírar. Verð 2.790.000. Rnr.101180.

**MB Bílar**
**Klettháls 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16**
**http://www.mbbilar.is**






J.R.BÍLASALAN
BÍLDSHÖFÐA 3, 110 REYKJAVÍK
S: 567-0333 www.jrbilar.is



MMC Pajero sport gls turbo. Árgerð 1999,16 SKOÐUN, NÝ DEKK ekinn 250 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 590.000. Rnr.156961.



TOYOTA Land cruiser 90. Árgerð 1999, ekinn 190 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verðtilboð 1.150.000. Rnr.156836.

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**Okkur vantar bíla á skrá og í stæði**
**www.jrbilar.is**

## Bílar til sölu



MMC Pajero Sport árg 05 ek 157 þús beinsk nýskoðaður góð vetrardekk topp bíll verð 1420 gsm 8927852

BLAND



**TIL SÖLU**
,05 Toyota Land Cruiser LX 120, diesel, sjálfsk. Ek. 155.100km, 35" dekk á 17" felgum, krókur, kastarar, glugga og húddhlífar. Nýlega skipt um tímareim. Flottur og góður bíll. Verð 4.350.000
Raðnr. 2642605
**Bland.is www.bland.is**



Toyota Landcruiser 200 VX 35" breyttur. Dísel árg 2008. Ek. 106 þús km Alltaf verið þjónustaður af Toyota. Er á nýjum nagladekkjum og sumardekk fylgja. Verð: 8.990.000.- Sími 6178836

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
**Má þarfnast lagfæringa.**
**Hringdu S. 615 1815**
**eða sendu sms.**

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Lyftarar



Til sölu TCM FTB15 rafmagnslyftari. Árg 1994. Lyftigeta 1.500kg. Lyftihæð 4,7m. Hleðslutæki fylgir með. Verð 535.000 kr án vsk. Kraftvélar ehf / S. 535-3500 / www.kraftvelar.is

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alggluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.



Til sölu Trefjaplast bátskel 6,6 tonn, 8,5 m á lengd. Skráð í skipaskrá tekur 4 fiskikör í lest, get sent myndir. Verð nú 650þ. Uppl. 820-5181

## Flug



**FLUGVÉLIN TF-PIA ER TIL SÖLU.**
Árgerð: 1980 Flugtími: 4.588 tímar frá upphafi Mótor: ca. 2000 tímar eftir af mótornum Flugvélin getur verið IFR Verðtilboð berist til Jörgens á netfangið jako@jako.is

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Bókhald

Betriskil.is tekur að sér alla almenna bókhaldsþjónustu fyrir fyrirtæki. Nánari upplýsingar inná www.betriskil.is eða í síma 821-6301

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Erum með nýja og glæsilega nuddaðstöðu í 101 með Íslenskum nuddurum. Opið frá 10-22. S. 787 7481

## Spádómar

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Veisluþjónusta

Menu internacionl matseðill - libraen criollo vörur. Fyrir Íslendinga og Espanoles. Á laugardögum og sunnudögum á Mjölnisholti 10 2hæð. Pantanir frá 18-22 í síma 7768861 elba.kennari@gmail.com

F A S T E I G N A S A L A N

# MIKLABORG

Lágmúla 4 108 Reykjavík

**569 7000**

w w w . m i k l a b o r g . i s



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Þröstur Þórhallsson, lögg. fasteignasali, Sími: 897 0634
Ólafur Finnbogason, lögg. fasteignasali, Sími: 822 2307
Atli S. Sigvarðsson, sölufulltrúi, Sími: 899 1178
Davíð Jónsson, sölufulltrúi, Sími: 697 3080
Hilmar Jónasson, sölufulltrúi, Sími: 695 9500
Svan G. Guðlaugsson, sölufulltrúi, Sími: 697 9300
Helgi Jónsson, sölufulltrúi, Sími: 780 2700
Jórunn Skúladóttir, sölufulltrúi, Sími: 845 8958
Páll Þórólfsson, sölufulltrúi, Sími: 893 9929
Jason Ólafsson, sölufulltrúi, Sími: 775 1515
Gunnar S. Jónsson, lögg. fasteignasali, Sími: 899 5856
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali, Sími: 6955520

# MIKLABORG leitar að ...



## 2ja herbergja

**Vantar 2 herb. íbúð í 101 – 107. Verð í kring um 25millj.**
Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 780 2700 eða á helgi@miklaborg.is

**2ja herbergja íbúð í Grafarvogi á fyrstu hæð, helst með palli**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**2-3 herbergja íbúð í Furugrund - afhending getur verið síðar á árinu**
Nánari upplýsingar gefur Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is

**2-3 herbergja íbúð í Vesturbænum, helst við Ægisíðu**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**2ja herbergja íbúð í nágrenni við Háskóla Íslands.**
Upplýsingar veitir Atli s: 899-1178 eða atli@miklaborg.is

**Vantar 2ja og 3ja herbergja íbúðir í Heimunum.**
Upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695 5520 eða jon@miklaborg.is

**2-3ja herbergja íbúð fyrir eldri borgara í Hæðargarði, Hvassaleiti, Sléttuvegi eða Árskógum.**
Allar frekari upplýsingar veitir Jason Ólafsson í síma 775 1515 jassi@miklaborg.is

**Leita að 2-3 herbergja íbúð í 107 og 101. Jarðhæð eða kjallari kemur ekki til greina.**
Nánari uppl.veitir Gunnar í síma 899 5856 eða gunnar@miklaborg.is

**2ja-3ja herbergja íbúð í Linda, Sala eða Smárahverfi. Gott aðgengi eða lyfta skilyrði.**
Upplýsingar veitir Atli s: 899-1178 eða atli@miklaborg.is

**2-3ja herbergja íbúð á svæði 101, 105 eða 107 Verð í kring um 28-34 millj.**
Upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695 5520 eða jon@miklaborg.is

**Erum með fjársterkan kaupanda á 2ja til 3ja herbergja íbúð í Vesturbæ Reykjavíkur eða Seltjarnarnesi. Rúmur afhendingatími ef þess er óskað.**
Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason, löggiltur fasteignasali í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is

## 3ja herbergja

**3 herbergja íbúð í Kópavogi fyrir allt að 25millj.**
Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 780 2700 eða á helgi@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð Í Grafarholti helst á jarðhæð með palli og bílageymslu**
Nánari upplýsingar gefur Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is

**3ja herbergja betri íbúð í lyftublokk á Kringlusvæðinu.**
Nánari upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695 5520 eða jon@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð í Garðabænum með auðveldu aðgengi f. hjólastól. Verð 30 millj.**
Nánari upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695 5520 eða jon@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð í Heimunum eða svæði 104 má vera í lélegu ástandi**
Nánari upplýsingar gefur Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð í Boðaþingi eða nágrenni fyrir eldra fólk**
Nánari upplýsingar gefur Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is

**3ja herbergja í Sundum eða nágrenni - afhending mætti vera strax**
Nánari upplýsingar gefur Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is

**3 Herbergja íbúð í 103-104-105-108-110 á jarðhæð með garði og bílskúr. Verð í kring um : 30millj.**
Nánari uppl.veitir Helgi 780 2700 eða helgi@miklaborg.is

**3 herbergja íbúð í Hlíðunum fyrir ákveðin aðila. Verð í kring um 25-30millj.**
Nánari uppl.veitir Helgi í síma 780 2700 eða á helgi@miklaborg.is

**3ja herbergja í vesturbæ kaupavogs fyrir ákveðinn kaupanda sem er búinn að selja sína eign**
Nánari upplýsingar veitir Davíð í síma 697 3080 eða david@miklaborg.is

**Íbúð miðsvæðis 101 og 105 með 2 svefnh. á efstu hæð**
Allar frekari upplýsingar veitir Jason Ólafsson í síma 775 1515 jassi@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð í Baugakór og nágrenni. Má kosta 30 millj.**
Allar frekari upplýsingar veitir Jason Ólafsson í síma 775 1515 jassi@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð þar sem þjónusta fyrir aldraða er í boði**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð gegn 100% yfirtöku á lánum**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð á Teigunum**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð í Neðra Breiðholti**
Allar frekari upplýsingar veitir Jason Ólafsson í síma 775 1515 jassi@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð við Sóleyjarima fyrir +55 ára**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**3ja herbergja íbúð í Hlíðunum**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**3-4 herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík eða Kópavogi verð allt að 28 milljónir**
Nánari upplýsingar gefur Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is

**3-4 herbergja íbúð í Salahverfi, afhending samkomulag**
Nánari upplýsingar gefur Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is

**3-4 herbergja íbúð í Grafarholti**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

## 4ra – 5 herb

**170-200 fm íbúð með útsýni í Skugganum Verð allt að 140 millj.**
Allar frekari upplýsingar veitir Jason Ólafsson í síma 775 1515 jassi@miklaborg.is

**4ra herbergja íbúð miðsvæðis í Vesturbæ Reykjavíkur**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**4ra herbergja íbúð í Hlíðum, Holtum, Norðurmýri fyrir ákveðin aðila.**
Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 780 2700 eða á helgi@miklaborg.is

**4ra herbergja íbúð í Rimahverfi**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**4-5 herbergja hæð eða íbúð í vesturhluta miðbæjar.**
Nánari upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695 5520 eða jon@miklaborg.is

**4ra herbergja eign, miðsvæðis. Helst hæð en ekki risi. Draumurinn að hafa garð og bílskúr einnig**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**4ra herbergja íbúð í Lindum Kópavogi.**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**Vantar 2ja til 4ra herbergja íbúðir í Breiðaholti fyrir fjársterkan aðila með sterkar greiðslur.**
Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason, löggiltur fasteignasali í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is

**Íbúð með bílskúr eða bílskúrum í póstnúmeri 108**
Nánari upplýsingar veitir Davíð í síma 697-3080 eða david@miklaborg.is

**5-6 herbergja íbúð í póstumeri 111 fyrir stóra fjölskyldu**
Nánari upplýsingar gefur Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is

## Hæðir

**Hæð og ris óskast í 101-107 fyrir ákveðin aðila.**
Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 780 2700 eða helgi@miklaborg.is

**Vantar 100-120 fm hæð í 107 fyrir ákveðin aðila.**
Nánari uppl.veitir Gunnar í síma 899 5856 eða gunnar@miklaborg.is

**Hæð í Hlíðunum**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

## Par/Rað

**Er með fjölskyldu sem leitar að c.a. 200 fm raðhúsi á Seltjarnarnesi. Um er að ræða rúman afhendingatíma ef þess er óskað eða skipti á 4ra herb. íbúð í Vesturb.**
Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason, löggiltur fasteignasali í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is

**Raðhúsi í Rimahverfi eða Staðarhverfi**
Vertu í sambandi við Jórunni í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is

**Rað- eða parhús í Linda- eða Salahverfi, öruggur kaupandi**
Nánari upplýsingar gefur Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is

**Óska eftir húsi í Grænumýri fyrir ákveðin aðila.**
Nánari uppl.veitir Páll í síma: 893 9929 eða pall@miklaborg.is

## Einbýli

**Einbýlishús óskast í Ártúnsholti eða Ásahverfi í Árbæ. 5 svefnherb. skilyrði.**
Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 780 2700 eða helgi@miklaborg.is

**Einbýli með 2 aukaíbúðum í fjölskylduvænu hverfi**
Allar frekari upplýsingar veitir Jason Ólafsson í síma 775 1515 eða jassi@miklaborg.is

**Einbýlishús með aukaíbúð eða möguleika á auka íbúð óskast í 104-105. Nánari**
Upplýsingar veitir Helgi í síma 780 2700 eða helgi@miklaborg.is

**Einbýlishús með 2 íbúðum óskast í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ eða Hafnarfirði fyrir allt að 65 millj. Minni íbúðin verður að vera 3 herb. eða mjög góð 2ja. Og stærri lámark 4ra herbergja.**
Nánari uppl.veitir Helgi í síma 780 2700 eða helgi@miklaborg.is

**Einbýlishús í vesturbæ Kópavogs fyrir allt að 40 millj.**
Nánari uppl.veitir Helgi í síma 780 2700 eða helgi@miklaborg.is

**Sérbýli í Gerðunum pnr. 108 sem þarfnast ekki mikils viðhalds. 50-60 millj.**
Upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695 5520 eða jon@miklaborg.is

**Leita af einbýli í Fossvogi, Vesturbæ, verð 80-100 millj.**
Allar frekari upplýsingar veitir Jason Ólafsson í síma 775 1515 jassi@miklaborg.is

**Leitar að sérbýli í Breiðholti, Grafarvogi eða Árbæ allt að 200 fm verð allt að 50 milljónir**
Nánari upplýsingar veitir Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is.is

**Lítið sérbýli sem þarfnast viðgerða helst í eldri hluta Kópavogs Nánari upplýsingar gefur**
Nánari upplýsingar gefur Svan Gunnar Guðlaugsson í síma 697 9300 eða svan@miklaborg.is

**Óska eftir sérbýli með góðum bílskúr í Kópavogi, Grafarvogi, Grafarholti, Mosó ofl. Má þarfnast lagfæringa.**
Upplýsingar veitir Atli s: 899-1178 eða atli@miklaborg.is

**Gott einbýlishús í Garðabæ eða Hafnafirði með aukaíbúð.**
Upplýsingar veitir Atli S: 899 1178 eða atli@miklaborg.is

**Sérbýli í eða í grennd við Hólatorg.**
Upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695-5520 eða jon@miklaborg.is

**Gott einbýli- eða raðhús í Foldahverfi Grafarvogs, 50-60 millj.**
Upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695 5520 eða jon@miklaborg.is

**Sérbýli eða hæð í mið- eða vesturbæ Reykjavíkur V. 70-120 milljónir.**
Upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695 5520 eða jon@miklaborg.is

**Ákveðinn kaupandi leitar að 300-400 fm einbýli í 101 eða 107. Verð upp að 200 millj.**
Upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695 5520 eða jon@miklaborg.is

**Einbýli í 101 óskast.**
Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 780 2700 eða helgi@miklaborg.is

**Einbýlishúsi í Garðabæ, 350 – 500 fermetra.**
Allar frekari upplýsingar veitir Jason Ólafsson í síma 775 1515 jassi@miklaborg.is

## Sumarhús

**Vantar á skrá allar stærðir og tegundir sumarhúsa.**
Með hækkandi sól eykst eftirspurnin. Veitum faglega þjónustu og mikin sýnileika á þínu sumarhúsi með auglýsingum á vefnum, dagblöðum og með kynningu víða um land.
Upplýsingar veitir Jón Rafn lgf. S: 695 5520 eða jon@miklaborg.is

## Atvinnuhúsnæði

**Óskum eftir atvinnuhúsnæði með leigusamningum.**
Nánari upplýsingar gefur Þröstur Þórhallsson Lögg. fasteignasali. í síma 897 0634 eða throstur@miklaborg.is

**Óska eftir atvinnuhúsnæði með góðum leigusamning Verð: 300-800 millj.**
Allar frekari upplýsingar veitir Jason Ólafsson í síma 775 1515 jassi@miklaborg.is

## Annað

**Er með verktaka sem leitar að eignum í lélegu ástandi til kaupa og er um staðgreiðslu að ræða ef um rétta eign er að ræða.**
Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason, löggiltur fasteignasali í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is

# Ferming í FLASH





Ótrúlegt úrval af fermingarkjólum

Verð frá 9.990 kr.

Ermar verð frá 3.990 kr.

Jakkar 9.990 kr.









FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

Fleiri myndir á Facebook

## fasteignir





**OPIÐ HÚS**
**fimmtudaginn 12. febrúar milli kl. 17:00 og 18:00**

Nánari upplýsingar veitir



**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697 9300
svan@miklaborg.is



**Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Falleg 3ja herbergja hæð
í þessu virðulega húsi

Eignin er skráð 79,1 fm
**Laus fljótlega**

Verð: **39,8 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



**Stofnað 1983**
HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Sími 520 7500

**Norðurbakki 25B íbúð 505 – Hafnarfjörður – Penthouse íbúð**








**Opið hús í dag milli kl. 17:30 – 18:00**
Nýkomin í einkasölu á þessum einstaka stað nyrðst á Norðurbakkanum. Glæsileg 118 fm. 4ra herbergja íbúð á efstu hæð með óheftu sjávar útsýni. Þrjú góð svefnherbergi. Hátt til lofts. Glæsilegar innréttingar. Þaksvalir með einstöku útsýni. 2.stæði í bílakjallara. **Verð: 47,5 millj.**
Hilmar Þór Bryde sölumaður verður á staðnum s: 892 9694.

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**





**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar


## tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi**

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

1. **Breyting á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 vegna stækkunar á iðnaðarsvæði norðan Flúða, svæði merkt P1.**
Auglýsting til kynningar breyting á aðalskipulagi sem varðar iðnaðarsvæði norðan Flúða sem nýtt hefur verið til móttöku úrgangs (gámastöð), merkt P1, stækkar úr 0,7 ha í 3 ha. Er breytingin gerð í tengslum við nýtt deiliskipulag fyrir svæðið og fyrirætlanir um að bæta við starfsemi sem tengist meðhöndlun á lífrænun úrgangi. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er kynnt með aðalskipulagsbreytingunni.

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

2. **Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 innan þéttbýlisins Reykholt. Breyting á tengingu Lyngbrautar við þjóðveg.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 13. nóvember 2014 tillögu að breytingunni á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem felst í að hluti Lyngbrautar í Reykholti verði botnlangi út frá Biskupstungnabraut sem mun ná inn fyrir núverandi aðkomu að lóðinni Lyngbraut 5. Þá er einnig gert ráð fyrir að aðkoma að lóðinni Lyngbraut 5 frá Bjarkarbraut verði felld niður. Tillagan var auglýst frá 21. ágúst til 3. október 2014. Athugasemdir gáfu tekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.
3. **Breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Austureyjar 1. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað íbúðarsvæðis.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 11. desember 2014 tillögu að breytingunni á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem felst í að íbúðarsvæði í landi Austureyjar breytist í svæði fyrir verslun- og þjónustu. Tillagan var auglýst frá 2. október til 14. nóvember 2014. Athugasemdir gáfu tekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.
4. **Breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Lækjarhvamms. Smávirkjun.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 11. desember 2014 tillögu að breytingunni á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem felst í að gert er ráð fyrir smávirkjun í landi Lækjarhvamms. Tillagan var auglýst frá 2. október til 14. nóvember 2014. Athugasemdir gáfu tekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:**

5. **Breyting á deiliskipulagi Austureyjar I og III í Bláskógabyggð. Lóð fyrir hótel/gistihús í stað íbúðarlóða.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 11. desember 2014 tillögu að breytingu á deiliskipulagi á svæði þar sem í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir fjórum íbúðarhúsalóðum fyrir allt að 400 fm íbúðarhús en verður eftir breytingu ein 13.424 fm verslunar- og þjónustulóð þar sem heimilt verður að byggja allt að 1.600 fm gistihús. Þá er einnig gert ráð fyrir að hluti Hálshúsvegar og Austurvegar verði breytt í göngustíg. Tillagan var auglýst frá 2. október til 14. nóvember 2014. Athugasemdir gáfu tekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

6. **Deiliskipulag smávirkjunar í landi Lækjarhvamms í Bláskógabyggð.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 5. febrúar 2015 tillögu að deiliskipulagi 480 kW smávirkjunnar syðst í landi Lækjarhvamms. Tillagan var auglýst frá 2. október til 14. nóvember 2014. Var tillagan samþykkt með minniháttar breytingum í greinargerð varðandi hönnun frárennslis virkjunarinnar og verður hún nú send Skipulagsstofnun til afgreiðslu..

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

**Skipulagstillaga nr. 1 er í kynningu frá 12. til 26. febrúar 2015. Athugasemdir og ábendingar við tillöguna þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 26. febrúar 2015 og skulu vera skriflegar.**
**Tillögur nr. 2 til 6 hafa allar verið sendar Skipulagsstofnun til staðfestingar eða afgreiðslu og má nálgast nánari upplýsingar um málin s.s. innkomnar athugasemdir og umsögn sveitarstjórnar um þær, hjá skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.**

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær

**Tillögur að nýju deiliskipulagi „Ásvallabraut tenging Valla og Áslands".**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 21.01.2015 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Ásvallabrautar frá Skarðshlíð að Áslandi 3 í Hafnarfirði ásamt greinargerð með umhverfisskýrslu í samræmi við 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Ásvallarbraut frá Skarðshlíð að Áslandi 3 er ætlað að tengja saman byggðasvæði sitt hvoru megin Ásfjalls og þjóna byggingarsvæðum sem fyrirhuguð eru í framtíðinni, sitt hvoru megin við hana. Brautin er skilgreind í Aðalskipulagi 2013-2025.

**Tillögur að breyttu deiliskipulagi „Hellnahraun 2. áfangi".**

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum 01.07.2014 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfangi í Hafnarfirði ásamt greinargerð með umhverfisskýrslu í samræmi við 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið miðar að því að koma á vegtengingu íbúðarsvæða á Völlum og iðnaðarsvæða í Hellnahrauni við Krýsuvíkurveg í Hafnarfirði. Jafnframt koma á tengingu milli þessara svæða. Gert er ráð fyrir að framtíðaruppbygging með mislægum gatnamótum geti komið síðar og tekur deiliskipulagsbreytingin mið af því. Tengingin er skilgreind í Aðalskipulagi 2013-2025.

Deiliskipulagstillögurnar verða til sýnis hjá Skipulags- og byggingarsviði á Norðurhellu 2, og bæjarskrifstofum að Strandgötu 6 frá 12. febrúar til 28. mars 2015. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á Skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 28. mars 2015. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

*Skipulags- og byggingarsvið*


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT




„Takk elsku Edda mín fyrir að gefa okkur endalausan hlátur og gleði!...Eddan var algjört æði! "
**Vala matt**

„Mæli með Eddunni í Gamla bíói! Frábær skemmtun"
**Felix Bergsson**

„Mæli með vatnsheldum maskara á þessari sýningu! Allir á Edduna!"
**Björk Eiðsdóttir**

**NÆSTU SÝNINGAR**

| | | |
|---|---|---|
| 13. FEB. | **örfá sæti laus** | 20. FEB. |
| 14. FEB. | **örfá sæti laus** | 01. MAR. |
| 19. FEB. | **örfá sæti laus** | |

Miðasala: **midi.is** Einnig í Gamla bíói frá kl 15-18 alla virka daga og 15-20 sýningardaga. Miðasala í Gamla bíói: **563 4000** ▪ Hópasala: **786 3060** ▪ **eddan2015@gmail.com**



**2 | 20:10**

**ELDHÚSIÐ HANS EYÞÓRS**

Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarsson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu og töfrar fram dýrindis rétti á einfaldan hátt.


FRÁBÆRT
**FIMMTUDAGSKVÖLD!**

Fáðu þér áskrift á 365.is

365


**2 | 20:35**

**RESTAURANT STARTUP**

Skemmtilegur raunveruleikaþáttur þar sem valið er á milli tveggja hópa þáttakenda sem þurfa að móta hugmynd að nýju veitingahúsi.



**2 | 21:10**

**THE MENTALIST**

Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.



**2 | 22:05**

**THE BLACKLIST**

Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstastasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



**G | 21:45**

**VICE**

Áhrifamiklir fréttaskýringaþættir þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar um heim allan.




**3 | 20:00**

**AMERICAN IDOL**

Fjórtánda þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum þar sem allir sigurvegarar fyrri þátta hafa slegið í gegn á heimsvísu.



**Krakkastöðin | 07:00-20:30**

**BARNAEFNI ALLA DAGA**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.




365.is




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 7 | 1 | | 8 | |
| | | 8 | 5 | | 6 | | | 1 |
| | 5 | | | | | | | 7 |
| | 1 | 6 | | 5 | | | | |
| | 8 | | | 3 | 4 | | | 9 |
| 9 | 2 | | 8 | 1 | | 4 | | |
| 7 | 6 | | 9 | | | 2 | | |
| 2 | 9 | 4 | | | 5 | 8 | 7 | |
| | | | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 7 | | 3 | | 5 | | |
| | | 8 | | | 7 | | 4 | 9 |
| | | | 2 | | 9 | | 7 | |
| | 6 | | | | | | | 4 |
| 5 | 7 | | 8 | | | | 9 | |
| | | | | 4 | | | 2 | |
| 3 | 1 | 5 | | 2 | | | | |
| 6 | | | | 7 | | 1 | | |
| | 8 | | 6 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 8 | | | | | 3 | |
| 4 | | | 1 | 3 | 7 | | | |
| 3 | | | 5 | | | | 6 | 4 |
| | 8 | | | 7 | | | | 3 |
| | | 7 | 2 | 1 | 3 | | 5 | |
| | | | 9 | 4 | | | | 2 |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| | 6 | 5 | | | | | | |
| | | | | | 4 | | 8 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 | 1 |
| 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 7 |
| 8 | 5 | 2 | 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 |
| 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 5 |
| 1 | 6 | 3 | 2 | 5 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 6 | 8 | 3 |
| 5 | 3 | 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 1 | 9 |
| 6 | 9 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 7 | 3 | 4 |
| 2 | 4 | 3 | 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 |
| 1 | 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 4 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 9 | 7 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 6 | 3 | 8 | 4 | 2 |
| 3 | 2 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 9 | 2 | 6 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 1 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 | 2 | 5 | 4 |
| 1 | 5 | 4 | 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 7 |
| 4 | 2 | 3 | 1 | 7 | 6 | 5 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 5 | 1 | 4 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Því meira sem þér líkar við sjálfan þig, því minna ertu eins og allir. Það gerir þig að einstakri manneskju.“**

*Walt Disney.*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Below lauk skákinni á snaggaralegan hátt gegn Ohngemach í Narva 1984.**

**Hvítur á leik**



**1. Hf4!!** Svartur gafst upp þar sem 1.... Dxf4 er svarað með 2. Dxh7# og 1.... Dxd3 er svarað 2. Hxf8#. Rimaskóli sigraði á Reykjavíkurmóti grunnskólasveita.

**www.skak.is:** Bikarsyrpa TR hefst á morgun.




## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** glansa, **6.** skammstöfun, **8.** illæri, **9.** þrot, **11.** Í röð, **12.** goð, **14.** beikon, **16.** kvað, **17.** þörungur, **18.** siða, **20.** leita að, **21.** asi.

**LÓÐRÉTT**

**1.** tilraunaupptaka, **3.** fíngerð líkamshár, **4.** verkfæri, **5.** tímabils, **7.** gárungi, **10.** að, **13.** tangi, **15.** klúryrði, **16.** kóf, **19.** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** eh, **8.** óár, **9.** mát, **11.** rs, **12.** óðinn, **14.** flesk, **16.** ku, **17.** söl, **18.** aga, **20.** gá, **21.** flas.

**LÓÐRÉTT: 1.** demó, **3.** ló, **4.** járnsög, **5.** árs, **7.** háðfugl, **10.** til, **13.** nes, **15.** klám, **16.** kaf, **19.** aa.

# BROT AF ÞVÍ BESTA

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS

ICONIA

1280x800 IPS HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

3 LITIR

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 8.6mm OG 320gr

250% ÖFLUGRI Í NÝJUSTU 3D LEIKJUM MEÐ INTEL BAYTRAIL ÖRGJÖRVA

### B1-750

**STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA**

Ný kynslóð enn öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með 7” IPS HD fjölsnertiskjá með Zero Air Gap og Anti-fingerprint tækni.

- 7” HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 8GB flash og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Tvær vefmyndavélar 5MP og 0.3MP
- Android 4.4 stýrikerfi og fjöldi forrita

**19.900**

FÆST Í 3 LITUM

KEMUR Í FJÓRUM LITUM!

### 1TB Slim

**HÁGÆÐA FERÐAFLAKKARI**

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**14.900**

2TB AÐEINS 19.900

ENGIN VÖRUGJÖLD OG ENN LÆGRA VERÐ – ENGIN VÖRUGJÖLD 2015 – LÆKKUN Á ÖLLUM HÁTÖLURUM, HEYRNARTÓLUM, SKJÁVÖRPUM OG FLEIRI VÖRUM – AF ÖLLUM VÖRUM SEM ÁÐUR VORU MEÐ VÖRUGJÖLD

### FATAL1TY

**LEIKJAHEYRNARTÓL**

- Hágæða lokuð heyrnartól frá Creative
- Einstaklega mjúkir púðar úr flauel
- 40mm Neodymium hágæða hátalarar
- Kristaltær hljómur og þéttur bassi
- In-line remote styrkstillir á snúru
- Fjarlægjanlegur mic með noise cancel
- Einstaklega létt fyrir langtíma spilun

**6.990**

KRISTALTÆR HLJÓMUR

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 18mm OG FISLÉTT

8555GTK

### V5-552G

- AMD A8-5557M Quad Core 3.1GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6” HD LED CineCrystal 1366x768
- 2GB HD8750M DUAL leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 720p HD Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**119.900**

NÝ SENDING ENN ÖFLUGRI

VERÐVÖRN – Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur þá lækkum við okkar verð á staðnum

### iPadMini2

**7.9” RETINA 16GB**

- 7.9” Retina fjölsnertiskjár 2048x1536
- Dual Core 1.0GHz Apple A7 örgjörvi
- 16GB flash SSD diskur
- 300Mbps WiFi MIMO, BT 4.0, Lightning
- 5MP iSight og 720p Facetime myndavélar
- Örþunn aðeins 7.5mm og fislétt 331gr
- Apple iOS 7 stýrikerfi og fjöldi forrita

**49.900**

ALGENGT VERÐ 62.990

Vörn gegn ruslpósti

Heildarlausn fyrir heimili

Öflug vírusleitarvél

Varnar gagnaþjófnaði

ÓTRÚLEGT TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 6.990

### McAfee LiveSafe 2015

McAfee LiveSafe er heildarlausn fyrir öll tæki. Tölvur, símar og spjaldtölvur allt varið með öflugustu vírusvörninni ásamt því að verja heimanetið, persónuleg gögn og netnotkun.

- Öryggisvörn og öflug vírusleitarvél
- Fyrir Windows, Apple og Android
- PC tune-up hraðar vinnslu stýrikerfis
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangsstýring barna á netinu
- Má setja upp á öll tæki heimilisins

**4.990**

FYRIR ÖLL TÆKI HEIMILISINS!

ACER EXTENSA 15.6” fartölva með Intel Dual Core örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og Windows 8.1

EX2509 **49.900**

**15.6” ACER EXTENSA**

NÝ VAR AÐ LENDA

POINT OF VIEW **9.990**

**7” SPJALDTÖLVA**

3 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 19.900

**16.900**

4 LITIR

**PEBBLE SNJALLÚR**

ÞESSI VAR AÐ LENDA:)

SANDBLÁSIÐ SINK VATNS- RYK- OG HÖGGÞOLINN

J50 **9.990**

**64GB MINNISLYKILL**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

## TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki

# MENNING

## Hamfarir með augum barnsins

LEIKLIST ★★★☆☆

**Eldbarnið**

**HÖFUNDUR:** PÉTUR EGGERZ
**LEIKSTJÓRI:** SIGRÚN VALBERGSDÓTTIR
**LEIKARAR:** ALDA ARNARDÓTTIR, ANDREA ÖSP KARLSDÓTTIR OG PÉTUR EGGERZ
**LEIKMYND OG BÚNINGAR:** GUÐRÚN ØYAHALS
**TÓNLIST:** KRISTJÁN GUÐJÓNSSON
**LÝSING:** ARNÞÓR ÞÓRSTEINSSON



**ELDBARNIÐ** Andrea Ösp Karlsdóttir er í hlutverki sveitastúlkunnar Sólveigar en Pétur Eggerz og Alda Arnardóttir fara með öll önnur hlutverk verksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Möguleikhúsið sýnir Eldbarnið í Tjarnarbíói um þessar mundir og er leikritið byggt á sömu atburðum og sýningin Eldklerkurinn sem hefur verið í sýningu hjá hópnum síðustu misseri. Sögusviðið er Ísland árið 1783, nánar til tekið Austurland, þegar Lakagígar hófu að gjósa þá um sumarið. Afleiðingarnar voru ekkert annað en skelfilegar og er sýningin tilraun til þess að sjá þessar hryllilegu hamfarir með barnsaugum.

Sveitastúlkan Sólveig, sem nýlega hefur misst föður sinn af slysförum, og móðir hennar flýja undan Skaftáreldum af miklu harðfylgi en finna loks skjól hjá séra Jóni Steingrímssyni og verða vitni að goðsagnakenndri eldmessu hans. Eftir að frekari áföll dynja á stúlkubarninu endar hún í samfylgd með þjófum sem ferðast um landsvæðið í þýfisleit.

Andrea Ösp Karlsdóttir leikur hina þjáðu Sólveigu og gerir það ágætlega þó að eitthvað vanti upp á tilfinningalegu dýptina sem hún sýnir. Viðbrögð Sólveigar við öllum þeim harmi sem umvefur líf hennar sveiflast á milli undrunar og ótta en lítið meira, jafnvel þegar öll von virðist úti. Alda Arnardóttir og Pétur Eggerz sjá um að leika allar hinar persónur verksins en þær eru flestar skissur af fólki frekar en þrívíðar persónur fyrir utan Jón Steingrímsson sem Pétur hefur mikla reynslu af að leika og stífu sýslumannsfrúna í leik Öldu.

Handritið er frekar einsleitt og blæbrigðin fá í textanum sem er á köflum bæði of þungur og óþjáll fyrir yngstu kynslóðina, gamansömu uppbrotin hefðu líka mátt vera fleiri. Leikritið er rammað inn með veikri sögu af ungri stelpu á okkar tímum sem er að uppgötva fjölskyldusögu sína í gegnum frásagnir eldri bónda. Ekki er þörf á stóru stökki til að sjá ákveðið samhengi milli Skaftárelda fyrri tíma og eldgossins í Holuhrauni nú, tengingarnar eru undirstrikaðar í Eldbarninu en eru iðulega yfirborðskenndar.

Sviðshönnunin er skemmtilega unnin og útfærð, Guðrún Øyahals hefur næmt auga fyrir smáatriðum og má þar sérstaklega nefna notkunina á sviðsmununum. Sviðsetningin er mjög minimalísk en í höndum Sigrúnar Valbergsdóttur kvikna áhugaverðar myndir út frá litlum augnablikum. Aftur á móti hefði verið gaman að sjá jafn góða vinnu í búningunum en þeir voru helst til of einfaldir og ófrumlegir. Tónlistin er hljómþýð en ekkert sérstaklega afgerandi og sömu sögu má segja um lýsinguna. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Magnaður efniviður og skýr grunnhugmynd en Eldbarnið er að mestu kraftlaust.








**SKEMMTILEG ÁSKORUN** Danshöfundarnir Margrét Bjarnadóttir og Erna Ómarsdóttir takast annað kvöld á við walk+talk verkefni Philipps Gehmacher. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hreyfing römmuð með tungumáli

**Danshöfundurinn Philipp Gehmacher, upphafsmaður walk+talk, og Grímuverðlaunahöfundarnir Margrét Bjarnadóttir og Erna Ómarsdóttir skapa walk+talk í Borgarleikhúsinu annað kvöld.**

Sýningin walk+talk er hluti af Reykjavík Dance Festival sem nú stendur yfir. Philipp Gehmacher er upphafsmaður walk+talk sem hófst í heimalandi hans Austurríki árið 2008. Í walk+talk skapar danshöfundurinn blöndu af sóló og fyrirlestri, þar sem hreyfing og tal danshöfundarins birtist á sviðinu á sama tíma. Umfjöllunarefni verkanna er hugmynd og skilningur listamannanna á líkama sínum á hreyfingu, saga þeirra eigin hreyfinga og þeim hugmyndum sem þar má finna.

„Walk (ganga) stendur fyrir þann tíma sem ákveðin hreyfing þarf til þess að opinbera sig en talk (tal) stendur fyrir þá fullyrðingu sem felst í þessari tjáningu með tali sem er ætlað að tjá hreyfingarnar. Í þessari tjáningu felst bæði merkingarauki og tap hverju sinni sem mér finnst spennandi að rannsaka.

Við höldum utan um þetta með því að skrá þetta sem heimild vegna þess að listamennirnir hverju sinni eru í raun að sýna vinnubrögð og við sjáum líka viðbrögð við því sem þeir koma á framfæri. Listamennirnir ramma inn með tungumálinu það sem þeir eru að gera og það býður upp á nýja þátttöku áhorfenda og getur þannig verið ný áskorun fyrir þá.“

Philipp leggur áherslu á að sýning sem þessi sé alls ekki bara fyrir dansara og aðra listamenn. „Dansarar sækja vissulega í walk+talk en það koma líka alltaf almennir áhorfendur og skemmta sér vel. Mér finnst mikilvægt að leikhúsið sé líka staður til þess að eiga samræður og sjá hugmyndir fæðast og vona að það komi sem flestir.“

Á Reykjavik Dance Festival hefur Philipp boðið danshöfundunum Margréti Bjarnadóttur og Ernu Ómarsdóttur til þess að skapa með sér walk+talk í Borgarleikhúsinu annað kvöld. Þar munu áhorfendur sjá og heyra Margréti og Ernu gera tilraun til að ræða upphátt, og á hreyfingu, hvernig þær skilja og skynja sínar eigin hreyfingar.

> ➜ Í walk+talk skapar danshöfundurinn blöndu af sóló og fyrirlestri, þar sem hreyfing og tal danshöfundarins birtist á sviðinu á sama tíma.

Margrét segir að í sjálfu sér sé þetta ekki að öllu leyti nýtt fyrir sér þar sem hún noti alltaf texta í sínum verkum. „En þessi nálgun, að tala jafnhliða um mínar vinnuaðferðir, er góð áskorun sem ég varð að taka. Ég hef verið sjálfstætt starfandi í tíu ár og þetta var tilvalið tækifæri til þess að taka aðeins til í því sem ég hef verið að gera á þessum tíma. Þetta er ákaflega gagnlegt og skemmtilegt ferli en maður verður auðvitað að gæta þess að þetta verði það fyrir áhorfendur líka.

Erna nefnir að óneitanlega tengist þetta dálítið því sem hún hefur verið að fást við síðasta árið. „Ég kynntist Philipp fyrir 20 árum og vann með honum í einu verkefni fyrir tíu árum þannig að ég hef fylgst með því sem hann er að gera og fundist það spennandi. En þetta er mikil áskorun fyrir mig. Að takast á við að tala og dansa án tónlistar eða ljósa, heldur vera þarna og upplifa sig nakta og reyna að finna leið sem manni líður vel með. Það er gaman en vissulega mikil áskorun og þá þarf maður að finna einhvern annan drifkraft en venjulega. Ég held að þetta verði mjög áhugavert kvöld þar sem fólki gefst tækifæri til þess að koma og sjá eitthvað nýtt, eitthvað sem er ekki verið að gera hérna heima.“

**- mg**



# POTTA

## OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN





YFIR **100** TEGUNDIR

# 20-50% afsláttur

## af ÖLLUM pottum og pönnum

## NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

Tilboðin gilda í takmarkaðan tíma!

POTTASETT
GRILLPÖNNUR
GUFUSUÐUPOTTAR
DJÚPAR PÖNNUR
HRAÐSUÐUPOTTAR
WOK-PÖNNUR
POTTJÁRN
LEIRPOTTAR
KOPARPOTTAR-
OG PÖNNUR

Eitt mesta úrval landsins af hágæða pottum og pönnum frá:

KitchenAid
ibili
LE CREUSET
Fissler
Fissler. Perfect every time.
GRUNWERG
SHEFFIELD-ENGLAND
Jamie Oliver
evatrio
Tefal

ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

# Spinna nýjan vef yfir góðkunn djasslög

Jón Páll Bjarnason, Richard Andersson og Matthías Hemstock halda tónleika í Mengi í kvöld.

Í kvöld koma saman í menningarhúsinu Mengi djassleikarinn Jón Páll Bjarnason ásamt Richard Andersson og Matthíasi Hemstock.

Tríóið mun leika og spinna góðkunn djasslög og eru tónleikarnir á morgun þeirra fyrstu formlegu tónleikar þótt þeir hafi áður leikið saman í öðrum verkefnum.

„Við höfum spilað saman áður, ég og Richard, og svo Matthías sem ég kannast við líka,“ segir Jón Páll glaður í bragði.

Hann segir efnisskrána að miklu leyti byggða upp á spuna. „Við ætlum að spinna nýjan vef yfir lög sem eru svokallaðir „standardar“,“ segir hann en Jón Páll hefur bæði leikið undir eigin nafni auk þess að leika með öðrum, til dæmis Útlendingahersveitinni og Sigurði Flosasyni.

Þetta eru fyrstu tónleikar Jóns Páls í Mengi og er hann hrifinn af húsnæðinu. „Þetta er dásamlegur staður,“ segir Jón Páll sem staddur var við æfingar í Mengi.

Hann lofar góðri stemningu í kvöld og lofar félaga sína í hástert: „Þetta eru miklir heiðursmenn sem ég er að fara að spila með.“

> **Hann lofar góðri stemningu í kvöld og lofar félaga sína í hástert: Þetta eru miklir heiðursmenn sem ég er að fara að spila með.**

Tónleikarnir hefjast í Mengi, Óðinsgötu 2, klukkan níu í kvöld og er miðaverð 2.000 krónur.

- gló



**MEÐ GÍTARINN** Jón Páll Bjarnason kemur fram í Mengi í kvöld ásamt Richard Andersson og Matthíasi Hemstock. MYND/JÓNPÁLL



SÓNAR

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**12. FEBRÚAR 2015**

### Tónleikar

**20.30** Gummi Jóns og Vestanáttin flytja úrval laga Guðmundar Jónssonar í Salnum, Kópavogi. Miðaverð er 3.900 krónur.

**21.00** Jón Páll Bjarnason, Richard Andersson og Matthías Hemstock leika þekkt jazzlög í Mengi í kvöld. Miðaverð 2.000 krónur.

**22.00** Hljómsveitin Dorian Gray spilar á Dillon í kvöld.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

### Opnanir

**17.00** Sýning á verkum Poul Gernes verður opnuð í galleri i8. Sýningin stendur til 11. apríl næstkomandi.

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist í samvinnu við Skaftfellinga í Skaftfellingabúð í Reykjavík í kvöld.

### Hátíðir

**18.00** Tónlistarhátíðin Sónar Reykjavík hefst í Hörpu.

### Sónar Reykjavík

**20.00** Uni Stefson í SonarClub
Kohib í SonarPub
Arnljótur í SonarComplex,
**21.00** Balsamic Boys í SonarPub
Jón Ólafsson & Futuregrapher í SonarComplex
**21.10** Sin Fang í SonarClub
**21.45** DJ Steindór Jónsson í SonarPub
**22.00** Mankan í SonarComplex
**22.30** Samaris í SonarClub
**22.45** LaFontaine í SonarPub
**23.00** M-Band í SonarComplex
**23.40** Todd Terje í SonarClub



**23.45** DJ Yamaho í SonarPub
**00.00** Valgeir Sigurðsson í SonarComplex

### Uppákomur

**18.00** Katalónska í Café Lingua í Grófarhúsi. Hægt verður að finna smjörþefinn af katalónsku og bragða á katalónskum kræsingum.

**20.00** Opið spilakvöld í Spilavinum. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis.

### Bókmenntir

**17.00** Útgáfu bókarinnar Hreint mataræði fagnað í Lifandi markaði, Borgartúni 24. Guðrún Bergmann heldur fyrirlestur og dregið verður úr forsöluhappdrætti.

### Dansleikir

**16.00** Síðdegisdans í Félagi eldri borgara, Stangarhyl 4. Matthildur og Anna Norðfjörð sjá um tónlistina. Dansaðir samkvæmisdansar, gömlu dansarnir, línudans og hringdansar. Kaffihlé og spjall.

### Málþing

**15.00** Málþing um íslensk torfhús á Litla torgi Háskóla Íslands. Markmið málþingsins er að tengja saman ólíkar aðferðir og kenningar sem eru efst á baugi í gagnrýnni skoðun á torfhúsum sem menningararfi. Fundarstjóri er Hannes Lárusson myndlistarmaður. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### Uppistand

**21.30** Best of Uppistand.is á Bar 11 í kvöld. Á uppistandinu koma fram þeir sem þykja hafa skarað fram úr í Tilraunauppistöndum, reyndari grínisar og góðir gestir. Fram koma meðal annars Jón Víðis, Leifur Leifsson, Snjólaug Lúðvíksdóttir og Helgi Jónsson. 1.000 krónur inn.

### Leiðsögn

**12.00** Hádegisleiðsögn með Kristínu Gunnlaugsdóttur um sýninguna Nýmálað 1 sem stendur yfir í Hafnarhúsi. Aðgangseyrir er 1.400 krónur.

### Fræðsla

**17.00** Kristín Sigurðardóttir, slysa- og bráðalæknir, Gyða Dröfn Tryggvadóttir, lýðheilsufræðingur, jógakennari og zen hugleiðsluiðkandi, og Margrét Alice Birgisdóttir hjá Á heildina litið bjóða upp á fræðslu um streitu og í kjölfarið verður slökun og hugleiðsla á Hannesarholti í tengslum við Friðsæld í febrúar. Öllum opið og þátttaka er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**20.00** Guðrún Hildur Rosenkjær, klæðskera- og kjólameistari, flytur fyrirlesturinn Skautbúningur – íslenskur hátískufatnaður um miðja 19. öld í Hönnunarsafni Íslands.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



**ALLIR VELKOMNIR** Xavier Rodriguez er stofnandi Katalónska hússins á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bragðað á mat frá Katalóníu

Fræðst verður um katalónska menningu, mat og bragðað á kræsingum í Grófarhúsinu í kvöld.

Katalónska húsið á Íslandi, í samstarfi við Café Lingua, bjóða í kvöld áhugasömum í Grófarhús á viðburð þar sem hægt verður að fræðast um Katalóníu, katalónsku og bragða á tapasréttum og þjóðlegum kræsingum.

„Það verður kennsla í hvernig á að gera réttinn Pa amb tomàquet og við munum kynna hvernig við gerum þetta, sem er alveg hundrað prósent katalónskt. Það verður tilbúið eftir þrjátíu sekúndur,“ segir Xavier Rodriguez, stofnandi Katalónska hússins á Íslandi ,og hlær.

Pa amb tomàquet er einfaldur og bragðgóður réttur sem gerður er úr tómötum, brauði, ólífuolíu og salti.

Félagið Katalónar á Íslandi, sem stofnað var af Xavier árið 2008, stendur fyrir ýmiss konar dagskrá og segir hann starfið einkennast af félagsstarfi en helsta markmið félagsins er að Katalónar og aðrir áhugamenn á Íslandi um sjálfsstjórnarhéraðið hittist og njóti menningar og samskipta hverjir við aðra.

Í febrúar stendur félagið fyrir árlegum viðburði sem einkennist af katalónskum mat og skemmtun og Xavier segir að kalla megi það eins konar katalónskt þorrablót. „Við köllum það bara þorrablót, það er smá svona brandari á milli okkar,“ segir hann glaður í bragði. En ætla má að matarmenningin í Katalóníu eigi ekki mikið sameiginlegt með íslenskum þorramat.

> ➜ Pa amb tomàquet er einfaldur og bragðgóður réttur sem gerður er úr tómötum, brauði, ólífuolíu og salti.

Á katalónska þorrablótinu verður boðið upp á sérstakan þjóðarrétt sem búinn er til úr calçot, lauk sem svipar mjög til púrrulauks, og er í hávegum hafður en hann er ófáanlegur hérlendis og því pantar félagið allt að sjö hundruð stykki að utan.

Allir eru boðnir velkomnir á viðburðinn sem haldinn er í samstarfi við Café Lingua og fer fram í Grófarhúsinu, Tryggvagötu 15, og hefst klukkan sex.

Café Lingua er tungumálavettvangur á vegum Borgarbókasafnsins sem hefur það að markmiði að virkja þau tungumál sem hafa ratað til Íslands með fólki hvaðanæva og auðgað mannlíf og menningu ásamt því að vekja forvitni borgarbúa á heiminum í kringum okkur. Café Lingua stendur fyrir reglulegum viðburðum sem allir eru velkomnir á.

gydaloa@frettabladid.is




JOHNNY
CASH
TRIBUTE CONCERT
7. MARS
HÁSKÓLABÍÓ
UPPSELT
KL. 21:00
Aukatónleikar kl. 17:00
Tryggðu þér miða!
John Carter Cash
Páll Rósinkranz
Sérstakir gestir
Dave Deager • Ana Cristina • Valgerður Guðnadóttir • Margrét Eir • Arnar Ingi
GULL BYLGJAN
PRO MUSIC
midi.is

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**35 ára Christina Ricci leikkona**

**Þekktust fyrir:** The Addams Family

## BÍÓFRÉTTIR

### Afhenda Óskara



Jennifer Aniston, Kerry Washington, David Oyelowo, Sienna Miller, Chris Pratt og John Travolta hafa bæst í hóp þeirra leikara sem munu afhenda Óskarsverðlaun 22. febrúar í Dolby-leikhúsinu í Hollywood. Á meðal þeirra sem höfðu áður verið tilkynntir eru Matthew McConaughey, Cate Blanchett, Jared Leto og Lupita Nyong'o. Athöfnin verður haldin í 87. sinn og kynnir verður leikarinn Neil Patrick Harris.

## FRUMSÝNINGAR



**Kingsman The Secret Service**
**Spennumynd**
**Helstu hlutverk:** Colin Firth, Taron Egerton og Samuel L. Jackson.
IMDb 8,2/10 Rotten Tomatoes 81%



**Hrúturinn Hreinn**
**Teiknimynd**
**Raddir:** Omid Djalili, Richard Webber og Kate Harbour.
IMDb 7,9/10 Rotten Tomatoes 100%



**Fifty Shades of Grey**
**Rómantík**
**Helstu hlutverk:** Dakota Johnson, Jamie Dornan og Aaron Taylor-Johnson.
IMDb 4,0/10 Rotten Tomatoes 61%








**SPIDER-MAN** Andrew Garfield hverfur á braut sem Pétur Parker en óvíst er hver tekur við af honum.

# Meira lagt upp úr menntaskólaárum

**Pétur Parker mun eyða meiri tíma í Midtown-skólanum en hingað til. Sony og Walt Disney ætla að starfa saman við gerð Spider-Man. Nýr leikari væntanlegur.**

Fyrirtækið Sony Pictures ætlar að láta hinn næsta Pétur Parker eyða meiri tíma í menntaskólanum en hann gerði áður í þeim Spider-Man-myndum sem eru væntanlegar næstu árin.

Midtown-menntaskólinn hefur áður komið við sögu í myndunum um Köngulóarmanninn en núna stendur til að leggja meira upp úr sambandi hans við aðra nemendur, á sama tíma og hann berst við glæpi annars staðar.

Menntaskólinn hefur einmitt haft mikið vægi í myndasögunum um Spider-Man.

Blaðið Variety greinir frá því að margir leikarar hafi verið nefndir til sögunnar sem arftakar Andrews Garfield í aðalhlutverkinu, en hann tók á sínum tíma við hlutverkinu af Tobey Maguire. Á meðal þeirra eru Dylan O'Brien úr The Maze Runner og Logan Lerman úr myndunum um Percy Jackson. Stutt er síðan Lerman lék í stríðsmyndinni Fury á móti Brad Pitt.

Einnig er ætlunin að ráða nýjan leikstjóra, en Marc Webb leikstýrði The Amazing Spider-Man og The Amazing Spider-Man 2. Sú síðarnefnda var verst sótt af þeim fimm Spider-Man-myndum sem Sony hefur framleitt. Þrátt fyrir það halaði hún inn 709 milljónir dala.

Vegna hins slaka gengis hefur verið ákveðið að Sony Pictures og Walt Disney muni starfa saman við gerð Spider-Man.

Samningurinn kveður á um að ofurhetjan gæti komið við sögu í væntanlegum Avengers-myndum. Líklegt er að hún komi fyrst við sögu í Captain America: Civil War sem kemur út á næsta ári en hún hefur hingað til aðeins verið hluti af Avengers-teiknimyndasögunum.

Fyrirtækið Marvel er í eigu Walt Disney. Marvel hefur lengi viljað setja Köngulóarmanninn í myndirnar sínar en eftir að Sony eignaðist réttinn á Spider-Man árið 1999 hefur fyrirtækið ekki mátt snerta á ofurhetjunni. Því hefur það ekki mátt búa til kvikmyndir byggðar á ævintýrum Péturs Parker, fyrr en núna.



**THE AVENGERS** Þór þrumuguð og kapteinn Ameríka í The Avengers.

## ÁHUGAVERÐUR SKIPTISAMNINGUR

Að því er kom fram hjá Variety hefði samstarf Sony og Disney getað orðið afar kostnaðarsamt en í raun er um skiptisamning að ræða. Marvel borgar Sony ekkert fyrir að fá að nota Spider-Man í ofurhetjumyndum sínum. Á móti fær Marvel engan hluta af miðasölutekjum myndanna þar sem Spider-Man kemur við sögu. Sony mun heldur ekki fá neinar prósentur af þeirri upphæð sem Marvel, eða öllu heldur Disney, græðir á myndum sínum þar sem Spider-Man kemur við sögu.

Skiptisamningurinn mun koma sér vel fyrir bæði fyrirtæki. Sony þurfti að blása lífi í Spider-Man-vörumerkið sitt með því að lána ofurhetjuna til Marvel, sem er þekkt fyrir gerð vel heppnaðra ofurhetjumynda. Það býr um leið til ákveðinn velvilja hjá aðdáendum Spider-Man sem hafa lengi viljað sjá persónuna vera hluta af Avengers-ofurhetjuhópnum.

Marvel fær núna aðgang að einni af vinsælustu teiknimyndahetjum sínum en nú þegar hefur fyrirtækið réttinn á Spidy hvað varðar sjónvarp, söluvarning og fleira. Undanfarið hefur kvikmyndahlutinn verið hið heilaga gral Marvel. Með þeim er hægt að búa til myndaraðir sem hafa margs konar áhrif á aðra starfsemi fyrirtækisins.

freyr@frettabladid.is




**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# LÍFIÐ

## TREND
## TÖFFARAR Í TOM FORD

Tískuhönnuðurinn Tom Ford hefur verið vinsæll hjá stjörnunum á rauða dreglinum undanfarið.


JULIANNE MOORE Á BAFTA AWARDS


RIHANNA Á AMFAR GALA-HÁTÍÐINNI


NICKY MINAJ Á GRAMMY AWARDS


JENNIFER HUDSON Á GRAMMY


RITA ORA Á BRITISH FASHION AWARDS

# Endurupplifa æskuna með NBA-körfuboltamyndum

Vinirnir Úlfar Freyr Jóhannsson og Ingólfur Ástmarsson stofnuðu á Facebook vettvang fyrir körfubolta-áhugamenn til að kaupa, selja eða skiptast á körfuboltamyndum. Flestir í hópnum eru af Jordan-kynslóðinni. Draumaliðskempurnar gömlu eru langvinsælastar og aðeins sárafáir líta við myndum af nýrri leikmönnum.

Í lok desember tóku tveir menn á fertugsaldri sig saman og stofnuðu Facebook-hópinn NBA körfuboltamyndir – kaupa, selja, skipta. Sem stendur eru meðlimir hópsins níutíu.

„Við Ingólfur þekktumst ekkert áður en við stofnuðum hópinn,“ segir Úlfar Freyr Jóhannsson en hann stofnaði hópinn ásamt Ingólfi Ástmarssyni. „Þetta hafði verið stórt áhugamál hjá mér áður og þegar það blossaði upp aftur leitaði ég á netinu. Þar kynntist ég Ingólfi eftir auglýsingu á bland.is.“

„Ég fór ekki úr unglingavinnunni í 8. bekk án þess að kaupa mér pakka af myndum,“ segir Ingólfur Ástmarsson. Hann gerði þau mistök að selja myndirnar sínar síðar meir og byrjaði með autt blað á nýjan leik nú síðasta haust.

„Ég hef pantað myndir að utan og á nú nokkuð gott safn, einhverjar þrjár möppur.“

Þeir segja að flestir í hópnum safni svokölluðum Draumaliðsleikmönnum, þ.e. leikmönnum sem skipuðu landslið Bandaríkjanna á Ólympíuleikunum í Barcelona. Það var í fyrsta skipti sem NBA-leikmenn voru í landsliðinu. Þar mátti finna andlit á borð við Michael Jordan, Karl Malone, John Stockton, Magic Johnson, Larry Bird og þá eru aðeins fáir upptaldir.

„Það kom upp sú hugmynd hjá einhverjum hvort það væri vit í að flytja inn myndir,“ segir Úlfar. Ekki var tekið vel í þá hugmynd þar sem á þeim myndum hefðu verið leikmenn sem spila í dag.

„Ég á nokkra LeBron og Durant og menn sem koma og skoða safnið mitt vilja ekki sjá þá,“ bætir Úlfar við. Í augnablikinu sé það að mestu Jordan- og Wu-Tang-kynslóðin sem er í hópnum.

Ingólfur segir að viðbrögðin hafi verið miklu meiri en þeir bjuggust við. Hann þekki dæmi þess efnis að fólk hafi grafið upp gamlar myndir úr kjöllurum og geymslum til að taka þráðinn upp á nýjan leik.

„Fólk hefur verið að skiptast á og selja myndir. Það hefur líka verið talað um að hittast en af því hefur ekki orðið enn þá,“ segir Ingólfur.

Að sögn Úlfars er verðið á myndum hérlendis enn nokkuð hátt. „Þegar við vorum ungir þá eyddi maður svo miklum pening í myndirnar sem í dag eru næsta verðlausar. Mig grunar að markaðurinn eigi eftir að breytast eitthvað.“ Hann bendir einnig á að hann sé í sambærilegum dönskum hópi sem sé enn fámennari en sá íslenski.

Þeir sem hafa áhuga á málinu geta leitað að hópnum á Facebook og fengið aðgang að honum.

johannoli@frettabladid.is


**STJÓRNENDUR** Úlfar Freyr Jóhannsson og Ingólfur Ástmarsson stofnuðu NBA-myndahópinn í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

> **Ég á nokkra LeBron og Durant og menn sem koma og skoða safnið mitt vilja ekki sjá þá.**
>
> *Ingólfur Ástmarsson.*


**THE LIBERTINES** Barat og Doherty á sviði með The Libertines.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Vill fá Noel Gallagher

Carl Barat úr The Libertines vill að Noel Gallagher, fyrrverandi liðsmaður rokkaranna í Oasis, verði upptökustjóri næstu plötu hljómsveitarinnar. „Það væri frábært að fá að vinna með honum,“ sagði Barat í nýjasta hefti NME.

Upptökur eiga að hefjast í apríl á Taílandi ef allt gengur að óskum. „Ég ætla að senda Noel Gallagher tölvupóst. Ég veit að hann er mjög upptekinn en vonandi hefur hann smátíma fyrir Libertines sem elska hann mjög mikið,“ sagði hann.

Lengi hefur verið beðið eftir næstu plötu The Libertines, sem verður sú fyrsta í ellefu ár. Hljómsveitin sendi frá sér stutt myndband í desember þar sem sýnt var frá undirritun á plötusamningi við Virgin/EMI í Taílandi, þar sem Pete Doherty, annar liðsmaður sveitarinnar, er í meðferð við eiturlyfjafíkn.

# Bjó til spilunarlista

Taylor Swift hjálpaði aðdáanda í ástarsorg.

Taylor Swift hjálpaði aðdáanda í ástarsorg með því að búa til spilunarlista fyrir hann.

The Love Story-söngkonan fékk skilaboð frá aðdáanda sínum, Kasey, á bloggsíðunni tumblr.com þar sem hún sagði að kærastinn hennar til fjögurra mánaða hefði sagt henni upp í sms-skilaboðum. Síðan þá hefði hann gengið hart á eftir henni að taka aftur við sér.

Swift brást við með því að skrifa til hennar hvatningarbréf: „Guð minn góður. Ég veit. Það er hræðilega erfitt að þurfa að sætta sig við að einhver sem maður leit á sem nútíð og framtíð hverfur á braut,“ skrifaði hún og bætti við að hún hefði gert fyrir hana „sambandsslita/halda áfram-spilunarlista“. Charli Xcx, Haerts, Misterwives, Azure Ray og Measure eru á meðal þeirra sem eiga lag á listanum.


**TAYLOR SWIFT** Skrifaði hvatningarbréf til aðdáanda síns.

## 05.02.2015 → 11.02.2015



### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | Mark Ronson/Bruno Mars | Uptown Funk |
| 2 | ▲ | Taylor Swift | *Blank Space* |
| 3 | ▼ | Sam Smith | *Like I Can* |
| 4 | ▲ | Maroon 5 | *Sugar* |
| 5 | ▼ | Valdimar | *Ryðgaður dans* |
| 6 | ▲ | Olly Murs & Demi Lovato | *Up* |
| 7 | ▲ | Friðrik Dór | *Í síðasta skipti* |
| 8 | ▲ | Meghan Trainor | *Lips Are Movin* |
| 9 | ▼ | Hozier | *Sedated* |
| 10 | ▼ | James Newton & Jennifer | *The Hanging Tree* |




### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ✱ | Ýmsir | Söngvakeppnin 2015 |
| 2 | ✱ | Bob Dylan | *Shadows in the Night* |
| 3 | ▲ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 4 | ▼ | Ýmsir | *Fyrir börnin* |
| 5 | ▼ | Skálmöld | *Með vættum* |
| 6 | ▶ | Valdimar | *Batnar útsýnið* |
| 7 | ▲ | Páll Rósinkranz | *25 ár* |
| 8 | ▲ | Kaleo | *Kaleo* |
| 9 | ✱ | Rökkurró | *Innra* |
| 10 | ▲ | Jón Jónsson | *Heim* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Pátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is


HUGO
HUGO BOSS
HUGO
HUGO BOSS
HUGO WOMAN
THE NEW FRAGRANCE
YOUR FRAGRANCE, YOUR WAY

# Fræga fólkið á fullri ferð

Það hefur verið nóg um að vera hjá fína og fræga fólkinu síðustu daga, m.a. kvikmyndahátíðir, frumsýningar og íshokkíleikir. Ljósmyndarar sjá svo um að festa öll atvikin á filmu.



Aðeins að maula Bandarsíka raunveruleikastjarnan Bethenny Frankel laumaðist í smá kex á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY



**ALSÆL** Sam Smith og Rihanna voru í stuði á Grammy-verðlaunahátíðinni um daginn, en Smith fór heim með fern verðlaun. NORDICPHOTOS/GETTY



**HRESS OG KÁTUR** Steve Carell er alltaf í gríngír og engin breyting varð þar á um daginn þegar hann var viðstaddur kvikmyndahátíðina í Santa Barbara.



**INNLIFUN** Jackie Chan á frumsýningu myndarinnar Dragon Blade í Peking á dögunum. Chan var greinilega mikið niðri fyrir á blaðamannafundi í kjölfarið og af svipbrigðunum má dæma að innlifunin hafi verið algjör.



**Í GÓÐU STUÐI** Eva Longoria sleppti fram af sér beislinu í fanginu á hjartaknúsaranum Mario Lopez í Kaliforníu á dögunum.



**ALLTAF FLOTTUR** Leikarinn Ian McKellen er alltaf flottur og var eldhress með hatt á frumsýningu Mr. Holmes á kvikmyndahátíðinni í Berlín.



**ÖRLÍTIÐ ÓHAPP** Helen Mirren varð fyrir smá óhappi er hún hrasaði og datt á frumsýningu Woman in Gold á kvikmyndahátíðinni í Berlín. Hún slapp þó vel og brosti út í annað enda er fall fararheill.

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

NISSAN
Innovation that excites

NISSAN FJÖLSKYLDAN
BÝÐUR UPP Á SPENNANDI NÝJUNGAR




LED dagljósabúnaður, aðalljós með birtuskynjara.
Regnskynjarar á rúðuþurrkum.
Bluetooth símabúnaður/tónlistarafspilun, samþætting við snjallsímaöpp, Facebook, Google Search o.fl.
Bakkviðvörun fylgist með hreyfingum fyrir aftan bílinn þegar bakkað er og gerir ökumanni viðvart.**
NissanConnect upplýsingakerfi 7" snertiskjár.**
Blindhornaviðvörun lætur vita með ljósi í hliðarspegli og viðvörunarhljóði ef ökutæki er hættulega nærri hliðum bílsins þegar skipta á um akrein.**
Öryggishjúpstækni Nissan tekur við skilaboðum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til 8 mismunandi öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.***

NÝR NISSAN PULSAR
ACENTA, DÍSIL, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.650.000 KR.

NÝR NISSAN NOTE
VISIA, DÍSIL, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.050.000 KR.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. **Staðalbúnaður í ACENTA PLUS. ***Staðalbúnaður í Pulsar TEKNA og Note ACENTA PLUS.

ENNEMM / SÍA / NM67353

GE bílar, Reykjanesbæ, www.bilahusid.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bva.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bilak.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is
B|L



# DORMA – HEILSUDAGAR

## Sofðu betur – Lifðu betur!



SHAPE heilsudýna
með KARAT rúmgjörð og gafli

NÝTT

DORMA
VERÐDÆMI
160 x 200 cm aðeins
155.840
Fullt verð:
194.800

AFSLÁTTUR
20%

SHAPE
BY NATURE'S BEDDING

Fáanlegt bæði svart og hvítt
í stærðunum 120/140/160/180 x 200 cm



REST heilsurúm með Classic botni

DORMA
VERÐDÆMI
120 x 200 cm aðeins
69.900
Fullt verð:
79.900

FERMINGAR
tilboð

Nature's Bedding

Fáanlegt bæði svart og hvítt
í stærðunum 80/90/100/120/140/160/180 x 200 cm



DORMA – stillanleg heilsurúm

Charlotte S Julien

SHAPE
BY NATURE'S BEDDING

Stillanleg
heilsurúm í miklu
úrvali verð frá aðeins
299.800
2x90x200 cm

Fáanleg í öllum stærðum.
**Komdu og sjáðu úrvalið!**



NATURES COMFORT – heilsurúm

Nature's Bedding

DORMAVERÐ
180 x 200 cm aðeins
164.900
Dýna, botn og
lappir

Fáanlegt bæði svart og hvítt í stærðunum
80/90/100/120/140/160/180 x 200 cm

# DORMA

– býður góða nótt

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800** • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði © 456 4566

LAUGARÁS BÍÓ



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SEVENTH SON | 8, 10:35 | 12 |
| SVAMPUR SVEINSSON 2D | 6 | L |
| MORTDECAI | 10:10 | 12 |
| PADDINGTON ISL TAL | 6 | L |
| HOBBIT 3 3D (48R) | 6, 9 | 12 |

SAMBÍÓIN

FORSÝND Í KVÖLD





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 |
| FIFTY SHADES OF GREY VIP | KL. 8 |
| JUPITER ASCENDING 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUPITER ASCENDING 2D VIP | KL. 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 6:20 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 |
| THE SPONGEBOB MOVIE ENSKTTAL 2D | KL. 5:50 - 8 |
| WILD CARD | KL. 5:50 - 8:30 - 10:40 |
| THE IMITATION GAME | KL. 10:40 |
| SEARCH PARTY | KL. 10:10 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 - 10:45 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| JUPITER ASCENDING 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| THE SPONGEBOB MOVIE ENSKTTAL 2D | KL. 6 |
| WILD CARD | KL. 8 - 10:40 |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 - 10:30 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 9 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 6 - 10:30 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| THE IMITATION GAME | KL. 6:30 - 8 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 9 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| JUPITER ASCENDING 3D | KL. 8 - 10:40 |
| WILD CARD | KL. 8 - 10:10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| JUPITER ASCENDING 3D | KL. 8 - 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 |
| THE SPONGEBOB MOVIE ENSKTTAL 2D | KL. 5:50 |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:40 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ





SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| FIFTY SHADES OF GREY | KL 8 - FORSÝNING | 16 |
| SEVENTH SON | KL 8 - 10.20 | 12 |
| BIRDMAN | KL 10.40 | 12 |
| BIRDMAN LÚXUS | KL 8 - 10.40 | 12 |
| ÓLI PRIK | KL 5.45 | L |
| SVAMPUR SVEINSSON 2D | KL 3.30 - 5.45 - ÍSL TAL | L |
| SVAMPUR SVEINSSON 3D | KL 3.30 - ÍSL TAL | L |
| THE WEDDING RINGER | KL 8 | 12 |
| PADDINGTON ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| TAKEN 3 | KL 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| FIFTY SHADES OF GREY | KL 9 - FORSÝNING | 16 |
| BIRDMAN | KL. 5.30 - 8 - 10.10 | 12 |
| ÓLI PRIK | KL 5.45 - 8 - 10.30 | L |
| PADDINGTON ÍSL TAL | KL. 5.30 | L |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL. 5.30 - 8 - 10.20 ÍSLTEXTI | L |




**Á ENSKU** Lagið Fjaðrir með Sunday verður sungið á ensku. MYND/ÞÓRDÍS INGA

# Fimm lög sungin á ensku

Lögin í úrslitum Eurovision í Sjónvarpinu á laugardagskvöld verða flutt á því tungumáli sem þau yrðu flutt á í lokakeppninni í Austurríki bæru þau sigur úr býtum. Þetta er breyting frá síðasta ári.

Með þessu móti gefst áhorfendum kostur á að meta og velja það lag sem þeir telja eiga bestu möguleikana á að keppa fyrir Íslands hönd á réttum forsendum. Fimm höfundar hafa ákveðið að flytja lög sín á ensku á laugardaginn, eða lögin Fyrir alla, Fjaðrir, Lítil skref, Í kvöld og Í síðasta skipti. Lögin tvö sem verða á íslensku eru Piltur og stúlka og Milljón augnablik.

# Saksóknarinn og Skrattinn

**BAKÞANKAR**
Frosta Logasonar



Maður allra árstíða (e. Man for all Seasons) er klassísk kvikmynd sem fjallaði um Tómas nokkurn More. Sá var háttsettur embættismaður við hirð hins alræmda Hinriks áttunda, konungs á tímum siðaskiptanna. Sennilega varð Tómas þessi þekktastur fyrir bók sína Útópíu, þar sem hann lýsti hinu „fullkomna samfélagi“ eins og hann ímyndaði sér það. Hann þótti bæði fjölhæfur og fluggáfaður.

**MYNDIN** vann til sex Óskarsverðlauna og er fyrir margra hluta sakir eftirminnileg. Sér í lagi þótti eftirminnileg senan þar sem Tómas átti í rökræðum við tengdason sinn um hvernig ætti að framfylgja lögum sem hann sjálfur stóð fyrir í krafti síns embættis.

**TENGDASONURINN**, Roper, var þeirrar skoðunar að ekki þyrfti að fara í einu og öllu eftir lögum og reglum þegar menn væru á annað borð að eltast við sjálfan Skrattann. Hann væri jú þegar öllu er á botninn hvolft, verstur allra glæpamanna.

**MARKMIÐ** Ropers voru vissulega göfug og ásetningurinn góður. Hann væri sennilega þeirrar skoðunar í dag að íslenska ríkið ætti hiklaust að kaupa illa fengnar upplýsingar um fjármuni Íslendinga í þekktum skattskjólum ef upplýsingarnar væru þess eðlis að þær myndu hjálpa við að endurheimta fé sem skotið hefði verið undan skatti hérlendis.

**HANN** hefði jafnvel lagt það til að lögreglan greiddi innbrotsþjófum fyrir að brjótast inn í hús og afla þar sönnunargagna, þegar ekki fengjust til þess leitarheimildir. Roper sagðist jú reiðubúinn til þess að brjóta öll lög Englands til að hafa hendur í hári Skrattans.

**ÞEGAR** hann var þá spurður á bak við hvaða lög hann mundi fela sig ef Skrattinn snéri sér við til að koma á eftir honum sjálfum, varð hins vegar fátt um svör. Það væri jú erfitt fyrir saklausa menn að verjast yfirvöldum sem ekki virtu lög og reglur réttarríkisins. Jafnvel ómögulegt.

**MEÐ** öðrum orðum hefði Tómas More talið að ef ekki væri mögulegt að afla sönnunargagna á löglegan máta þá væri betra að láta hugsanleg afbrot ótalin. Það setti jú slæmt fordæmi þegar einstaklingur yrði gerður út til þess að brjóta lög, eingöngu til þess að hægt væri að handsama aðra sem brytu lög. Eru ekki allir sammála um það annars?

# Fór úr axlarlið á miðri sýningu

Hafdís og Klemmi og leyndardómar háloftsins er leiksýning sem var frumsýnd í Noregi fyrir skömmu. Jóel Ingi Sæmundsson varð fyrir því óhappi að fara úr axlarlið. Leikritið verður frumsýnt hérlendis um helgina.

„Viðtökurnar voru alveg frábærar og við hlökkum mikið til að sýna hérna heima,“ segir Hafdís Maria Matsdóttir. Hún leikur annað hlutverkanna í nýrri leiksýningu fyrir börn á öllum aldri sem kallast Hafdís og Klemmi og leyndardómar háaloftsins.

Sýningin var frumsýnd í Noregi fyrir skömmu og var sýnd á fjórum stöðum, í Kristiansand, Ósló, Bergen og Stavanger. Á þriðju sýningu, í Bergen, fór Jóel Ingi Sæmundsson sem leikur Klemma í sýningunni úr axlarlið.

„Þetta sló okkur aðeins út af laginu en við vorum fljót að ná áttum og héldum sýningunni áfram. En Jóel er vanur að detta úr lið því þetta eru gömul körfuboltameiðsl og hann bað bara rólegur eftir að öxlin fór í lið aftur. Fólkið í salnum hélt að sýningin hefði bara átt að vera svona,“ segir Hafdís og hlær.

Vegna þess að í sýningunni er notast mikið við tæknileg atriði eins og myndbönd sem varpað er upp á vegg með skjávarpa er mjög erfitt að stoppa sýningu og byrja upp á nýtt þegar eitthvað kemur upp á.

> Umfjöllunarefni sýningarinnar eru hæfileikar. Allir hafa ólíka hæfileika og maður getur nýtt hæfileika sína til góðs.

Sýningin fjallar um ævintýri vinanna tveggja sem finna dularfullt tæki uppi á háalofti heima hjá ömmu Hafdísar. Persónur sýningarinnar eru þau Hafdís og Klemmi sem eru jafnframt aðalpersónur þáttaseríunnar Daginn í dag en sýningin er sjálfstætt framhald þáttanna.

„Umfjöllunarefni sýningarinnar eru hæfileikar. Allir hafa ólíka hæfileika og maður getur nýtt hæfileika sína til góðs. Við leggjum mikið upp úr þátttöku barnanna í áhorfendasalnum,“ segir Hafdís. Sýningin verður frumsýnd á laugardaginn klukkan 14.00 í Lindakirkju, Kópavogi, það er þó aðeins ein sýning í boði. gunnarleo@frettabladid.is



**HAFDÍS OG KLEMMI** Hafdís Maria Matsdóttir og Jóel Ingi Sæmundsson koma fram hér á landi eftir vel heppnaða Noregsferð.

# Koma í fyrsta skipti fram opinberlega í kvöld

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Antimony kemur út í dag. Lögunum er lýst sem „cold wave syntha-poppi“.

Antimony er ný hljómsveit sem er að gefa út sína fyrstu plötu. Hún kemur út í dag og af því tilefni kemur sveitin fram á Húrra á sínum fyrstu tónleikum ásamt öðrum vel völdum sveitum.

Hljómsveitin samanstendur af kanadísku söngkonunni RX Beckett, bassaleikaranum Birgi Sigurjóni Birgissyni og Sigurði Angantýssyni sem leikur á hljómborð, forritar og sér um hin ýmsu hljóð. Sigurður var áður í Knife Fights og Birgir er í Godchilla og Panos From Komodo.

„Það kemur út fjögurra laga plata í dag sem heitir Ova,“ segir Birgir bassaleikari. Nafnið er komið frá söngkonunni en Ova er latneska orðið yfir eggfrumu. Nafnið er því afar táknrænt þar sem um frumburð sveitarinnar er að ræða.

Platan kemur út á netinu og fylgja myndbönd, gerð af meðlimum sveitarinnar, með öllum lögunum. Áætlað er að hún komi út á vínyl í sumar en að myndböndin komi brátt út á DVD-disk. Fyrsta lagið er nú þegar komið á vefinn en það heitir So Bad.

Birgir lýsir tónlistinni sem nokkurs konar „goth skotnu cold-wave syntha-poppi“.

Hljómsveitin kemur fram í kvöld á Húrra ásamt sveitunum Börn, Dópsor og russian.girls. Herlegheitin hefjast klukkan 20 og aðgangseyrir er 1.000 krónur, sem renna óskiptar til Krabbameinsfélagsins. - jóe



**MEÐLIMIR** Antimony kemur fram í fyrsta skipti í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




BÍÓ ★ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Whiplash .................. 18.00
Mr. Turner .......... 18.00, 20.00
Boyhood .................... 18.00
A most wanted man ....... 22.15
Jimmy's hall .............. 22.00



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




Til hvers að flækja hlutina?
LIFÐU í NÚLLINU!
365
Öll vitum við að margt af því besta í lífinu kostar ekki neitt. Það fer svo sannarlega ekki fram hjá þeim sem eru með Skemmtipakka 365 eða aðra valda pakka, því nú er GSM áskriftin líka innifalin. Þannig geta viðskiptavinir 365 talað í 60 mínútur og sent 60 SMS fyrir 0 krónur. Viðskiptavinir fá einnig 20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Allt þetta ásamt frábærri sjónvarpsdagskrá! Komdu í áskrift og lifðu í núllinu með okkur.
365.is
Sími 1817
0 kr.
4 GSM áskriftir
60 mín. og 60 SMS
60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift
0 kr.
Internet
20 GB
0 kr.
Heimasími
100 mín.*
*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma
Skemmtipakkinn
SKEMMTIPAKKINN
Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar, GSM, internet, heimasími, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild.
HBO
BRAVO
MARAÞON
Vild
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag
©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

## ÍBV vildi ekki að Rasmus færi í KR



**FÓTBOLTI** Það er nú orðið staðfest að Daninn Rasmus Christiansen mun spila með KR næsta sumar.

Hann skrifaði undir samning við KR í nóvember en þó með þeim formerkjum að hann gæti farið til annars félags í janúarglugganum. Af því varð ekki og Rasmus er því samningsbundinn KR næstu tvö árin.

Rasmus er í viðtali við danska miðilinn bold.dk og þar greinir hann frá því að hans gamla félag, ÍBV, hafi ekki verið spennt fyrir því að hann færi í KR.

„KR er félag sem fólk elskar eða hatar. Þeir höfðu áhuga á mér áður en ég fór til Noregs. Þá vildi ÍBV að ég færi frekar í FH eða Stjörnuna. Bara eitthvert annað félag en KR,“ sagði Rasmus.

Hann er að jafna sig eftir krossbandsslit og verður væntanlega kominn á fullt áður en Pepsi-deildin hefst. - hbg

## Íslensku stelpurnar keppa á HM í alpagreinum í kvöld

**SKÍÐI** Íslensku keppendurnir hefja keppni á HM í alpagreinum á skíðum í dag en heimsmeistaramótið fer þessa dagana fram í Vail og Beaver Creek í Bandaríkjunum. Ísland átti ekki þátttakendur í bruni, risasvigi eða tvíkeppni á mótinu en er með í tveimur síðustu keppnisgreinunum, stórsvigi og svigi. Það eru íslensku stelpurnar sem ríða á vaðið á mótinu en þær keppa í stórsviginu í dag. Fyrri ferð hefst klukkan 17.15 að íslenskum tíma og ef þær komast í seinni ferðina þá hefst hún klukkan 21.15.
Erla Ásgeirsdóttir, Freydís Halla Einarsdóttir, Helga María Vilhjálmsdóttir og María Guðmundsdóttir eru allar skráðar til leiks en allar nema María kepptu í þessari grein á HM í Austurríki fyrir tveimur árum.
Engin þeirra komst þó í seinni ferðina en Freydís Halla var aðeins þremur sætum frá því og Helga María var síðan aðeins tveimur sætum á eftir henni.
Erla náði ekki að klára fyrri ferðina. Helga María varð í 46. sæti í stórsvigi á Ólympíuleikunum í Sotsjí í fyrra en Erla náði þá 52. sæti.
María Guðmundsdóttir tók fram skíðin að nýju í vetur og vann tvö FIS-mót í síðasta mánuði en þau voru bæði svigmót. - óój



**BEST Í FYRRA** Helga María Vilhjálmsdóttir stóð sig best í stórsviginu á ÓL í Sotsjí í fyrra. MYND/ÍSÍ

## ENSKI BOLTINN

| | |
|---|---|
| **CHELSEA - EVERTON** | **1-0** |
| 1-0 Willian (89.). | |
| **MANCHESTER UNITED - BURNLEY** | **3-1** |
| 1-0 Chris Smalling (6.), 1-1 Danny Ings (12.), 2-1 Smalling (45.+3), 3-1 Robin van Persie (82.) | |
| **STOKE - MANCHESTER CITY** | **1-4** |
| 0-1 Sergio Agüero (33.), 1-1 Peter Crouch (37.), 1-2 James Milner (55.), 1-3 Sergio Agüero (70.), 1-4 Samir Nasri. (76.). | |
| **SOUTHAMPTON - WEST HAM** | **0-0** |
| **CRYSTAL PALACE - NEWCASTLE** | **1-1** |
| **WEST BROMWICH - SWANSEA** | **2-0** |

### STAÐA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 25 | 18 | 5 | 2 | 55-21 | 59 |
| Man. City | 25 | 15 | 7 | 3 | 51-25 | 52 |
| Man. United | 25 | 13 | 8 | 4 | 43-24 | 47 |
| Southampton | 25 | 14 | 4 | 7 | 38-17 | 46 |
| Arsenal | 25 | 13 | 6 | 6 | 47-28 | 45 |
| Tottenham | 25 | 13 | 4 | 8 | 39-34 | 43 |
| Liverpool | 25 | 12 | 6 | 7 | 36-29 | 42 |
| West Ham | 25 | 10 | 8 | 7 | 36-28 | 38 |
| Swansea | 25 | 9 | 7 | 9 | 28-33 | 34 |



**HETJA VALS** Kristrún Sigurjónsdóttir tryggði Val mikilvægan sigur í gær með þristi í blálokin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## DOMINOS KVENNA

**HAUKAR - VALUR 61-62 (28-34)**

**Stigahæstar:** LeLe Hardy 32/27 fráköst/6 stolnir, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 12/8 fráköst, Þóra Kristín Jónsdóttir 10 - Taleya Mayberry 23/10 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 13/5 fráköst, Fanney Lind Guðmundsdóttir 11.

**BREIÐABLIK - KR 70-61 (34-31)**

**Stigahæstar:** Arielle Wideman 26/14 fráköst, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 12/9 fráköst, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 10 - Simone Holmes 24/5 fráköst, Björg Guðrún Einarsdóttir 12, Bergþóra Holton Tómasdóttir 10/8 fráköst.

**GRINDAVÍK - KEFLAVÍK 67-58 (31-29)**

**Stigahæstar:** Pálína Gunnlaugsdóttir 20, Kristina King 12/8 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 11/10 fráköst, María Ben Erlingsdóttir 10/5 fráköst, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 10/4 fráköst/5 stoðsendingar - Sara Rún Hinriksdóttir 12/10 fráköst/3 varin skot, Bryndís Guðmundsdóttir 11/7 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 10/6 fráköst.

**HAMAR - SNÆFELL 40-64 (25-40)**

**Stigahæstar:** Sydnei Moss 15/8 fráköst - Kristen Denise McCarthy 20/18 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 16/10 fráköst/5 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13.

### STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Snæfell | 20 | 18 | 2 | 1533-1244 | 36 |
| Keflavík | 20 | 16 | 4 | 1703-1280 | 32 |
| Grindavík | 20 | 13 | 7 | 1455-1406 | 26 |
| Haukar | 20 | 12 | 8 | 1387-1317 | 24 |
| Valur | 20 | 11 | 9 | 1495-1424 | 22 |
| Hamar | 20 | 5 | 15 | 1082-1461 | 10 |
| KR | 20 | 3 | 17 | 1201-1441 | 6 |
| Breiðablik | 20 | 2 | 18 | 1228-1511 | 4 |

## COCA COLA KVENNA

**FYLKIR - VALUR 21-22 (11-13)**

**Markahæstar:** Patricia Szölösi 10, Sigrún Birna Arnardóttir 3, Thea Imani Sturludóttir 3 - Kristín Guðmunsdóttir 7, Sigurlaug Rúnarsdóttir 5, Morgan Marie Þorkelsdóttir 3.

**Valur, ÍBV, Haukar og Grótta eru komin í undanúrslit í Coca Cola bikar kvenna í handbolta.**

# Heima er langbest í vetur

Sjö lið í Dominos-deildinni hafa unnið að lágmarki 75 prósent heimaleikja sinna í vetur. Heimavallarrétturinn hefur líklega sjaldan verið dýrmætari en einmitt í ár og lokaspretturinn verður æsispennandi.



**MIKLU BETRI Á HEIMAVELLI** Dagur Kár Jónsson og félagar hans í Stjörnunni eru með 63 prósent hærra sigurhlutfall á heimavelli en á útivelli í Dominos-deild karla í vetur. Hér skorar hann gegn Haukum í Garðabænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**KÖRFUBOLTI** Hversu mikilvægur er heimavöllurinn í Dominos-deild karla í körfubolta á tímabilinu? Tölfræðin sýnir það svart á hvítu. Sjö lið hafa unnið 75 prósent heimaleikja sinna og ekkert liðanna tólf er með betri árangur á útivelli en á heimavelli. Stjörnumenn eru í fjórða sæti en hafa samt aðeins náð að vinna tvo af átta útileikjum sínum í vetur.

### Plús fimm og mínus fimm

Þegar Keflavík mætti Njarðvík í Keflavík (og tapaði) þá átti liðið möguleika á að vera með fimm sigra í röð (á heimavelli) og fimm töp í röð (á útivelli) á sama tíma.

Haukar unnu langþráðan sigur á mánudagskvöldið, þann fyrsta í tæpa tvo mánuði en fimm tapleikir í röð segja kannski ekki alla söguna. Fjórir leikjanna voru nefnilega á útivelli og Haukar eru í hópi margra liða deildarinnar sem virðast spila allt annan bolta á heimavelli en á útivelli.

Haukar sem eru nú í 8. sæti deildarinnar eru eitt af sjö liðum sem hafa unnið sex eða fleiri af fyrstu átta heimaleikjum sínum í deildinni í vetur. Grindvíkingar eru með áttunda besta heimavallarárangurinn, 63 prósenta sigurhlutfall þeirra í Röstinni dugar ekki til að koma þeim hærra.

### Snæfellsliðið sér á báti

Snæfell er eina liðið í deildinni sem er með jafngóðan árangur á heima- og útivelli en öll hin ellefu liðin vinna fleiri leiki á heimavelli á útivelli. Snæfell er jafnframt það lið sem hefur unnið næstflesta útileiki (4) ásamt Tindastóli og Njarðvík. KR-ingar eru þar með yfirburðarstöðu enda með sjö sigra í átta leikjum. Eina tap þeirra var á Króknum og það er líka eina tap Íslandsmeistaranna á tímabilinu.

Alls hafa 67 prósent leikja unnist á heimavelli í Dominos-deild karla í vetur og sjö af tólf liðum deildarinnar hafa ekki náð að vinna fleiri en tvo útileiki í fyrstu sextán umferðunum. Það þarf því ekki að halda langa tölu um mikilvægi heimavallarins í vetur.

Sex umferðir eru eftir af deildarkeppninni og sex stiga forskot KR-inga þýðir að það er lítil spenna um deildarmeistaratitilinn.

Tindastólsmenn hafa unnið alla átta heimaleiki sína og eru í góðum málum í öðru sætinu en það er þeim mun meiri spenna í baráttunni um þriðja og fjórða sætið eða tvö síðustu sætin sem gefa heimavallarrétt í átta liða úrslitum úrslitakeppninnar.

### Fjögur stig á milli 3. og 8. sæti

Það eru tólf stig eftir í pottinum en það munar bara fjórum stigum á liðunum í þriðja og áttunda sæti og inn í þetta mun síðan væntanlega koma flókinn útreikningur á innbyrðisviðureignum eftir lokaumferðina enda líklegt að mörg lið geti verið jöfn að stigum.

Njarðvíkingar eru reyndar í fínum málum í þriðja sætinu því ekki eru þeir aðeins með heitasta Bandaríkjamanninn í deildinni heldur eru þeir líka búnir með leiki sína gegn efstu liðunum.

Liðin spila tvo leiki á næstu fjórum dögum (Þór Þorl. og Haukar tvo á þremur dögum) og staðan gæti því verið mikið breytt eftir leik Fjölnis og Stjörnunnar á mánudagskvöldið. Liðin eru vön því að spila á um það bil vikufresti og því reynir á leikmenn á tímapunkti þegar ekkert má klikka í baráttunni um hinn lífsnauðsynlega heimavallarrétt.

Í kvöld fara fram fimm leikir en þeir verða spilaðir í Hertz Hellinum í Seljaskóla (ÍR-Keflavík), í Ljónagryfjunni í Njarðvík (Njarðvík-Grindavík), DHL-höllinni í Frostaskjóli (KR-Snæfell), Ásgarði í Garðabæ (Stjarnan-Skallagrímur) og Síkinu á Sauðárkróki (Tindastóll-Fjölnir).

Sautjándu umferðinni lýkur síðan með leik Þórs og Hauka í Icelandic Glacial-höllinni í Þorlákshöfn á morgun. ooj@frettabladid.is

### SVONA MIKLU BETRA ER AÐ VERA Á HEIMAVELLI

**MJÖG MIKILL MUNUR**

**+63 PRÓSENT**

| | |
|---|---|
| Stjarnan | (Heima: 7 sigrar - 1 tap - Úti: 2-6) |

**+50 PRÓSENT**

| | |
|---|---|
| Tindastóll | (Heima: 8-0 - Úti: 4-4) |
| Keflavík | (Heima: 6-2 - Úti: 2-6) |
| Haukar | (Heima: 6-2 - Úti: 2-6) |

**MIKILL MUNUR**

**+38 PRÓSENT**

| | |
|---|---|
| Þór Þorl. | (Heima: 6-2 - Úti: 3-5) |
| Grindavík | (Heima: 5-3 - Úti: 2-6) |
| Skallagrímur | (Heima: 3-5 - Úti: 0-8) |

**MUNUR**

**+25 PRÓSENT**

| | |
|---|---|
| Njarðvík | (Heima: 6-2 - Úti: 4-4) |
| Fjölnir | (Heima: 3-5 - Úti: 1-7) |

**+13 PRÓSENT**

| | |
|---|---|
| KR | (Heima: 8-0 - Úti: 7-1) |
| ÍR | (Heima: 2-6 - Úti: 1-7) |

**ENGINN MUNUR**

**+0 PRÓSENT**

| | |
|---|---|
| Snæfell | (Heima: 4-4 - Úti: 4-4) |

# Erum efnahagslegt undur miðað við stærri þjóðirnar

Kostnaður karlalandsliðsins í fótbolta hækkar verulega en árangur liðsins batnar um leið.

**FÓTBOLTI** Kostnaður við A-landsliðin í fótbolta var 244 milljónir króna á síðasta ári sem var 28 milljóna króna lækkun frá árinu áður. Munaði þar um tvo kostnaðarsama aukaleiki gegn Króatíu í umspili um sæti á HM í nóvember 2013.

Síðustu tvö ár hafa þó verið mun dýrari en áður, en kostnaðurinn rauk upp um 56 milljónir frá 2012 til 2013. Fór þar úr 216 milljónum í 272 milljónir. Stærstur hluti aukakostnaðarins tengist A-landsliði karla, meðal annars ráðningu Svíans Lars Lagerbäcks sem landsliðsþjálfara.

„Þegar við stigum skrefið að taka Lars inn þá tókum við þá ákvörðun að A-landsliðið fengi forgang,“ segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, við Fréttablaðið.

„Við förum í dýra aðgerð sem hefur skilað sér.“ Starfið í kringum landsliðið hefur stóraukist og hafa landsliðsmennirnir margsinnis tjáð sig um meiri og betri umgjörð. Það kostar líka peninga. Til að mynda tók liðið leiguflug frá Lettlandi til Hollands á milli leikja í undankeppni EM á síðasta ári, en því hefur Lagerbäck kallað eftir. „Þetta er enn mikilvægara í dag þegar búið er að stytta tímann á milli leikja. Nú eru þetta bara þrír dagar og það skilaði sér,“ segir Geir, en eftir sigur á Lettum úti komu strákarnir heim og unnu frækinn sigur á Hollendingum. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa en það hefur kostað sitt. „Við erum efnahagslegt undur hvað þetta varðar þegar við miðum okkur við stórar og millistórar þjóðir,“ segir Geir og hlær við, en þó A-landsliðið fái mest þá skapar það líka mestu tekjurnar.

„Þetta er liðið sem dregur vagninn,“ segir formaðurinn. „Svona 99 prósent af öllum tekjum koma í gegnum A-landsliðið og styrki frá UEFA. Þetta er það sem heldur uppi starfseminni.“ - tom



**GEIR VILL MEIR** Formaðurinn býður sig aftur fram á ársþinginu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# TILNEFND TIL 8 ÓSKARSVERÐLAUNA

## M.A. BESTA MYNDIN – BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
## BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI – BESTI LEIKSTJÓRI




BASED ON THE INCREDIBLE TRUE STORY OF ALAN TURING

BENEDICT CUMBERBATCH

KEIRA KNIGHTLEY

# THE IMITATION GAME

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL · SAMbio.is · KEFLAVÍK SAMBÍÓIN · AKUREYRI SAMBÍÓIN · KRINGLAN SAMBÍÓIN · ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN

# DAGSKRÁ

## STÖÐ 2 kl. 18.54
### Ísland í dag



Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.

## Í KVÖLD



### Eldhúsið hans Eyþórs

**STÖÐ 2 KL. 20.10** Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarsson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu á sinn einstaka hátt. Í hverjum þætti af Eldhúsinu hans Eyþórs tekur hann fyrir vinsæl hráefni og töfrar fram úr þeim dýrindismáltíðir sem allir geta leikið eftir.



### Restaurant Startup

**STÖÐ 2 KL. 20.35** Skemmtilegur og spennandi raunveruleikaþáttur í umsjón hins harða og eitursvala Joe Bastianich og veitingahúsaeigandans Tim Love. Í hverjum þætti velja þeir á milli tveggja hópa þátttakenda.



### American Idol

**STÖÐ 3 KL. 20.00** Fjórtánda röð þessa vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Draumasveitin frá því í fyrra situr enn í hásætinu en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.

## Bylgjan kl. 19.15
### 90's þátturinn



Þórunn Erna spilar fyrir þig bestu lögin frá 1990-1999.


HIN FAGRA OG FORNA
ALBANÍA
Páskaferð 28. mars - 8. apríl

Landið sem var lokað svo lengi hefur nú opnast fyrir erlendum ferðamönnum. Enn hefur alþjóðavæðingin ekki enn náð að festa þar rætur og er lítt sjáanleg. Þar má sjá ævaforna menningu, söguna á hverju horni, gríðarfallega náttúru og fagrar strendur og kynnast einstakri gestrisni heimamanna þar sem gömul gildi eru í hávegum höfð.

**Verð 336.950 kr. á mann í 2ja manna herbergi**

Innifalið: Flug, hótel í London, hótel með hálfu fæði í Albaníu, öll keyrsla í Albaníu, allar skoðunarferðir, ísl. fararstjóri, skattar og aðgangur þar sem við á.



Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** iCarly
**08.05** Masterchef USA
**08.50** The Wonder Years
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Make Me a Millionaire Inventor
**11.45** Cougar Town
**12.05** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** Rain man
**15.10** The O.C.
**15.55** Impractical Jokers
**16.20** iCarly
**16.45** The New Normal
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.45** Marry Me
**20.10** Eldhúsið hans Eyþórs
**20.35** Restaurant Startup
**21.20** The Mentalist
**22.05** The Blacklist
**22.50** Person of Interest
**23.35** Rizzoli & Isles
**00.20** Broadchurch
**01.10** Banshee
**02.00** NCIS. New Orleans
**02.45** Louie
**03.05** Made in Dagenham
**04.55** Fóstbræður
**05.20** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Melsungen - Kiel
**13.20** Oklahoma - LA Clippers
**15.00** Bballography. Cousy
**15.25** Real Sociedad - Celta
**17.10** Spænsku mörkin 14/15
**17.40** Melsungen - Kiel
**19.00** Gæðingafimi Bein útsending
**22.30** World's Strongest Man 2014
**23.25** Haukar - Stjarnan

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Man. Utd. - Burnley
**11.10** Football League Show
**11.40** Liverpool - Tottenham
**13.20** WBA - Swansea
**15.00** Southampton - West Ham
**16.40** Crystal Palace - Newcastle
**18.20** Man. Utd. - Burnley
**20.00** Premier League World
**20.30** Premier League Review 2014/2015
**21.25** Stoke - Man. City
**23.05** Chelsea - Everton

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**19.15** Community 3
**19.35** Last Man Standing
**20.00** American Idol
**20.45** Hot in Cleveland
**21.10** Supernatural
**21.55** True Blood
**22.50** Constantine
**00.15** Community 3
**00.40** Last Man Standing
**01.00** American Idol
**01.45** Hot in Cleveland
**02.05** Supernatural
**02.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Ljóti andarunginn og ég **07.47** Tommi og Jenni **07.53** Mamma Mu **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Rasmus Klumpur og félagar **08.50** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Hvellur keppnisbíll **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Lína Langsokkur **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Strumparnir **11.25** Ljóti andarunginn og ég **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Mamma Mu **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Rasmus Klumpur og félagar **12.50** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Hvellur keppnisbíll **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Lína Langsokkur **14.47** Ævintýraferðin**15.00** Strumparnir **15.25** Ljóti andarunginn og ég **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Mamma Mu **16.00** Könnuðurinn **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Rasmus Klumpur og félagar **16.50** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Hvellur keppnisbíll **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Lína Langsokkur **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Epic **20.40** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.15** Friends
**18.40** New Girl
**19.05** Modern Family
**19.25** Two and a Half Men
**19.50** 1600 Penn
**20.15** Ally McBeal
**21.00** The Following
**21.45** Vice
**22.15** It's Always Sunny in Philadelphia
**22.35** Prime Suspect 3
**00.20** 1600 Penn
**00.45** Ally McBeal
**01.25** The Following
**02.10** Vice

## BÍÓSTÖÐIN

**10.50** Clear History
**12.30** The Extra Man
**14.15** In Her Shoes
**16.25** Clear History
**18.05** The Extra Man
**19.50** In Her Shoes
**22.00** Nine Miles Down
**23.30** The Counselor
**01.25** Killing Them Softly
**03.05** Nine Miles Down

## RÚV

**16.30** Berlínarsaga
**17.20** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.07** Nína Pataló
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Dýralæknaskólinn
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**19.55** Söngvakeppnin 2015 - Lögin í úrslitum
**20.00** Ferð til fjár
**20.30** Doll og Em
**20.50** Handboltalið Íslands *(karlalið Víkings 1980)*
**21.10** Fortitude
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Erfingjarnir
**00.05** Kastljós
**00.25** Fréttir
**00.40** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**13.55** Cheers
**14.20** Benched
**14.40** Top Chef
**15.30** Last Chance to Live
**16.15** Vexed
**17.15** Svali & Svavar
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.10** The Biggest Loser - Ísland
**21.20** Scandal Fjórða þáttaröðin af Scandal er byrjuð með Olivia Pope *(Kerry Washington)* í fararbroddi. Scandal-þáttaraðirnar eru byggðar á starfi hinnar bandarísku Judy Smith, almannatengslaráðgjafa, sem starfaði meðal annars fyrir Monicu Lewinsky en hún leggur allt í sölurnar til að vernda og fegra ímynd háttsettarinnar í Washington. Vandaðir þættir um spillingu og yfirhylmingu á æðstu stöðum.
**22.05** How to Get Away with Murder
**22.50** The Tonight Show
**23.35** Law & Order
**00.20** The Affair
**01.10** The Walking Dead
**02.00** Scandal
**02.45** How to Get Away with Murder
**03.30** The Tonight Show
**04.15** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**13.00** Golfing World 2015
**13.50** Feherty
**14.35** PGA Tour 2015
**19.35** Inside the PGA Tour 2015
**20.00** PGA Tour 2015
**23.00** Inside the PGA Tour 2015

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# LÆGRA VERÐ

## NÝJAR SENDINGAR AF FLÍSUM OG PARKETI ÁN VÖRUGJALDA



NÝ VARA

**4.295** kr./m²
Vnr. 18087025
BRISTOL Marquina veggflísar, 33x33 cm.



FROSTÞOLNAR

Verð áður 4.935 kr./m².
**4.365** kr./m²
Vnr. 18080030
ANGEL Grey gólfflísar, viðarútlit, 15x60 cm.



FALLEG UTANHÚSS KLÆÐNING

NÝ VARA

FROSTÞOLNAR

**5.995** kr./m²
Vnr. 18087015
DELHI Gris veggflísar, 31x56 cm.



NÝ VARA

Vnr. 18087010
KUBIC Blanco veggflísar,
frostþolnar, 31x56 cm.
**5.995** kr./m²



NÝ VARA

Vnr. 18087020
BRISTOL Blanco veggflísar,
33x33 cm.
**4.295** kr./m²



FRÁBÆRT VERÐ

NÝ VARA

Vnr. 18088000/5
BRILLO Blanco eða Negro,
7,5x15 cm.
**3.995** kr./m²



NÝ VARA

Vnr. 18080040/5
Gólfflísar með viðaráferð,
Natur eða Aurora, frostþolnar, 15x90 cm.
**5.295** kr./m²



OFURTILBOÐ

-32%

Vnr. 18086000
CEDIR SOUND gólf- og veggflísar,
frostþolnar, 30x60 cm.
**3.995** kr./m²
Almennt verð 5.923 kr./m2



OFURTILBOÐ

Vnr. 18049040
DOLOMITI gólfflísar, ljósbeige,
frostþolnar, 40x40 cm.
**2.995** kr./m²



OFURTILBOÐ

-22%

Vnr. 17900140
Gólfflísar,
frostþolnar, 60x30 cm.
**3.395** kr./m²
Almennt verð 4.342 kr./m2

Tilboðin gilda til 22. febrúar



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

**BÍÓMYNDIN**



**„Nýja myndin sem ég leik í, Webcam. Svona mynd hefur aldrei áður sést á Íslandi og hún mun án efa brjóta blað í íslenskri kvikmyndagerð.“**

Júlí Heiðar Halldórsson, leikari, söngvari og verðandi leiklistarnemi.

# Góðgæti úr Vestmannaeyjum til Þýskalands

Metsölubókin Heilsuréttir fjölskyldunnar er komin út í þýskri þýðingu á vegum marsipanframleiðanda.

Heilsuréttir fjölskyldunnar eftir Berglindi Sigmarsdóttur er nú komin út í þýskri þýðingu. „Við erum virkilega ánægð með að bókin sé komin út í Þýskalandi“ segir Berglind.

Bókaútgáfan heitir Neuer Umschau Buchverlag, sem er jafnframt einn stærsti marsipanframleiðandi Þýskalands.

„Hugmyndin að þýskri útgáfu kviknaði í framhaldi mikils ferðamannastraums á veitingastaðinn okkar Gott í Vestmannaeyjum þar sem Þjóðverjar voru stór hópur,“ segir Berglind og bætir við að Þjóðverjar séu býsna áhugasamir um heilnæma matargerð. Hún gefur lítið fyrir frekari útrás þar sem hún hefur mörgum hnöppum að hneppa með fjögur börn, bækur og veitingastað á hraðri uppleið, en hún rekur Gott ásamt manni sínum Sigurði Gíslasyni matreiðslumeistara.

Jónas Sigurgeirsson hjá Bókafélaginu, sem gaf Heilsurétti fjölskyldunnar út hérlendis, er að vonum ánægður með samninginn. „Í raun eru þetta mjög jákvæðar fréttir fyrir íslenska matarmenningu og þjóðina almennt,“ segir hann en nokkuð óvenjulegt þykir að íslenskar matreiðslubækur fái brautargengi á þýskri grund. **- ga**

**5** Heilsuréttir fjölskyldunnar hefur fimm sinnum farið í endurprentun hérlendis.



**STOLT** Heilsuréttir fjölskyldunnar eftir Berglindi Sigmarsdóttur er komin út á þýsku. MYND/LIND HRAFNSDÓTTIR


Upplifðu tilfinninguna að svífa í þyngdarleysi

**Komdu til okkar í Betra Bak og upplifðu óviðjafnanlega hvíldartilfinningu.** Hið einstaka TEMPUR® efni í heilsudýnum og koddum aðlagast líkama þínum og gefur þér þá tilfinningu að þér finnst þú svífa.




Hafðu það stillanlegt og þægilegt!
Eitt mest úrval landsins af stillanlegum heilsurúmum.







www.betrabak.is

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ELDHRESS** Lárus er enn nokkuð hress þrátt fyrir háan aldur og segist ganga í Kringluna ef hann þarf að kaupa í matinn.

# Seldi bílinn 100 ára og keypti sér skutlu

Lárus Sigfússon, fyrrverandi ráðherrabílstjóri, fagnaði 100 ára afmæli sínu á dögunum. Þrátt fyrir háan aldur hætti hann ekki að keyra fyrr en í nóvember.

Lárus Sigfússon, fyrrverandi ráðherrabílstjóri, fagnaði 100 ára afmæli sínu þann 5. febrúar. Hann starfaði sem ráðherrabílstjóri í alls tuttugu og eitt ár, lengst af fyrir Steingrím Hermannsson. Lárus hætti alfarið að keyra í nóvember í fyrra, rétt fyrir aldarafmælið, og fékk sér rafmagnsskutlu sem hann hyggst keyra þegar snjóa leysir. „Hún jafnast nú ekkert á við bílinn,“ segir Lárus hress, en síðasti bíll sem hann átti var Hyundai Galloper. Lárus hefur átt mikinn fjölda bifreiða yfir ævina, en auk þess að keyra ráðherrabifreiðar var Lárus leigubílstjóri lengi vel. „Ég fékk þær upplýsingar frá tryggingafélaginu mínu um daginn að ég hef átt hátt í tvö hundruð bíla á áttatíu árum og þann fyrsta tryggði ég hjá Samvinnutryggingum,“ segir hann.

Fyrsta bílinn eignaðist Lárus árið 1933 en það var Ford-vörubíll. Bíllinn var notaður til að flytja steypuefni þegar Lárus vann að stækkun Reykjaskóla í Hrútafirði. „Mér leist svo vel á bílinn að ég ákvað bara að kaupa hann,“ segir hann.

Lárus hætti að keyra fyrir ráðuneytin 73 ára og síðustu árin vann hann skrifstofustarf í ráðuneytinu. „Ég var að ljósrita og raða skjölum fyrir næsta ríkisstjórnarfund, það mátti aldrei neitt vanta á fundina.“

Aðspurður hvort eitthvert atvik standi upp úr í starfi hans sem ráðherrabílstjóri segist hann ekki muna eftir neinu einu. „Þetta var bara mjög skemmtilegt starf og allt indælismenn, hver öðrum betri að vinna með. Oft var ég nú beðinn um að keyra aðra ráðherra þegar ekki var annar bílstjóri við höndina. Þetta var bara eins og eitt heimili og allir hjálpuðust að,“ bætir hann við.

Lárus segir ráðherrabílana hafa verið marga og mismunandi. „Ég man nú ekki allar tegundirnar, sumir voru á jeppum og aðrir fólksbílum. En ég hef alltaf verið hrifinn af Chevrolet,“ segir hann og hlær.

**adda@frettabladid.is**

**„Ég fékk þær upplýsingar frá tryggingafélaginu mínu um daginn að ég hef átt hátt í tvö hundruð bíla á áttatíu árum.**



**VIRÐINGARVOTTUR** Guðni Ágústsson afhendir Lárusi ostakörfu í tilefni afmælisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Forseti og ráðherrar sem Lárus ók fyrir

- Kristján Eldjárn forseti
- Halldór Sigurðsson
- Steingrímur Hermannsson
- Kjartan Jóhannsson
- Einar Ágústsson
- Sverrir Hermannsson
- Þorsteinn Pálsson

## → Nokkrir af ráðherrabílunum sem Lárus ók

- Chevrolet Malibu
- Chevrolet Impala
- Mercedes Benz módel ’60




## LÁGT VERÐ



**5 DYRA FRÁ EINUNGIS 1.950.000 KR.**
Veglegur staðalbúnaðar: meðal annars LED ljós í framstuðara, spólvörn, stöðugleikastýring, loftkæling og brekkuaðstoð sem heldur við þegar tekið er af stað í halla.

## SÍTENGDUR



**7" SPEGLA-SNERTISKJÁR**
Speglaðu snjallsímann þinn yfir á 7" spegla-snertiskjá og fáðu beinan aðgang að öllu sem er í símanum þínum hvort sem er forrit, GPS, tónlist, hlaðvarp eða tengiliðir.

## SPARNEYTINN



**LÁGUR REKSTRARKOSTNAÐUR**
Sparneytnar og áreiðanlegar bensínvélar sem skila í senn snörpum og þægilegum akstri. C1 fær fritt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mín. í senn.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Ný og glæsileg heimasíða

Skoðaðu citroen.is

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Framkomubanninu aflétt

„Þetta svokallaða framkomubann hefur verið við lýði alla tíð en nú erum við komin með nýjar reglur þannig að þú mátt flytja lagið opinberlega eftir að RÚV hefur frumflutt lögin hjá sér," segir **Hera Ólafsdóttir,** framkvæmdastjóri Söngvakeppni sjónvarpsins. Skiptar skoðanir hafa verið á því uppátæki Friðriks Dórs að fara í grunnskóla landsins og flytja þar tónlist sína. Framkomubannið kvað á um að listamenn máttu ekki flytja lagið á opinberum vettvangi fyrir úrslitakvöldið í keppninni „Þetta er ákveðin tilraun og stækkar keppnina. Fólk hefur nýtt sér þetta á mismunandi hátt." Hera fagnar því að Friðrik Dór og aðrir keppendur nýti sér breytingarnar og skuli fara og flytja sína tónlist. „Þetta er þeirra leið til þess að kynna sitt lag og fagna ég því." - glp



### Gussi gekk rauða dregilinn í Berlín

Íslenskir kvikmyndagerðarmenn flykktust til Berlín í vikunni. Tilefnið var allra helst frumsýning á kvikmynd Dags Kára Péturssonar, Virgin Mountain, á einni virtustu kvikmyndahátíð heims, Berlínarhátíðinni. Aðalleikarinn, **Gussi,** gekk rauða dregilinn og var fínn í tauinu. Sportaði gulu ferköntuðu bindi sem náði niður fyrir buxnastrenginn. „Ég held að þetta sé í eina skiptið sem ég hef verið tekinn á teppið, og ekki verið hundskammaður," segir Gussi um upplifun sína. Myndin verður frumsýnd á Íslandi þann 20. mars næstkomandi og ber titilinn Fúsi á íslensku. Hún hefur nú þegar verið seld til fjölda landa, Brasilíu, Benelúx-landanna, Kólumbíu og Noregs auk Þýskalands og Austurríkis. - KBG



## Mest lesið VÍSIR

1. Ofsóttir hundaeigendur hafa fengið nóg
2. „Þeim er sama þó þeim sé nauðgað í vegkantinum"
3. Bréf Kaylu Jean Mueller til fjölskyldu sinnar: „Ekki hafa áhyggjur af mér"
4. Myndband úr Borgartúni: Mögnuð veðrabrigði á þrettán mínútum
5. Fær frítt húsnæði í Skagafirði
6. Túristar sem virtu ekki lokanir látnir bíða til morguns


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



